ERNA HRÖNN ÓLAFSDÓTTIR

Tekur ekki ofan húfuna

Tíska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

Fjölbreytt úrval námskeiða á vorönn 2008

Sérblað um skóla og námskeið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. janúar 2008 — 9. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Vonar að sem flestir verði með

Hafnarfjarðarkaupstaður er 100 ára á árinu.

TÍMAMÓT 30

Tommy vill kampavín

Eðalvagn, forsetasvíta og kampavín er á meðal þess sem Tommy Lee fer fram á fyrir heimsókn sína.

FÓLK 50

Nýr eigandi að Óliver

Baldvin Samúelsson hefur keypt skemmtistaðinn Óliver af Ragnari Magnússyni.

FÓLK 40

Tvö laus sæti

Þrír leikmenn munu berjast um síðustu tvö sætin í EM-hópi Alfreðs Gíslasonar.

ÍÞRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMULÍTIÐ - Í dag verður yfirleitt fremur hæg austlæg átt. Skýjað og úrkomulítið en þó hætt við stöku skúrum eða éljum úti við suður- og austurströndina. Hiti nálægt frostmarki en heldur mildara með suðurströndinni.

VEÐUR 4

Þrír af fjórum vilja ný hús

41,5 prósent Reykvíkinga vilja að byggt verði á lóðum Laugavegs 4 og 6 samkvæmt nýjum teikningum. 30,9 prósent vilja að byggt verði samkvæmt núverandi teikningum. 27,6 prósent vilja að húsin verði friðuð.

SKOÐANAKÖNNUN 27,6 prósent Reykvíkinga vilja að húsin sem standa við Laugaveg 4 og 6 verði friðuð. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Húsafriðunarnefnd ákvað á fundi sínum á þriðjudag að leggja það til við menntamálaráðherra að þessi tvö hús verði friðuð. Kaupangur, eignarhaldsfélagið sem á húsin, vill hins vegar rífa húsin sem þar standa og reisa í staðinn fjögurra hæða hótel og verslunarhús. Hefja átti niðurrif í síðustu viku.

Aðeins fleiri vilja að byggt verði samkvæmt núverandi teikningum en friða húsin, eða 30,9 prósent. Ekki er þó munurinn marktækur milli þessara tveggja hópa.

Flestir, eða 41,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku, vilja að reistar verði nýjar byggingar á lóðum Laugavegs 4 og 6, sem taki frekar mið af núverandi götumynd.

Konur eru frekar fylgjandi friðun húsanna en karlar. 31,5 prósent kvenna vilja að þau verði friðuð, en 23,8 prósent karla.

Ef litið er til stuðnings við stjórnmálaflokka er það stuðningsfólk Sjálfstæðisflokksins og Frjálslynda flokksins sem síst vilja að húsin verði friðuð; um fjórtán prósent sjálfstæðisfólks og átján prósent frjálslyndra. Mestur stuðningur við friðun er meðal Vinstri grænna, um 45 prósent.

Hringt var í 600 Reykvíkinga miðvikudaginn 9. janúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Svarendur voru valdir af handahófi úr þjóðskrá. 79,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Spurt var; Hvað telur þú að eigi að gera við húsin að Laugavegi 4 og 6? Svarmöguleikar sem gefnir voru upp voru; a) friða húsin, b) byggja samkvæmt núverandi teikningum, c) byggja samkvæmt nýjum teikningum sem taka betur mið af núverandi götumynd. - ss

HVAÐ Á AÐ GERA VIÐ HÚSIN AÐ LAUGAVEGI 4 OG 6?



Skv. könnun Fréttablaðsins 9. janúar 2008

MARKAÐIR AÐ LOKA Í GÆR Verðbréfamiðlarar í Kauphingi rýna í tölurnar við lokun markaða síðdegis í gær. Markaðsaðstæður eru bágar víða um heim vegna lausafjárkreppu í kjölfar vandræða með skuldavafninga tengdum undirmálslánum í Bandaríkjunum. Hér hafa félög lækkað skarpt síðustu vikur og hefur Úrvalsvísitalan ekki verið lægri síðan í ágúst 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vond stemning á markaði og lítið sjálfstraust fjárfesta skýrir lækkun síðustu daga:

Svartir dagar í Kauphöll Íslands

VIÐSKIPTI „Stemning á hlutabréfamarkaði stýrir miklu um ákvarðanir fólks," segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kauphallarinnar og annars staðar. „Ég man ekki eftir að hafa áður séð svona mikla lækkun í upphafi árs," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur ekki verið lægri síðan um miðjan ágúst 2006 og hefur lækkað um 13,44 prósent þessa fimm viðskiptadaga sem að baki eru á nýja árinu. Lækkun hér er í samræmi við lækkanir annars staðar í heiminum, en áhrifin heldur meiri þar sem fjármálafyrirtæki hafa hér meira vægi í Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar en annars staðar. „Ég man ekki eftir að hafa áður séð svona mikla lækkun í upphafi árs," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Hlutabréfamarkaðir víða um heim hafa lækkað frá miðju síðasta ári eftir að vanskil jukust á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum. Í kjölfarið hefur álag aukist á lánsfé og torveldað fjármögnun starfsemi fjármálafyrirtækja.

Fjármálasérfræðingar bæði hér og erlendis telja líkur á að seðlabankar víða um heim muni bregðast við ástandinu með lækkun stýrivaxta fyrr en reiknað var með. Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík, segir að við það myndist svigrúm til lækkunar stýrivaxta hér án þess að dragi úr vaxtamun við útlönd. „Vaxtamunurinn hefur verið þýðingarmikið tæki til að styðja við gengi krónunnar og aftra því að hér myndist skriða verðhækkana vegna lækkandi gengis," segir hann. - jab/óká / Sjá síður 4 og 22

Listaverkagjöf afturkölluð:

Enginn áhugi á áður óþekktum Þorvaldsverkum

LISTASAGA Jónas Freydal hefur dregið til baka 30 listaverk sem hann hugðist gefa Listasafni Háskóla Íslands. Kennir hann þar um algeru áhugaleysi af hálfu safnsins sem hefur ekki svarað erindi hans. Jónas fann nýverið 121 áður óþekkt verk eftir Þorvald Skúlason í Frakklandi, og þar með í raun týndan kafla í listasögunni. Í bréfi Auðar Ólafsdóttur safnstjóra kemur fram að stjórn safnsins ætli að taka „veglegt gjafatilboð" hans til umfjöllunar en þar virðist málið hafa steytt á steini og Jónas ekkert heyrt.

JÓNAS FREYDAL

Jónas reyndar furðar sig á almennu áhugaleysi hvað listaverkafundinn varðar og telur þjóðina og Þorvald látin gjalda fyrir ávirðingar í sinn garð þrátt fyrir sýknudóm í stóra málverkafölsunarmálinu. - jbg /sjá síðu 50

Mikilvægasta máltíð ársins

SPURNING DAGSINS

Þórður, er þetta kannski engin úrvals vísitala?

„Úrvalið felst ekki í stundarmati heldur frammistöðu til langs tíma. Fáar hlutabréfavísitölur í heiminum hafa staðið sig betur á síðustu fimm árum eða svo."

Úrvalsvísitala hlutabréfa í Kauphöll Íslands hefur hríðfallið að undanförnu. Þórður Friðjónsson er forstjóri Kauphallarinnar.

George W. Bush Bandaríkjaforseti heimsækir Ísrael í fyrsta sinn á forsetatíð sinni:

Sögulegt tækifæri segir Bush

JERÚSALEM, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti hóf í gær átta daga ferð sína um Mið-Austurlönd þar sem markmiðið er að liðka fyrir friðarviðræðum milli Ísraels og Palestínu. Sagði hann þetta „sögulega stund, sögulegt tækifæri" en bætti við að hann væri raunsær og gerði sér grein fyrir að erfið vinna væri framundan.

Lítið hefur þokast í viðræðunum frá ráðstefnunni í Annapolis í Bandaríkjunum í nóvember þar sem friðarviðræður hófust á ný eftir sjö ára hlé. Eftir fund með forsætisráðherra Ísraels, í gær sagðist Bush tilbúinn til að beita þrýstingi væri þess þörf.

MÓTMÆLI GEGN BUSH Stuðningsmenn Hamas mótmæltu komu Bush í Gaza-borg í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Þrír Palestínumenn fórust í flugskeytaárás Ísraelshers á Gaza í gær. Árásin var sögð svar við flugskeytum sem skotið var frá Gaza á ísraelsku borgina Sderot. Olmert sagði í gær að það yrði „enginn friður" yrði árásum ekki hætt frá öllum svæðum Palestínu, þar á meðal Gaza sem er undir stjórn Hamas-samtakanna. Olmert talaði þó af bjartsýni um vilja beggja til að vinna að lausn sem feli í sér tvö ríki Ísraels og Palestínu.

Bush ver fyrstu þremur dögum ferðar sinnar í Jerúsalem og hittir í dag Mahmoud Abbas, forseta Palestínu. **- sdg**

MIKILL VIÐBÚNAÐUR

Pálína Ásgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Alþjóðaráði Rauða krossins í Jerúsalem, segir fólk hætt að kippa sér upp við að erfitt sé að komast um þegar háttsett fólk heimsækir Jerúsalem. „Það er sagt frá þessu í fjölmiðlum og fólk býr sig bara undir það. Ég heyrði í fréttum áðan að sumir verslunareigendur í nágrenni hótels Bush ætli að loka meðan á heimsókninni stendur þar sem tilkynnt hefur verið að á sumum svæðum verði jafnvel gangandi vegfarendur stoppaðir."

Ástralskur svikahrappur:

Bjó í þrjú ár á sjúkrahúsum

ÁSTRALÍA 59 ára gamall ástralskur svikahrappur bjó í þrjú ár á áströlskum sjúkrahúsum án þess að kenna sér meins. Honum tókst að gabba starfsmenn 93 heilsugæslustöðva til að leggja sig inn.

Upp komst um tilgerðina þegar maðurinn sagðist þjást af svima eftir mótorhjólaslys. Þegar læknar skoðuðu hann fundu þeir enga líkamlega áverka á honum eftir slysið. Þetta vakti grunsemdir og þeir spurðust fyrir á öðrum sjúkrahúsum.

Maðurinn var ákærður fyrir að svíkja út mat og gistingu á kostnað skattborgara. Hann játaði á sig verknaðinn og er málið nú fyrir dómstólum í Ástralíu. **- sgj**

Lars Christiansen:

Ísland liður í lækkunarkeðju

VIÐSKIPTI „Íslenski markaðurinn sveiflast niður á við í takt við þróun á alþjóðamörkuðum og er liður í lækkunarkeðju," sagði Lars Christiansen, hagfræðingur hjá Danske Bank, í samtali við Fréttablaðið í gær.

LARS CHRISTIANSEN

Hann segir mikla skuldsetningu íslenskra fyrirtækja geta valdið meiri vandræðum í niðursveiflunni sem nú gengur yfir. „Ég hef bent á eignatengsl íslenskra fyrirtækja og einnig mikla skuldsetningu þeirra. Ég tel þessi atriði geta haft áhrif til hins verra í því umhverfi sem nú er á alþjóðamörkuðum þar sem miklar lækkanir eiga sér stað. Þó tel ég að reynsla stjórnenda íslenskra fyrirtækja frá fyrri lækkunarferlum geti skipt sköpum. Það verður að halda vel á spilunum," sagði Lars Christiansen. **- mh**

Byggja móttökuhús fyrir Laxnesssafnið

Forsætisráðuneytið hefur keypt spildu undir nýtt móttökuhús fyrir safn Halldórs Laxness á Gljúfrasteini og vill samstarf við Mosfellsbæ um uppbygginguna. Áætlaður kostnaður er 182 milljónir króna. Húsið verður handan Köldukvíslar.

SÖFN Forsætisráðuneytið segir tímabært að huga að byggingu sérstaks móttökuhúss og gerð bílastæðis við Laxnesssafnið á Gljúfrasteini.

Árið 2002, á einnar aldar ártíð Halldórs Laxness, samdi forsætisráðuneytið við Auði Laxness, ekkju Nóbelskáldsins, um kaup á íbúðarhúsi þeirra á Gljúfrasteini. Húsið var síðan endurnýjað og þar opnað safn helgað minningu skáldsins í september 2004.

Í bréfi Geirs Haarde forsætisráðherra til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er minnt á samning sem þáverandi menntamálaráðherra hafi gert við bæjaryfirvöld á árinu 2002 um stofnun sérstaks Laxnesssseturs. Segir hann það vera ríkjandi sjónarmið að fræðasetrið eigi best heima á Gljúfrasteini í tengslum við safnið.

Forsætisráðherra segir brýnt að bæta aðgengi gesta að Laxnesssafninu. Bílskúrinn sé notaður sem móttökuhús og bílastæði hafi verið af mjög skornum skammti. Árangurslaust hafi verið reynt að kaupa íbúðarhúsið Jónstótt, sem stendur neðan við Gljúfrastein, til að nota sem móttökuhús. Nú sé verið að ganga frá kaupum á tveggja hektara lóð úr landi Hraðastaða til þess að hægt sé að byggja nýtt hús.

Kaupverðið á nýju lóðinni er 22 milljónir króna. Þess utan er áætlað að bygging hússins kosti 150 milljónir króna og hönnun þess 10 milljónir. Samtals er því um að ræða 182 milljónir fyrir lóð og hús sem bæði er ætlað að þjóna sem móttökuhús fyrir safnið og sem Laxnesssetur. Það á að rísa gegnt Gljúfrasteini en handan Köldukvíslar. Göngubrú verður síðan líklegast yfir í garð safnsins.

GLJÚFRASTEINN Safn til minningar um Nóbelsskáldið hefur verið starfrækt í rúm þrjú ár. Nýtt móttökuhús verður gegnt Gljúfrasteini, handan Köldukvíslar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Gljúfrasteinn er auðvitað bara íbúðarhús og það er mjög mikil þörf fyrir þetta nýja móttökuhús," segir Guðný Dóra Gestsdóttir, forstöðumaður Gljúfrasteins, sem kveður um 25 þúsund manns hafa heimsótt Gljúfrastein frá því safnið var opnað.

Ósk forsætisráðuneytisins um að bæjarfélagið komi að undirbúningi og byggingu nýja hússins er á dagskrá bæjarráðs Mosfellsbæjar í dag.

„Það er afskaplega gott mál hvernig staðið hefur verið að þessu safni og hvernig fjölskyldan hefur komið að því í gegnum sína gjöf. Við munum að sjálfsögðu koma að þessari uppbyggingu með einum eða öðrum hætti," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

gar@frettabladid.is

HJÓNIN Á GLJÚFRASTEINI Auður og Halldór Laxness.

GUÐNÝ DÓRA GESTSDÓTTIR Forstöðumaður Gljúfrasteins.

KRISTBJÖRG STEPHENSEN Vísar í lög um húsafriðun.

Deilan um Laugaveg 4-6:

Borgin telur ríkið bótaskylt

DÓMSMÁL Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður telur ríkissjóð en ekki Reykjavíkurborg bótaskylt gagnvart eigendum Laugavegar 4-6 verði húsin þar friðuð að tillögu Húsafriðunarnefndar.

„Við höfum ekki skoðað þetta mál ítarlega en bendi á að í lögum um húsafriðun er kveðið á um bótaskyldu ríkisins í þeim tilfellum að einstaklingar verða fyrir tjóni vegna ákvarðana Húsafriðunarnefndar. En það hefur þó aldrei reynt á þetta," segir borgarlögmaður.

Eigendur Laugavegar 4-6 boða skaðabótakröfu upp á hundruð milljónir króna. Kunnugir segja það munu geta numið 600

SKAGAFJÖRÐUR

Nýjungar í atvinnulífi

Atvinnumálanefnd Skagfjarðar hefur samþykkt að taka þátt í undirbúningi að stofnun félags um sameindarækt-un. Þá hefur nefndin rætt næstu skref varðandi uppbyggingu koltrefjaverksmiðju í Skagafirði.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Árekstur á Höfn

Tveir bílar rákust saman á mótum Hafnarbrautar og Kirkjubrautar á Höfn í Hornafirði klukkan tvö í gær. Engin slys urðu á fólki en bílarnir skemmdust nokkuð. Hálka er talin ástæða árekstursins.

Maður á níræðisaldri slasaðist alvarlega eftir að aka jepplingi í veg fyrir vörubíl:

Á gjörgæslu með höfuðáverka

SLYS Maður á níræðisaldri liggur alvarlega slasaður á Landspítalanum eftir bílveltu í Húnavatnssýslu í gær.

Að sögn lögreglunnar á Blönduósi varð slysið á þriðja tímanum þegar maðurinn ók jepplingi sínum frá bænum Svertingsstöðum inn á þjóðveginn og beygði í norðurátt. Vörubíll sem kom úr suðurátt lenti þá aftan á jepplingnum þannig að hann kastaðist út í móa og valt.

Ökumaður vörubílsins og annar maður sem kom að slysinu gerðu lögreglu viðvart og hlúðu að gamla manninum sem hafði slasast alvarlega á höfði og var meðvitundarlaus. Kallað var eftir þyrlu Landhelgisgæslunnar norður til að flytja manninn á sjúkrahús í Reykjavík.

Að sögn læknis á Landspítalanum í Fossvogi í gærkvöldi var manninum haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild og líðan hans eftir atvikum.

Mjög mikil hálka var í gær þar sem slysið varð. Ökumaður jepplingsins var gestkomandi á Svertingstöðum.

- gar

FLUTTUR SUÐUR Flogið var með mann á níræðisaldri að Landspítalanum í Fossvogi eftir bílveltu á Hrútafjarðarhálsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

FRÉTT ÁRSINS!

35.695 Íslendingar fengu góðar fréttir á síðasta ári, þegar þeim var tjáð að þeir hefðu fengið vinning í Happdrætti Háskólans. Verður árið í ár gott fréttaár hjá þér?

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsaðila

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

GENGIÐ 09.01.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,77	63,07
Sterlingspund	123,28	123,88
Evra	92,31	92,83
Dönsk króna	12,393	12,465
Norsk króna	11,707	11,775
Sænsk króna	9,817	9,875
Japanskt jen	0,5723	0,5757
SDR	99,14	99,74

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,6664
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forstjóri Kauphallar Íslands segir byrjun ársins þá verstu í hlutabréfaviðskiptum:

Kuldalegt en glittir í betri tíð

VIÐSKIPTI „Þetta er kuldaleg byrjun á árinu," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri íslensku Kauphallarinnar, um mikla lækkun á gengi hlutabréfa að undanförnu.

„Ég man ekki eftir því að hafa séð svona mikla lækkun í upphafi árs, að minnsta kosti ekki frá því ég kom til Kauphallarinnar árið 2002. En þótt það sé einna mest lækkun hjá okkur þá verður jafnframt að hafa í huga að hlutabréfamarkaðir eiga víðast hvar í heiminum undir högg að sækja um þessar mundir," segir Þórður og minnir á að hlutabréfavísitalan á Íslandi hafi á síðustu fimm árum eða svo hækkað langt um meira en sambærilegar vísitölur í Bandaríkjunum og Evrópu.

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON Forstjóri Kauphallarinnar býst við hremmingum á Íslandi á meðan alþjóðlegir fjármálamarkaðir jafna sig
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þórður segir aðstæður á markaði nú vera þannig að búast megi við stimpingum þar til sér fyrir endann á þeim hremmingum sem séu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

„Það glittir ábyggilega í betri tíð við sjónarrönd en það er ekki gott að segja hvar sjónarröndin er," segir forstjórinn og rifjar upp að gengi hlutabréfa í Kauphöllinni hafi áður lækkað hratt.

„Síðasta lækkunarhrina var í febrúar og mars 2006. Markaðurinn jafnaði sig þá tiltölulega fljótt og undir lok árs var hann að fullu búinn að rétta úr sér og gott betur," segir Þórður Friðjónsson. - gar

Kærð einingaverksmiðja:

Sækir um leyfi fyrir steypistöð

LÖGREGLUMÁL Einingaverksmiðjan Borg, sem Kópavogsbær hefur kært til lögreglu fyrir að reka steypistöð í óleyfi á Kársnesi, óskar nú eftir því við bæjaryfirvöld að fá leyfi til rekstrarins.

Borg hefur haft leyfi til að reka einingaverksmiðju en ágreiningur er um hvort það leyfi nái einnig til að framleiða og selja steypu. Nágrannar hafa kvartað undan steypistöðinni og bæjaryfirvöld segja Borg hafa unnið skemmdarverk á eigum bæjarins utan við lóðina í Kársnesi. Afgreiðslu leyfisumsóknarinnar var frestað á síðasta fundi byggingarnefndar. - gar

Heimastjórnarlög Grænlands:

Nefnd hefur aftur störf

GRÆNLAND Dansk-grænlenska nefndin, sem í þrjú ár hefur unnið að gerð nýrra heimastjórnarlaga, getur nú hafið störf á ný eftir að hlé varð á þeim vegna dönsku þingkosninganna í nóvember.

ANDERS FOGH RASMUSSEN

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, upplýsti á þriðjudag að hann hefði ákveðið að skipta aðeins um einn dönsku fulltrúanna í nefndinni, jafnvel þótt sumir þeirra væru nú hættir á þingi. Þeir fá nú tækifæri til að ljúka verkinu, sem var alveg að lokum komið í haust. Eini nýi fulltrúinn er Kim Andersen úr Venstre, sem tekur við af Birthe Rønn Hornbech sem er orðin ráðherra. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Meiddist á hálsi

Ökumaður fékk hnykk á háls þegar tveir bílar rákust saman á Álftanesvegi í gærmorgun. Var ökumaðurinn fluttur á slysadeild til nánari skoðunar en engin slys urðu á öðru fólki.

LEIÐRÉTT

Í meginmáli í baksviðsgrein í Fréttablaðinu í gær var því haldið fram, á einum stað, að ytri leiðin væri ódýrari en innri í lagningu Sundabrautar. Það er rangt. Áætlaður kostnaður innri leiðar er sextán milljarðar en ytri leiðar 24 milljarðar, að því er Vegagerðin hefur upplýst.

Mishermt var í Fréttablaðinu í gær að Hundaræktin í Dalsmynni hefði keypt einkaleyfisrétt á skammstöfuninni HRFÍ. Það var ræktunarfélagið Íshundar, sem það gerði.

Vond stemning og sjálfstraustið lítið

Úrvalsvísitalan hefur fallið alla daga ársins og hefur ekki verið lægri síðan í ágúst í hittifyrra. Greiningardeildir banka segja markaðinn afar viðkvæman.

VIÐSKIPTI „Það er léleg stemning á hlutabréfamarkaðnum og kauphliðin lítil," segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, um mikla lækkun á íslenskum hlutabréfamarkaði það sem af er árs.

Vísitalan féll um 3,26 prósent í gær og nemur árslækkunin 13,44 prósentum á þeim fimm viðskiptadögum sem af eru á árinu. Vísitalan endaði í gær í 5.469 stigum og hefur ekki verið lægri síðan um miðjan ágúst í hittifyrra. Þetta var í samræmi við lækkun á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum þótt þróunin hafi verið meiri hér en víða. Ástæðan er sú að vægi fjármálafyrirtækja í Úrvalsvísitölunni er talsvert meira en í öðrum löndum.

Hlutabréfamarkaðir víða um heim hafa lækkað frá miðju síðasta ári eftir að vanskil jukust á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum. Í kjölfarið hefur álag á lánsfé farið í hæstu hæðir og gert skuldsetningu þunga í vöfum. Í ofanálag hefur ótti við samdráttarskeið í bandarísku efnahagslífi og vísbendingar um að farið sé að hægja á vexti í Evrópu stýrt markaðnum beggja vegna Atlantsála.

Fjármálasérfræðingar bæði hér og erlendis telja líkur á að seðlabankar víða um heim muni bregðast við ástandinu með lækkun stýrivaxta fyrr en reiknað var með.

„Menn eru hræddir við ytra umhverfi og ástandið [á hlutabréfamörkuðum] lagast ekki fyrr en fjárfestar fá sjálfstraust aftur," bætir Edda Rós við og leggur áherslu á að lítið þurfi til að hreyfa við markaðnum, orðrómur um slæma lausafjárstöðu einstakra fjárfestingafélaga nægi. Edda sagði óhægt um vik að spá fyrir um hvenær lækkanaferlinu verði náð en taldi líkur á að það muni gerast þegar jákvæðar fréttir berist, hvort heldur sem það verði af erlendum eða innlendum markaði.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, tekur undir með Eddu en bendir á að lausafjárþurrðin hafi valdið því að fjárfestar hafi leitað í tryggari fjárfestingar á borð við skuldabréf. Markaður með slík bréf hefur verið líflegur upp á síðkastið sló veltumet í gær, þriðja daginn í röð. jonab@frettabladid.is

TILFINNING STÝRIR ÁKVARÐANATÖKUNNI

ÁSGEIR JÓNSSON

„Jafn undarlega og það hljómar þá hefur fólk tilhneigingu til að kaupa hlutabréf þegar verð þeirra er hátt og selja þegar þau lækka," segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, um dýfuna á hlutabréfamarkaði í Kauphöll Íslands upp á síðkastið. „Stemning á hlutabréfamarkaði stýrir svo miklu um ákvarðanir fólks," segir hann og bendir á að síðasta sumar hafi margir keypt hlutabréf þótt verð þeirra hafi verið hátt miðað við verðkennitölur. „Þetta er nákvæmlega það sama og gerðist á árunum 2001 og 2002," segir hann en netbólan sprakk á sama tíma og gengi margra fyrirtækja féll. „Núna myndi maður hins vegar ætla að þetta sé tíminn fyrir þá sem eiga lausafé, svo sem lífeyrissjóðina, til að kaupa hlutabréf," segir Ásgeir.

VERA MEÐ HÚNINN SINN Húnninn er alveg ósjálfbjarga enn þá og getur aðeins skriðið örlítið um. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dýragarðurinn í Nuremberg:

Húnn tekinn frá móður sinni

ÞÝSKALAND, AP Ári eftir að ísbjarnarhúnninn Knútur, sem síðar varð heimsfrægur, var fjarlægður frá áhugalausri móður sinni í dýragarðinum í Berlín í Þýskalandi og uppeldið færðist í hendur dýragarðsvarðar virðist sagan vera að endurtaka sig.

Í dýragarðinum í Nuremberg í Þýskalandi ákváðu stjórnendur á þriðjudag að fjarlægja mánaðargamlan ísbjarnarhún frá móður sinni Veru vegna ótta um að hún kynni að borða hann eftir að hún sást bera hann um í skoltinum.

Annar ísbjörn, Vilma, fæddi húna í dýragarðinum um leið og Vera en talið er að hún hafi drepið þá og borðað vegna þess að þeir voru veikir. - sdg

SVÍÞJÓÐ

Mikill fjárlagaafgangur

Afgangur af sænsku fjárlögunum varð á nýliðnu ári sem svarar um 999 milljörðum íslenskra króna, að því er þjóðhagsskrifstofa Svíþjóðar upplýsti. Fjárlagaafgangurinn var nú sem svarar 825 milljörðum hærri en árið áður, og er það helst rakið til tekna af sölu ríkiseigna, arðs af hlutafé og hamla á útgjöld.

Píanóskóli Þorsteins Gauta
Ármúli 38 / við Selmúla
S: 5516751 6916980
pianoskolinn.is
pianoskolinn@pianoskolinn.is

10 vikna Námskeið á vorönn
- Hóptímar
1 klst. á viku- kr. 30.000

Einkatímar
Börn 6-18 ára geta notað frístundakort Í.T.R.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HORFUR UM HELGINA

Það eru alveg ágætar veðurhorfur um helgina og raunar er sama spá fyrir laugardaginn og sunnudaginn. Fyrir það fyrsta verður rólegheita veður af austri, 3-8 m/s. Skýjað með köflum til landsins en þungbúnara með ströndum. Stöku él gætu fallið úti við ströndina norðan og austan til og svipaða sögu er að segja með ystu annes á Reykjanesi og Snæfellsnesi. Harðnandi frost.

REYKJAVÍK Í DAG

Austan 3-8 m/s. Skýjað þurrt. Hiti nálægt frostmarki.

um hádegi »



» *á morgun*



» *laugardagur*



um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C rigning	London	11°C alskýjað	Friedrichshafen	7 6°C hálfskýjað
Billund	8°C skúrir	París	10°C skúrir	Lúxemborg	8°C skúrir
Osló	4°C alskýjað	Amsterdam	11°C alskýjað	Alicante	18°C hálfskýjað
Stokkhólmur	4°C alskýjað	Frankfurt	7°C skúrir	Róm	15°C skúrir
Gautaborg	6°C rigning	Berlín	7°C hálfskýjað	Las Palmas	21 C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

DEBENHAMS

útsalan

í fullum gangi

50 til 70%

afsláttur af völdum vörum

NÝTT KORTATÍMABÍL

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 38217 06/2007

KJÖRKASSINN

Telur þú rétt að menntamálaráðherra láti friða húsin við Laugaveg 4-6?

JÁ 45,2%

NEI 54,8

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú rökstuðning Árna Mathiesen fyrir réttmæti þess að skipa Þorstein Davíðsson í embætti dómara fullnægjandi?

Segðu þína skoðun á visir.is

Dómnefndin sem mat hæfi umsækjenda í stöðu dómara íhugaði að segja af sér vegna ráðningar ráðherra:

Jafn óvönduð stjórnsýsla sögð einsdæmi

STJÓRNSÝSLA „Athygli vekur að engin tilraun er gerð til að rökstyðja hvers vegna þau atriði, sem ráðherra tilgreinir sérstaklega á ferli Þorsteins [Davíðssonar] og dómnefnd hefur lagt mat á, eigi að vega þyngra í mati á hæfni umsækjenda en allt það, sem hinir umsækjendurnir hafa til brunns að bera.“ Þetta er meðal þess sem kemur fram í afar afdráttarlausri greinargerð dómnefndarinnar sem metur hæfni umsækjenda um embætti dómara um ráðningu Þorsteins Davíðssonar.

ÁRNI M. MATHIESEN

Í dómnefndinni sátu Pétur Kr. Hafstein, Eggert Óskarsson og Bjarni S. Ásgeirsson.

Nefndin gagnrýnir þau vinnubrögð sem Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, sýndi við ráðningu Þorsteins harðlega og segir ráðninguna sjálfa hafa verið ómálefnalega ákvörðun, óvandaða stjórnsýslu og einsdæmi að slík vinnubrögð hafi verið viðhöfð í þau sextán ár sem hún hefur starfað.

Í greinargerð nefndarinnar segir einnig: „Þá verður að setja sérstakan fyrirvara við þá ályktun ráðherra, sem ekki verður dregin af umsóknargögnum, að Þorsteinn „eigi auðvelt með að setja fram skýran lögfræðilegan texta“. Um þetta sagði í umsögn dómnefndar um Þorstein: „Umsækjandi hefur ekki lagt fram höfundarverk af einhverju tagi svo að meta megi tök hans á íslensku máli og rökhugsun við úrlausn vandasamra lögfræðilegra verkefna og hefur hann ekki bætt úr þessu frá fyrri umsókn sinni um dómaraembætti.“

Í niðurlagi greinargerðarinnar segir: „Með þessari ákvörðun hefur ráðherra ekki aðeins vegið að starfsheiðri og tilverugrundvelli dómnefndarinnar heldur einnig gengið í berhögg við það yfirlýsta markmið með stofnun hennar á sínum tíma að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómarar séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins og einvörðungu valdir samkvæmt hæfni.“

Guðmundur Kristjánsson hæstaréttarlögmaður sem var meðal umsækjenda um stöðu héraðsdómara ætlar að senda umboðsmanni Alþingis kvörtun vegna ráðningarinnar. - kdk

LÖGMENN TAKAST Í HENDUR Gísli Guðni Hall og Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmenn sjást hér takast í hendur eftir að hafa tekist á í dómsal í gær. Úrskurðar í málinu er að vænta á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilja taka yfir eignir Insolidum í SPRON

Saga Capital vill taka yfir allar eignir Insolidum vegna skulda félagsins við bankann. Hreinar eignir Insolidum voru um 900 milljónir króna síðasta sumar en eru nú í miklum mínus. Saga Capital var sakað um að ganga erinda eigenda.

DÓMSMÁL Saga Capital fjárfestingarbanki krefst þess að verða skráður eigandi allra hluta í Insolidum ehf. sem er í eigu Daggar Pálsdóttur, hæstaréttarlögmanns og varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins, og sonar hennar, Páls Ágústs Ólafssonar.

Málflutningur í ágreiningsmáli bankans og Insolidum fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Krafa Saga Capital byggist á því að Insolidum hafi ekki sýnt fram á nægilegar tryggingar fyrir 560 milljóna króna láni sem Insolidum tók í júlí þegar það festi kaup á stofnfjárhlutum í SPRON. Bréfin hafa lækkað gríðarlega í verði. Upphafsgengi á SPRON þegar það var skráð á markað í október var 18,9 en við lok markaða í gær var það 7,6. Fram kom í gær að félagið hefði skuldað Saga Capital 324 milljónir í nóvember.

Greint var frá því í Fréttablaðinu í október að stofnfjárhlutar í SPRON hefðu gengið kaupum og sölum á genginu 24 til 30 þegar það fór sem hæst.

Lögmaður Saga Capital, Gísli Guðni Hall hæstaréttarlögmaður, sagði málið alveg skýrt; Saga Capital hefði ekki aðra kosti en að krefjast þess að komast yfir eignir Insolidum, þær litlu sem eftir væru, þar sem mikil dýfa á hlutabréfamörkuðum á síðustu mánuðum hefði gert eignasafn félagsins verðlaust og rúmlega það. Staða þess nú væri í umtalsverðum mínus en hrein eign þess hefði verið um 900 milljónir króna síðastliðið sumar.

Lögmaður Daggar og Páls Ágústs, Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmaður, sagði Saga Capital hafa beitt eigendur Insolidum þrýstingi, til að þau myndu kaupa stofnfjárhluti í SPRON. Vitnaði hann til símtals forstjóra Saga Capital þar sem hann bauð Páli Ágústi að kaupa fyrrnefnd bréf. Var það gert eftir að Insolidum spurðist fyrir um lán hjá bankanum. „Það fer gegn reglum að þessar upplýsingar hafi lekið milli sviða í bankanum,“ sagði Jóhannes Karl í ræðu sinni.

Gísli Guðni mótmælti þessu. „Það væri nú hálf einkennilegt ef forstjórar banka hefðu ekkert með mál bankanna að gera,“ sagði Gísli.

magnush@frettabladid.is

Gunnar Þór Gíslason neitar því að hann hafi staðið fyrir innherjasvikum:

Segir viðskiptin ekki óeðlileg

DÓMSMÁL „Það var ekkert óeðlilegt við það hvernig staðið var að þessu,“ sagði Gunnar Þór Gíslason, framkvæmdastjóri Sundagarða hf. og stjórnarmaður í SPRON, við Fréttablaðið í gær.

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður Insolidum, hélt því fram í gær að Gunnar Þór hefði verið eigandi hlutanna í SPRON sem Insolidum keypti á sumarmánuðum. Sundagarðar er eigandi rúmlega ellefu prósenta hlutar í Saga Capital.

GUNNAR ÞÓR GÍSLASON

Jóhannes Karl sagði alveg ljóst að Insolidum hefði aldrei keypt fyrrnefnda stofnfjárhluti ef það hefði vitað að stjórnarmaður í SPRON væri „að nota banka sem hann ætti stóran hlut í til að selja hluti sína á grundvelli leynilegs verðmats“. Capacent verðlagði SPRON á tæplega 60 milljarða króna síðastliðið vor en verðmiðinn á stofnfjárhlutunum sem Insolidum keypti var miðaður við heildarverðmæti SPRON á rúmlega 100 milljarða.

„Ég hafði samband við regluvörð SPRON, hann fór yfir málið og veitti mér heimild til að selja hlutina. Þetta var í samræmi við allar reglur SPRON og ekkert óeðlilegt við þetta. Saga Capital keypti af okkur bréfin,“ sagði Gunnar Þór. „Í öðru lagi gaf SPRON út fréttatilkynningu 17. júlí sem ráða má af hvernig félagið var verðmetið 31. mars. Um það var fjallað opinberlega. Verðmatið var nú ekki leynilegra en svo.“ - mh

Forsætisráðherra Póllands:

Gagnrýnni á eldflaugavarnir

PÓLLAND, AP Pólski forsætisráðherrann Donald Tusk ítrekaði í gær að hann hygðist sýna minni undanlátssemi en fyrirrennari sinn í embætti gagnvart því sem Bandaríkjamenn vilja ná fram í samningum við Póllandsstjórn um að koma upp í Póllandi búnaði fyrir hnattrænt eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna.

DONALD TUSK

„Samkomulag um eldflaugavarnastöð í Póllandi verður beintengd skilyrði um að öryggi Póllands aukist,“ sagði Tusk á blaðamannafundi. Hann bætti við að fram til þessa hefði ekki komið neitt fram sem tryggði að uppsetning slíks búnaðar bætti öryggi landsins. - aa

STANGAVEIÐIFÉLAG REYKJAVÍKUR Umsókn um veiðileyfi sló öll met.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur:

Metfjöldi sótti um veiðileyfi fyrir sumarið

STANGAVEIÐI Fjöldi umsókna um veiðileyfi hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur hafði slegið öll met þegar umsóknarfresti lauk á hádegi í gær.

„Að hluta til má rekja aukinn umsóknarþunga til þess að rúmlega 300 nýir félagar bættust í hópinn á tveimur síðustu mánuðum ársins,“ segir á vef Stangaveiðifélagsins þar sem upplýst er að umsóknirnar hafi verið hátt í 2.300. „Að venju eru margir sem vilja komast í Elliðaárnar en að auki er mikið sótt um Dalaárnar, Haukadalsá-Efri, Fáskrúð og Krossá,“ segir á svfr.is. - gar

HAFNARFJÖRÐUR

Sjóböð við Herjólfsgötu

Framkvæmdasvið Hafnarfjarðar hefur lagt fram tillögu um gerð sjóbaðsaðstöðu við Herjólfsgötu. Gert er ráð fyrir sjósundi í tengslum við núverandi sundlaug að því er kom fram á fundi skipulagsráðs bæjarins.

Alríkisdómari í BNA úrskurðar:

Bannað að gefa börnum biblíur

BANDARÍKIN, AP Alríkisdómari úrskurðaði á þriðjudag að skólaumdæmi í afskekktu héraði í Maryland í Bandaríkjunum brjóti gegn stjórnarskránni með því að leyfa dreifingu á biblíum til grunnskólanemenda samkvæmt gamalli hefð.

Síðustu 30 ár hefur Gídeonfélagið gefið börnum í 5. bekk biblíur. Fyrir tveimur árum höfðuðu Réttindasamtök Bandaríkjanna (ACLU) mál fyrir hönd átta foreldra sem leiddi til tímabundins lögbanns. Skólaumdæmið tilkynnti þá að einungis væri leyfilegt að dreifa biblíum fyrir og eftir skóla og í hádegishléum. Alríkisdómarinn úrskurðaði það einnig óheimilt og setti á varanlegt lögbann. - sdg

MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON Leikhússtjórinn segir starfsfólk miðasölunnar ekki hafa haft undan að selja miða.

Akureyringar iða í skinninu:

Flykkjast á Flóna

LEIKHÚS Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri segir gríðarlega sölu hafa verið í forsölu Leikfélags Akureyrar á gamanleikinn Fló á skinni.

„Aldrei fyrr hafa fleiri miðar verið seldir á einum degi hjá leikhúsinu. Nú þegar eru nálægt 3.000 miðar seldir á sýningar verksins og nánast orðið uppselt á 15 sýningar og þó eru enn fjórar vikur í frumsýningu leiksýningarinnar,“ segir í tilkynningu frá Magnúsi eftir fyrsta forsöludaginn sem var í gær. Magnús segir starfsfólk miðasölunnar ekki hafa haft undan. Leikfélag Akureyrar flytur gamanleikinn í nýrri leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar og í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur. - gar

Réttarhöld yfir Charles Taylor:

Leynilegt talstöðvarherbergi

HOLLAND, AP Fyrrverandi lífvörður úr innsta hring Charles Taylor, fyrrverandi forseta Líberíu, bar í gær vitni fyrir stríðsglæpadómstólnum í Haag í Hollandi um að Taylor hafi verið í beinu sambandi við uppreisnarleiðtoga í Síerra Leóne í leynilegu talstöðvarherbergi í forsetahöll sinni.

Varmuyan Sherif er fyrsta af 60 „innanbúðarvitnum“ sem ákæruvaldið kallar til til stuðnings ásökunum um að Taylor hafi staðið fyrir grimmdarverkum meðan á tíu ára borgarastyrjöld stóð í Síerra Leóne. - sdg

Útsala

nýtt kortatímabil

vorum að bæta við nýjum vörum

Allar útsöluvörur

250-2000 kr

Verðdæmi

Upphaflegt verð	Útsöluverð
~~499~~ kr.	250 kr.
~~799~~ kr.	500 kr.
~~999-1.299~~ kr.	750 kr.
~~1.499-1.699~~ kr.	1.000 kr.
~~1.999-2.499~~ kr.	1.500 kr.
~~2.999-4.999~~ kr.	2.000 kr.

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, leikföng, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir íslenski fræðimaðurinn sem tilnefndur er af vísindatímaritinu Science fyrir eina af tíu athyglisverðustu uppfinningum ársins 2007?*
2. *Hver er stjórnarformaður Gnúps?*
3. *Hver verður fyrirliði sænska karlalandsliðsins í handbolta?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

JÓLATRÉN FJARLÆGÐ Starfsmenn framkvæmdasviðs borgarinnar fjarlægðu jólatré í Reykjavík í gærdag.

Starfsmenn borgarinnar:

Jólatré fjarlægð fram á föstudag

UMHVERFISMÁL Starfsmenn framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar ferðast þessa dagana á milli borgarhluta og sækja jólatré. Er það gert í samstarfi við Gámaþjónustuna sem mun nýta trén til moltugerðar eftir að hafa kurlað þau niður.

Framkvæmdasvið biður fólk um að setja trén á áberandi staði við lóðamörk og ganga frá þeim svo að þau fjúki síður.

Starfsmennirnir verða á ferðinni fram á föstudag, en eftir þann tíma þarf fólk sjálft að koma trjám sínum í Sorpu.

- þeb

Sérstökum persónuafslætti var hafnað

Kjaraviðræðurnar fóru „í loft upp“ í gær. „Ríkisstjórnin vill ekki bæta kjör hinna lægst launuðu,“ segir formaður Rafiðnaðarsambandsins. Einsýnt að viðræðurnar fara til ríkissáttasemjara, segir formaður Starfsgreinasambandsins.

VINNUMARKAÐUR „Við höfum þegar tekið ákvörðun um að vísa málinu til sáttasemjara í vikulok ef ekkert þokast. Þessi fundur hér í dag og þær fréttir sem við höfum frá ríkisstjórn undirstrika það rækilega að ekkert hefur þokast. Einsýnt er að málið fer rakleiðis til sáttasemjara innan fárra daga,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, SGS.

Þungt hljóð var í formönnum landssambandanna innan Alþýðusambandsins, ASÍ, þegar þeir gengu af fyrsta „alvöru“ samningafundinum með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins, SA, í húsakynnum ríkissáttasemjara í gær. „Þetta er búið. Þetta fór allt í loft upp. Ríkisstjórnin vill ekki bæta kjör hinna lægst launuðu,“ sagði Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, talaði um „mjög mikil vonbrigði“. Í samtölum ASÍ og ríkisstjórnarinnar í fyrradag hefði komið fram að fullkomin andstaða væri innan ríkisstjórnarinnar um sérstakan persónuafslátt, ríkisstjórnin hefði aðeins verið tilbúin í hækkun á persónuafslætti sem dreifðist á alla skattgreiðendur.

„Við förum nú hvert samband fyrir sig í viðræður við baklandið okkar. Kjaraviðræðurnar verða að sjálfsögðu langdregnari en við vonuðumst til. Við vonuðumst til að semja saman,“ sagði hún. „Við höfum lýst yfir að við værum tilbúin að skoða einhverjar aðrar leiðir ef fram kæmu hugmyndir sem myndu þjóna þeim lægst launuðu. Atvinnurekendur hafa talað á móti okkar hugmyndum og það hefur borið árangur.“

Starfsgreinasambandið er fyrsta sambandið sem hefur samþykkt að vísa deilunni til ríkissáttasemjara ef ekki þokast í samkomulagsátt í þessari viku. Samninganefndin hittir SA í dag. „Það er þungt hljóð í mér og sorglegt að það mistakist að mynda eins konar þjóðarsátt um ákveðna launastefnu,“ sagði Kristján.

„Þar vega þyngst dræmar undirtektir í skattamálum. Maður veltir fyrir sér innihaldinu í stjórnarsáttmálanum þar sem kemur fram að breyta eigi skattkerfinu þannig að það nýtist hinum láglaunuðu og svo fáum við þessar undirtektir. Þetta virðist vera ósamrýmanlegt. Stjórnarsáttmálinn virðist vera innihaldslítið plagg,“ segir hann. **ghs@frettabladid.is**

ÞUNGT HLJÓÐ Þungt hljóð var í samningamönnum verkalýðshreyfingarinnar þegar þeir gengu af fundi með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins í Karphúsinu í gær. „Þetta er búið,“ sagði Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins. „Mjög mikil vonbrigði,“ sagði Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FÖRUM ÁFRAM OG AFTUR Á BAK

„Við förum eitthvað áfram og aðeins aftur á bak myndi ég segja,“ sagði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, eftir samningafundinn í Karphúsinu í gær. „Heildarpakkinn gekk ekki upp og því þurfum við að nálgast þetta úr annarri átt.“
Vilhjálmur segir að SA þurfi nú að taka eina umferð aftur með öllum landssamböndunum. „Það er ekki samstaða að halda áfram á þessari braut sem við höfum lagt upp með. Það er ekki um annað að gera en að fara einn hring aftur með landssamböndunum og sjá hvar við stöndum eftir það.“

Fékk 45 daga fangelsi:

Henti konu á klósettskál

DÓMSMÁL Karlmaður af erlendu bergi brotinn hefur verið dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að kasta konu á salernisskál.

Maðurinn var ákærður fyrir að ryðjast óboðinn inn í íbúð í Sandgerði, þar sem konan var gestkomandi. Hann fór gróflega á fjörurnar við hana en hún brást við með því að gefa honum einn á snúðinn. Maðurinn réðst þá á hana og kastaði henni gegnum baðherbergisdyr þannig að hún lenti á salernisskálinni. Hún hlaut nokkra áverka. Dómurinn taldi sannað að maðurinn hefði gerst sekur um ofangreind brot. **- jss**

Braust inn á tannlæknastofu:

Þjófur gripinn í Mjóddinni

LÖGREGLUMÁL Innbrotsþjófur var handtekinn af lögreglu höfuðborgarsvæðisins á tannlæknastofu í Mjóddinni aðfaranótt miðvikudagsins. Viðvörunarbjöllur í öryggiskerfi tannlæknastofunnar gerðu lögreglunni viðvart og var hún fljót á staðinn.

Að sögn varðstjóra kom lögreglan að manninum á tannlæknastofunni og hafði hann þá meðal annars tekið skiptimynt úr afgreiðslu. Var maðurinn látinn gista fangageymslur lögreglunnar og yfirheyrður í gær. **- ovd**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kvartanir vegna skotelda

Enn berast lögreglunni kvartanir vegna skotelda. Að sögn varðstjóra hefur kvörtunum þó fækkað en aðallega er kvartað yfir að kveikt sé í skoteldum seint á kvöldin og á nóttunni.

Hraðakstur í hálku og snjó

Lögreglan á Hvolsvelli tók átta ökumenn fyrir hraðakstur í umdæmi sínu í gær. Eru það jafn margir ökumenn og teknir voru á þriðjudaginn en það sem vekur athygli lögreglunnar er fjöldi hraðakstursbrota í mikilli hálku og snjó sem nú eru í umdæminu.



www.volkswagen.is



Þegar fólksbílar urðu almenningseign hófst nýtt skeið í sögunni. Bíllinn sem hóf þessa byltingu var Bjallan. Með tilkomu þessa tímamótabíls fengu milljónir manna áður óþekkt frelsi til að njóta ferðalaga. Um leið varð gamla góða Bjallan að sígildu tákni um ný viðmið og nýja hugsun um allan heim. Við höfum verið samferða Volkswagen allar götur síðan.

Hann er Das Auto – Hann er bíllinn.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

Karlmaður á þrítugsaldri dæmdur í tíu mánaða fangelsi:

Slasaði mann með straubolta

DÓMSMÁL Hafnfirskur karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir að ráðast að öðrum manni með straubolta og fleiri bareflum og stórskaða hann.

Maðurinn sem ráðist var á var staddur í íbúð vinar síns þegar árásarmanninn bar þar að garði, ásamt tveim öðrum mönnum. Árásarmaðurinn var þá með barefli meðferðis, sem hann sló fórnarlambið með þannig að það rotaðist. Árásarmaðurinn gekk áfram í skrokk á manninum og sló hann ítrekað í höfuð og líkama með straubolta og fleiri hlutum, eins og segir í ákæru. Maðurinn sem ráðist var á hlaut mar á heila, heilahristing og tvo skurði á höfuð. Þrjár tennur brotnuðu, sex losnuðu og maðurinn var bólginn og marinn.

Í niðurstöðu Héraðsdóms segir að árásin hafi verið ofsafengin og hending ein hafi ráðið því að hún hafi ekki leitt til varanlegra líkamskumla. Árásarmaðurinn hélt því fram að tilefni hennar hefði verið það, að fórnarlambið hefði stuðlað að því að systir hans ánetjaðist fíkniefnum.

Árásarmaðurinn, sem á brotaferil að baki, var jafnframt dæmdur til að greiða fórnarlambinu rúmlega 300 þúsund krónur í skaðabætur, auk málskostnaðar. - jss

GRAFARHOLT Árásin átti sér stað í mars 2006 í íbúð í Grafarholti. Myndin er úr safni.

Viðskiptavinir World Class í Laugum hvattir til að nota lása og fylgjast vel með:

Veskjaþjófar á ferð í Laugum

LÖGREGLUMÁL „Þetta er í almenningsklefunum og við erum með auglýsingar niðri í klefum þar sem fólk er beðið að læsa skápunum og fylgjast vel með," segir Björn Leifsson, framkvæmdastjóri World Class, um þjófnaði úr skápum í búningsklefum heilsuræktarstöðvarinnar Lauga í Laugardal.

„Það er búið að stela einu og einu veski," segir Björn og hefur þetta staðið yfir á annan mánuð. „Einhverjir krimmar þarna eru að fylgjast með og sæta lagi en það er voðalega erfitt að gera nokkuð. Það er ekki leyfilegt að setja upp myndavél en ef þetta hættir ekki er það eina ráðið."

FRÁ LAUGUM Í LAUGARDAL Veskjum stolið úr búningsklefum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um fyrri sambærileg atvik segir Björn að á sínum tíma hafi verið stolið úr skápum í baðstofuklefum Lauga. „Það var ákveðið mynstur á því svo við settum upp eina myndavél og mynduðum fjóra skápa, settum upp gildru fyrir þjófinn. Við tókum svo niður myndavélina þegar þjófnum var náð og var hann kærður til lögreglu." Hann segir ekkert munstur vera á þjófnuðum nú enda sé um mjög margt fólk og 460 skápa að ræða. Hann segir þjófnaðina eiga sér stað hvort sem búningsklefarnir eru fullir af fólki eða ekki og hvetur hann viðskiptavini til að nota góða lása og fylgjast vel með. - ovd

Perlan
Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Allt í steik

4. janúar - 28. febrúar

4ra rétta seðill

PARMASKINKA PROSCIUTTO
með strengjabaunasalati, balsamic hlaupi
og rjóma–jarðsveppaosti

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

KJÚKLINGABRINGA
hunangskryddhjúpuð með gljáðu rótargrænmeti,
spínati og sítrónusósu

eða ANDARBRINGA
appelsínumarineruð með appelsínusósu

eða NAUTALUND
grilluð með hvítlauksristuðu spínati,
sperglum og Béarnaise-sósu

SÚKKULAÐIFRAUÐ
með ferskum ávöxtum í nouggat-froðu

Verð frá 3.990 kr.

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hvað varð um birkivínið?
– Laugardaginn 12. janúar á Fljótsdalshéraði

fljotsdalsheradis

Málþing um sérstöðu og framtíðarþróun í sveitum Fljótsdalshéraðs vegna aðalskipulagsgerðar sveitarfélagsins, fer fram í Íþróttahúsinu á Hallormsstað 12. janúar.

Kl.	Viðfangsefni • Fyrirlesari / fyrirkomulag:
11.00	**Fundur settur** • Eiríkur B. Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.
11.05	**ASK, stefnumótun fyrir okkur og framtíðaríbúa** • Salvör Jónsdóttir - Alta.
11.15	**Stefna Fljótsdalshéraðs** • Guðmundur Ólafsson - Fljótsdalshéraði.
11.25	**Reynsla Hrunamannahrepps af aðalskipulagi** • Sigurður Ingi Jóhannsson - Hrunamannahreppi.
11.50	**Frístundabyggð – þróun og afleiðingar óskipulags** • Kristín S. Jónsdóttir - Umhverfisstofnun.
12.10	Matarhlé.
13.00	**Skógrækt í skipulagi sveitarfélaga** • Hallgrímur Indriðason - Skógrækt ríkisins.
13.20	**Hvers vegna náttúruvernd?** • Sigurður Á. Þráinsson - Umhverfisráðuneytinu.
13.40	**Bændur og framtíðin** • Áslaug Helgadóttir - Landbúnaðarháskóla Íslands.
14.00	**Stórir leikendur á landbúnaðarlandi** • Andri Teitsson, atvinnurekandi í landbúnaði.
14.20	**Matur úr héraði - Matarkistan Skagafjörður** • Guðrún Brynleifsdóttir - Háskólanum á Hólum.
14.40	Kaffihlé.
14.50	**Umræður í hópum – fyrri umferð** • Alta.
15.30	**Kynning á skilaboðum hópa** • Alta.
15.50	**Umræður í hópum – síðari umferð** • Alta.
16.20	**Kynning á skilaboðum hópa** • Alta.
16.40	**Hvað varð um birkivínið?** • Hafliði H. Hafliðason, stjórnmálafræðingur.
16.50	**Samantekt** • Alta.
17.00	Málþingsslit.

Allir velkomnir - Taktu daginn frá!

Skilaboð úr hópumræðum verða nýtt við stefnumótun í aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

INGVAR HELGASON **NOTAÐIR BÍLAR**

4X4 DAGAR

Nissan **Patrol** Luxury 3.0

Ekinn 64 þús. Nýskr. 08/04

2004 Sjálfskiptur — Verð **3.490.000 kr**

Nissan **Pathfinder** 2.5 LE IT

Ekinn 46 þús. Nýskr. 08/05

2005 Sjálfskiptur — Verð **4.450.000 kr.**

Nissan **Double Cab** 4WD

Ekinn 118 þús. Nýskr. 04/03

2003 Beinskiptur — Verð **1.650.000 kr**

Subaru **Outbaack 3.0 H6**

Ekinn 71 þús. Nýskr. 11/04

2004 Sjálfskiptur — Verð **2.780.000 kr**

Nissan **X-trail** Elegance

Ekinn 31 þús. Nýskr. 07/05

2005 Sjálfskiptur — Verð **2.780.000 kr**

Subaru **Legacy**

Ekinn 144 þús. Nýskr. 05/00

2000 Sjálfskiptur — Verð **870.000 kr**

Nissan **Patrol** 3.0 Elegance

Ekinn 104 þús. Nýskr. 10/04.

2004 Sjálfskiptur — Verð: **3.390.000 kr.**

Nissan **X-trail** 2.0 Sport

Ekinn 87 þús. Nýskr. 05/02

2002 Sjálfskiptur — Verð: **1.430.000 kr.**

Nissan **Double Cab** 4WD

Ekinn 119 þús. Nýskr. 03/99

1999 Beinskiptur — Verð: **660.000 kr.**

Subaru **Forester** CS

Ekinn 49 þús. Nýskr. 03/06

2006 Beinskiptur — Verð: **2.220.000 kr.**

Subaru **B9 Tribeca** 3.0

Ekinn 8 þús. Nýskr. 01/07

2007 Sjálfskiptur — Verð: **4.560.000 kr.**

Subaru **Legacy** 2.0

Ekinn 52 þús. Nýskr. 09/04

2004 Sjálfskiptur — Verð: **4.560.000 kr.**

Subaru **Impreza** 2.0

Ekinn 68 þús. Nýskr. 10/04

2004 Beinskiptur — Verð: **1.390.000 kr.**

Nissan **Pathfinder** 4.0 LE IT

Ekinn 12 þús. Nýskr. 02/07

2007 Sjálfskiptur — Verð: **5.490.000 kr.**

Nissan **Navara** LE 2.5

Ekinn 15 þús. Nýskr. 02/07

2007 Sjálfskiptur — Verð: **3.790.000 kr.**

Subaru **Forester**

Ekinn 129 þús. Nýskr. 10/98

1998 Sjálfskiptur — Verð: **660.000 kr.**

Subaru **Impreza**

Ekinn 51 þús. Nýskr. 10/04

2004 Sjálfskiptur — Verð: **1.480.000 kr.**

Nissan **Navara** SE 2.5

Ekinn 50 þús. Nýskr. 04/06

2006 Beinskiptur — Verð: **3.250.000 kr.**

Nissan **Terrano** II

Ekinn 95 þús. Nýskr. 06/02

2002 Beinskiptur — Verð: **1.490.000 kr.**

Nissan **Murano** 3.5 V6

Ekinn 25 þús. Nýskr. 06/06
Verð áður: 4.690.000 kr

2006 Sjálfskiptur — Nú: **3.990.000 kr.**

Nissan **Patrol** Elegance

Ekinn 30 þús. Nýskr. 03/07

2007 Sjálfskiptur — Verð: **4.950.000 kr.**

Nissan **Pathfinder** XE

Ekinn 38 þús. Nýskr. 12/05

2005 Beinskiptur — Verð: **3.690.000 kr.**

Subaru **Forester** Luxury

Ekinn 91 þús. Nýskr. 12/02
Verð áður: 1.740.000 kr

2002 Sjálfskiptur — Nú: **1.550.000 kr.**

Nissan **Patrol** 3.0 Elegance

Ekinn 65 þús. Nýskr. 07/05

2007 Sjálfskiptur — Verð: **4.150.000 kr.**

Subaru **Legacy**

Ekinn 162 þús. Nýskr. 09/99

1999 Beinskiptur — Verð: **990.000 kr.**

Góð þjónusta!

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

Sölumenn notaðra bíla

INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM31613

„ORÐRÉTT“

Á heimaslóðum

„Ég kann mjög vel við mig á Litla-Hrauni.“

MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR HEFUR VERIÐ RÁÐIN FORSTÖÐUMAÐUR FANGELSISINS LITLA-HRAUNS.

Fréttablaðið, 9. janúar.

Mæðst í mörgu

„Þetta er alveg úr öllu korti, við munum ekki eftir öðru eins.“

JÓN VIÐAR MATTHÍASSON SLÖKKVILIÐSSTJÓRI UM HRINU ELDSVOÐA UNDANFARIÐ.

24 stundir, 9. janúar.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR SÖNGKONA

Flytur Tinu Turner út til Noregs

„Eins og vanalega í byrjun árs er ég að skipuleggja með mínum samstarfsmönnum það sem gera skal á þessu ári,“ segir Sigríður þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hún var þá búin að vera á stífum fundahöldum. Það var því ekki úr vegi að spyrja söngkonuna hverju landsmenn mega eiga von á eftir velhepnaðan hljómdisk hennar Til eru fræ. „Það kemur út Söngvaborg númer fimm og svo er ég að hugsa um að fara út í eigin útgáfu og gefa út hljómdisk með úrvali af bestu jólalögunum sem ég hef flutt fyrir næstu jól. Svo ætlum við Bryndís Ásmundsdóttir að halda áfram með sýninguna sem er tileinkuð Tinu Turner enda tókst mjög vel upp í fyrra. Reynar erum við að spá í að flytja hana jafnvel út til Noregs en ég er með söngskóla þar í landi sem heitir Toneart og þarf því oft að fara til Óslóar að sinna störfum sem honum fylgja. Eftir tvær vikur fer ég í slíkum erindum en þá mun ég einnig syngja lög Tinu á þorrablóti Íslendinga en svo ætlum við einnig að leyfa nokkrum umboðsmönnum að heyra með það fyrir augum að setja þessa sýningu upp þar í landi.“

Sigríður var fastagestur í sjónvarpsstofu landsmanna þegar hún mat frammistöðu keppanda í hinni sívinsælu Idol keppni en nú tekur hún ekki þátt í neinum sjónvarpsþætti. „Það er ekki laust við það að ég sakni sjónvarpsins svolítið enda er þetta afar skemmtilegur miðill og mjög skemmtilegt fólk sem vinnur við hann,“ segir hún og útilokar ekki endurkomu þar áður en langt um líður.

GÚMMÍVERJUR

FENGUST AÐEINS GEGN LYFSEÐLI

❄ Bandaríkjamaðurinn Charles Goodyear fékk einkaleyfi á gúmmísmokknum árið 1844 og ellefu árum síðar var fyrsta gúmmíverjan framleidd. Hún var eins til tveggja millimetra þykk og margnota en að sama skapi afar dýr. Smokkar fengust aðeins gegn lyfseðli í Bandaríkjunum frá 1873 til 1936 og var fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir sjúkdóma frekar en getnað. Þjóðverjinn Julius Fromm fann upp aðra aðferð til að framleiða smokka árið 1912, sem gerði smokkana þynnri og án sauma. Á fjórða áratugnum komu fyrstu einnota smokkarnir á markað, en þeir voru næstum jafn þunnir og smokkar í dag.



SJÓNARHÓLL

FRIÐUN HÚSA VIÐ LAUGAVEG 4 TIL 6

Þetta er saga Reykjavíkur

JÓN GEIR JÓHANNSSON Tónlistarmaður og heimavinnandi húsfaðir.

„Mér finnst að það eigi að vernda alla þessa gömlu götumynd í sinni upprunalegu mynd,“ segir Jón Geir Jóhannsson tónlistarmaður um hugsanlega friðun húsa númer 4 til 6 við Laugaveg í Reykjavík. „Nikebúðin er foxljót eins og hún er núna en ég sá einhvers staðar teikningar af því hvernig þessi hús litu út og leist vel á það.“

„Þetta er hugarfarsvinna sem þarf að eiga sér stað. Halda þeirri smábæjarmynd sem við montum okkur svolítið af, eins og búið er að gera við Grjótaþorpið og gömlu húsin í Kvosinni,“ segir hann.

Jón Geir segist hafa grúskað í skipulagsmálum þegar hann bjó við Vesturgötuna, „en þessi hugmynd um þéttingu miðbæjarins, það er stundum eins og fólk sé ekki alveg að hugsa. Það verður að vanda til verka þegar skipuleggja á eitthvað sem er búið að vera óbreytt í langan tíma. Það þýðir ekki bara að setja einhverja blokk eða hótel á reit sem er hugsanlega laus.“

Kvaddi áður en báturinn sökk

Landhelgisgæslumenn lenda í ýmsu í starfi sínu. Samtal við skipstjóra sem er við það að týnast í hafið, neyðarkall frá Vestmannaeyjum, sjómenn á reginhafi innan um fljótandi flutningagáma og samskipti við rússneska sjóherinn er á meðal þess sem einn sá reyndasti rifjaði upp.

HJALTI SÆMUNDSSON Það er í mörg horn að líta hjá aðalvarðstjóranum í stjórnstöðinni enda geta um 1.000 skip og bátar verið í landhelginni. Svo er aldrei að vita nema Rússarnir komi en Hjalti ber engan kvíðboga fyrir slíkum uppákomum. Margt annað verra gæti gerst eins og sögur hans sanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hjalti Sæmundsson, aðalvarðstjóri í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, hefur starfað í 35 ár fyrir gæsluna en þar á undan vann hann í fimm ár sem loftskeytamaður á togara. Hann hefur því heyrt mörg neyðarköllin í gegnum tíðina.

„Það var á einum af mínum fyrstu túrum sem loftskeytamaður á varðskipi þegar ég heyrði orðaskipti skipstjórans á Sjöstjörnunni og vaktmanns á loftskeytastöðinni á Hornafirði,“ rifjar hann upp. „Skipstjórinn, Engilbert Kolbeinsson, kvaddi með þeim orðum að nú yrði hann að fara að slíta samtalinu því skipið væri að fara niður. Þetta var sem sagt þegar Sjöstjarnan fórst með tíu manna áhöfn í brjáluðu veðri árið 1973. Þetta varð til þess að þorskastríðinu sem þá var í algleymingi var slegið á frest meðan leitað var að skipinu. Varnarliðið sendi meira að segja Orion kafbátaleitarvélar af stað en veðrið var svo skelfilegt að þeir urðu frá að hverfa með öll sín tæki. En Landhelgisgæslan hélt áfram.“

Ein umfangsmesta leit Íslandssögunnar stóð yfir í tíu daga en hvorki fannst tangur né tetur af þessum 100 tonna eikarbáti frá Keflavík.

Bjargað innan um fljótandi gáma

Það hefur mikið mætt á unga loftskeytamanninum því aðeins þremur vikum áður hafði borist eftirminnilegt neyðarkall. „Við vorum staddir í Þistilfirði þegar neyðarkall berst frá Heimaey en eins og gefur að skilja erum við ekki vanir að fá kall frá föstu landi. Þá var komið gos í Eyjum. Við leggjum í 340 mílna siglingu til Eyja en þegar við komum þangað um sólarhring síðar var búið að tæma eyjuna, það tók ekki nema 18 klukkustundir.

En svo er mér sérlega minnisstætt þegar Dísarfellið sökk árið 1997. Það var ekki vænleg aðkoma þegar þyrlan TF-LÍF kom á vettvang en þá var skipið sokkið en mikið af gámum á floti. Þetta voru 40 feta ferlíki sem slógust til í rokinu og svo var allt á kafi í olíu. Ofan í þessari súpu eru svo ellefu menn. Sigmanni okkar, Auðuni Kristinssyni, sem þá var kornungur tókst hins vegar að veiða þá einn á fætur öðrum upp úr súpunni og upp í þyrlu. Þannig bjargaði hann öllum úr áhöfninni nema einum en sá hafði látist áður en þyrlan kom að. Mér finnst þetta eitt af því eftirminnilegasta og alveg stórkostlegt hversu vel tókst til.“

Tilkynningaskyldan og kalkaðir sjómenn

En landhelgisgæslumenn sinna fleiru en björgunarstörfum. „Við höfum umsjón með umferð á hafi og þar er að ýmsu að gæta enda geta verið um 1000 skip og bátar í umferð í einu. Það er ekki laust við það að adrenalínið fari af stað þegar einhver hverfur úr kerfinu hjá okkur. Reyndar getur það átt sér aðrar skýringu en þá að menn séu í neyð. Til dæmis getur það gerst að slökkt sé á þessum sjálfvirka búnaði sem heldur þeim í kerfunum hjá okkur. En við vinnum eftir þeirri reglu að ef menn detta út og ekkert spyrst til þeirra í hálf tíma þá hefjum við leit og setjum fullan þunga í það. Þannig höfum við líka bjargað fjölmörgum mannslífum en það hefur líka gerst að þyrlan er farin að sveima yfir hausamótunum á mönnum út á hafi. Þá eru þeir kannski bara ný komnir úr koju og átta sig á því að þeir hafa verið sambandslausir og með slökkt á tækjunum. En það er þá ágætis áminning til þeirra um að standa betur að þessum málum. En svo eru til menn sem vilja stríða okkur svolítið og eru að veiða þar sem þeir hafa engin leyfi til, ég ætla nú ekki að nefna nein nöfn en það var einn ansi öflugur í þessu fyrir norðan. Við náðum reyndar aldrei að góma hann almennilega.“

Samskiptin við Rússana

Öðru hverju heyrum við fregnir af rússneskum herskipum í íslenskri landhelgi. Er það ekki beygur sérhvers manns í Landhelgisgæslunni að Rússarnir fari að koma? „Nei, þetta eru venjulega miklir heiðursmenn, ég hef í raun ekkert upp á þá að klaga. Þeir eru venjulega mjög samvinnuþýðir. Reyndar er það svo að öll skip mega koma í landhelgina nema hvað herskip þurfa sérstakt leyfi til að koma inn fyrir 12 mílna landhelgi og ég man nú ekki eftir því að neinn hafi komið þangað í leyfisleysi.“

jse@frettabladid.is

DYNAMO REYKJAVÍK

Fjárhagsleg heilsa þín skiptir öllu máli!

Byrjaðu á **byr.is**
– kannaðu fjárhagslega heilsu þína
og komdu með í ræktina!

BYR
SPARISJÓÐUR

Nýtt ár - N

Froosh 100% hreinn ávaxta-smoothie
án allra aukaefna og sykurs

Ljúffengur ananas

Myllu speltbrauð ekkert hvítt hveiti

Jói Fel hafrakaka hollari biti milli mála

Gildir til 13. janúar eða á meðan birgðir endast.

ý markmið!

Magic Monkey
Hreinn lífrænn granateplasafi

Deli tortillur með brokkolí- eða grænmetisbuffi, spínati, pestó og fleira

Mangó safaríkt og gott

Lambalæri beint úr kjötborði

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Svona erum við

> Hlutfall karla og kvenna sem voru skráðir íþróttaiðkendur innan ÍSÍ árið 2004.



HEIMILD: ÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS OG HAGSTOFAN.

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HÚSAFRIÐUNARNEFND

Varðveitir byggingararf þjóðarinnar

Húsafriðunarnefnd samþykkti á þriðjudag að friða húsin við Laugaveg 4 og 6, en nokkur styr hefur staðið um fyrirhugað niðurrif þeirra. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að friðunin myndi kosta Reykjavíkurborg hundruð milljóna króna.

Hver eru verkefni Húsafriðunarnefndar?

Húsafriðunarnefnd ber að varðveita byggingararf þjóðarinnar og metur því hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gerir um það tillögur til menntamálaráðherra. Menntamálaráðherra hefur aldrei hafnað slíkri tillögu. Nefndin hefur samráð við þjóðminjavörð og minjavörð þess landsvæðis sem hús tilheyrir þegar fjallað er um friðun húss. Nefndin hefur einnig umsjón með húsafriðunarsjóði og veitir styrki úr honum. Nefndin veitir einnig umsagnir í málum sem varða húsafriðun.

Hvernig vinnur nefndin að þessum markmiðum?

Húsafriðunarnefnd mótar stefnu í húsverndunarmálum á landinu og metur hvaða hús á að friða. Einnig fer hún yfir umsóknir um breytingar, viðhald og endurbætur á friðuðum húsum, en þeim má ekki hrófla við án samþykkis hennar. Friðun húss staðfestir menningarsögulegt, byggingarsögulegt eða listrænt gildi þess og að húsið sé styrkhæft úr húsafriðunarsjóði. Nefndin hefur einnig eftirlit með þessum húsum og öllum þeim sem framkvæmdum sem hún styrkir. Einnig stundar nefndin byggingarsögulegar rannsóknir og gefur út rit um þær.

Hverjir skipa nefndina?

Menntamálaráðherra fer með yfirumsjón húsafriðunar á landinu og skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn og þrír fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Nikulás Úlfar Másson arkitekt er forstöðumaður húsafriðunarnefndar.

Hefði viljað gullið

„Annað silfur. Ég hefði frekar viljað fá gullið," sagði repúblikaninn Mitt Romney þegar ljóst var að hann myndi hreppa annað sætið í New Hampshire rétt eins og í Iowa í síðustu viku. Hann hafði lagt alla áherslu á öfluga kosningabaráttu í þessum tveimur ríkjum og treysti á að sigra að minnsta kosti í öðru þeirra. Hann getur þó huggað sig við að hann fékk svo sannarlega „gullið" í Wyoming, þar sem repúblikanar héldu forval sitt á laugardaginn var. Þar fékk hann 67 prósent atkvæða.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele TILBOÐ

vilborga@centrum.is

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Þvottavél W1714	172.286	128.464
1400sn/mín/6 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rakaþéttir/6 kg		

Þvottavél verð frá kr.:
99.900

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

Slagurinn rétt að hefjast

Óvæntur sigur Hillary Clinton í forkosningum Demókrataflokksins í New Hampshire gerir það að verkum að enginn einn frambjóðandi flokksins hefur afgerandi forskot í framhaldinu.

TILFINNINGAÞRUNGIN STUND Hillary Clinton á kosningafundi með hópi kvenna á kaffihúsi í Portsmouth á þriðjudaginn, þar sem hún var spurð hvernig hún færi eiginlega að því að halda sér gangandi í kosningabaráttunni. „Það er erfitt," sagði hún og varð klökk í röddinni, en sagðist hafa sterka sannfæringu. Stjórnmálaskýrendur hafa sumir hverjir gert mikið úr því að þessi tilfinningaþrungna stund hafi ráðið úrslitum um sigur hennar í New Hampshire. NORDICPHOTOS/AFP

Þeir Barack Obama og John Edwards munu takast næst á við Clinton í Michigan og Nevada í næstu viku en síðan hægist nokkuð um þangað til kosið verður í Flórída í lok janúar. Í byrjun febrúar verður síðan kosið í meira en tuttugu ríkjum samtímis og þá ráðast örlög flestra frambjóðendanna.

Meðal Repúblikana er staðan miklu óvissari því fimm frambjóðendur þykja enn eiga góða möguleika á að verða forsetaefni flokksins í kosningunum, sem haldnar verða í nóvember. Þótt John McCain hafi náð góðum sigri í New Hampshire og Mike Huckabee sömuleiðis í Iowa, þá eru þeir báðir peningalitlir og gætu átt erfitt með að halda út lengi af þeim sökum. - gb

HELSTU FRAMBJÓÐENDUR DEMÓKRATA

Barack Obama

Fæddur 1961 á Havaí, mótmælendatrúar.

Lögfræðingur frá Harvard 1991.

Var öldungadeildarþingmaður í Illinois 1997-2004, hefur verið öldungadeildarþingmaður fyrir Illinois síðan 2004.

Hefur safnað 80 milljónum dala (5 milljörðum króna), á 36 milljónir eftir.

Hlaut 36 prósent í New Hampshire, 37 prósent í Iowa.

Hillary Clinton

Fædd 1947 í Chicago, meþódisti.

Lögfræðingur frá Yale.

Var forsetafrú 1992-2000, hefur verið öldungadeildarþingmaður fyrir New York síðan 2000.

Hefur safnað 90 milljónum dala (5,6 milljörðum króna), á 50 milljónir eftir.

Hlaut 39 prósent í New Hampshire, 29,5 prósent í Iowa.

John Edwards

Fæddur 1953 í Suður-Karólínu, meþódisti.

Lögfræðingur að mennt.

Var öldungardeildarþingmaður fyrir Norður-Karólínu 1999-2005.

Hefur safnað 30 milljónum dala (1,9 milljörðum króna), á 12 milljónir eftir.

Hlaut 17 prósent í New Hampshire, 29,7 prósent í Iowa.

HELSTU FRAMBJÓÐENDUR REPÚBLIKANA

John McCain

Fæddur 1936 við Panamaskurðinn, er í bandarísku biskupakirkjunni.

Flugmaður í bandaríska sjóhernum 1958-81, var stríðsfangi í Víetnam 1967-73.

Fulltrúadeildarþingmaður 1983-87. Öldungadeildarþingmaður frá 1986.

Hefur safnað 32 milljónum dala (2 milljörðum króna), á 3,5 milljónir eftir.

Hlaut 37 prósent í New Hampshire, 13 prósent í Iowa.

Mike Huckabee

Fæddur 1955 í Arkansas, baptisti.

Guðfræðingur og lögfræðingur.

Var ríkisstjóri í Arkansas 1996-2007.

Hefur safnað 2,3 milljónum dala (145 milljónum króna), á 651 þúsund eftir.

Hlaut 11 prósent í New Hampshire, 34 prósent í Iowa.

Mitt Romney

Fæddur 1947 í Detroit, mormóni.

Lögfræðingur frá Harvard.

Ríkisstjóri í Massachusetts 2003-2007.

Hefur safnað 62 milljónum dala (3,9 milljörðum króna), á 9 milljónir eftir.

Hlaut 32 prósent í New Hampshire, 67 prósent í Wyoming, 25 prósent í Iowa.

Rudy Giuliani

Fæddur 1944 í Brooklyn í New York, kaþólskur.

Lögfræðingur frá New York University.

Var borgarstjóri í New York 1994-2001.

Hefur safnað 47 milljónum dala (3 milljörðum króna), á 16 milljónir eftir.

Hlaut 9 prósent í New Hampshire, 3,5 prósent í Iowa.

Fred Thompson

Fæddur 1942 í Sheffield, Alabama, mótmælendatrúar.

Lögfræðingur frá Vanderbilt-háskóla, leikari síðan 1985.

Öldungadeildarþingmaður 1994-2003.

Hefur safnað 12 milljónum dala (756 milljónum króna), á 7 milljónir eftir.

Hlaut 1 prósent í New Hampshire, 25 prósent í Wyoming, 13 prósent í Iowa.

SÉR-TILBOÐ!

bað innréttingar

Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager

WLU 600 - 700 - 900 Fáanlegt í eik-hvítt og svörtu

WLU 147 Neðri skápur með handl. 61x48
Eik **34.300,-** stgr.

WLU 125 Neðri skápur m handl. 45x30
Eik **23.900,-** stgr.

WLU 06A 120 sm
Eik **58.900,-** stgr.



WLU 06A 120 sm
Hvítt háglans **58.900,-** stgr.

WLU 147 61x48 +25sm
Hvítt háglans/eik **49.900,-** stgr.

WLU 147 61x48 +25 sm
Eik **49.900,-** stgr.

K-W049
Hvítt háglan **105.900,-** stgr.

K-W056
Rautt háglans **98.900,-** stgr

WLU 125
45 x 30 sm
Eik
27.900,- stgr

www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Útgjöldin
> Magn af kartöflum sem Íslendingar neyta að meðaltali á ári.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR, RITSTJÓRI SKESSUHORNS

Sendir póstkort eftir góð kaup

„Fyrir tveimur árum keypti ég Volkswagen Golf af vinahjónum mínum og borgaði fyrir hann litlar 100 þúsund krónur. Hann átti að endast mér í tvö ár, meðan ég væri blankur námsmaður í Háskólanum á Bifröst. Það er skemmst frá því að segja að bíllinn gekk eins og klukka í nákvæmlega tvö ár, nánast upp á dag. Þau sem seldu mér hann vilja reyndar meina að hann hefði átt mun lengra líf fyrir höndum ef ég hefði bara sýnt honum nægilega væntumþykju," segir Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, ritstjóri Vesturlandsblaðsins Skessuhorns, þegar hún minnist bestu kaupa ævi sinnar en fleiri góð kaup koma þó einnig upp í huga hennar.

„Svo gerði ég líka ýmis frábær kaup í antikbúð á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn þar sem ég fjárfesti meðal annars í 40 ára gamalli klukku af járnbrautarstöð og skraddaraspegli frá 18. öld. Mér og eiganda búðarinnar varð vel til vina, ég sendi honum meira að segja póstkort í hvert skipti sem ég flyt á milli landa.

Ég hef greinilega reynt að sópa vondum kaupum markvisst inn í svarthol í höfðinu á mér því ég man ekki eftir neinum í svipinn. Það væri þá helst hægt að nefna sérstakan pokalokara sem ég keypti handa mömmu á flóamarkaði í Danmörku þegar ég var 11 ára. Þetta var svona tæki sem lokaði pokum með límbandi. Ég sá það strax að þetta væri eitthvað sem móðir mín gæti nýtt sér við nestisgerð mína og borgaði uppsett verð fyrir gripinn. Mér til mikillar undrunar notaði mamma pokalokarann aldrei og kaupin verða því að teljast nokkuð vond. Svo hef ég nú líka upplifað nokkur skrautleg e-bay ævintýri sem ég er ekki viss um að borgi sig að útlista nánar."

GÓÐ HÚSRÁÐ

TÓNLISTIN LÉTTIR UPPVASKIÐ

✣Einar Bárðarson lumar á góðu ráði til að létta uppvaskið

Einar hefur gefið út bók um öll trixin í umboðsmennskunni en hann lumar líka á góðu trixi þegar kemur að heimilisstörfum. „Þegar maður þarf að vaska upp er um að gera að hafa græjur við höndina og setja á góða tónlist. Þá kæmi sér til dæmis vel að hlusta á Garðar Cortes. En þegar kemur að því að ryksuga dugar ekkert annað en Olga Guðrún og Ryksugan á fullu. Það er fínn slagari þegar þannig ber undir."

■ Niðurhal

Sjálfvirk takmörkun á erlendu niðurhali

Sjálfvirk takmörkun er á erlendu niðurhali, utanlandsbandvídd Símans. Kerfið mælir samtölu erlends niðurhals yfir sjö daga tímabil og bregst við ef viðskiptavinur fer yfir 20 gígabita niðurhal á tímabilinu. Að sjö dögum liðnum hefst nýtt tímabil og hraði á erlendu niðurhali viðskiptavinarins verður sami og áskrift hans segir til um. Því getur viðskiptavinur Símans haft rúmlega 80 gígabæta niðurhal á mánuði án þess að til takmarkana komi. Þá býður Síminn upp á sérstakar þjónustuleiðir fyrir þá viðskiptavini sem hafa þörf fyrir meira erlent niðurhal.

■ Umhverfisvernd

Plastpokar bannaðir í Kína

Kínversk stjórnvöld hafa tilkynnt að verslunum verði óheimilt að afhenda ókeypis plastpoka frá og með júní á þessu ári í tilraun til að stemma stigu við mengun. Framleiðsla á örþunnum plastpokum verður einnig bönnuð. Þess í stað verður fólk hvatt til þess að nota körfur eða endurnýtanlega taupoka í verslunarferðum sínum. „Plastpokar sem notaðir eru við innkaup eru mikið notaðir og erfitt er að endurvinna þá. Þeir hafa því valdið alvarlegri eyðslu á orku og auðlindum auk umverfismengunar," segir í tilkynningu stjórnvalda.

Stéttarfélög styrkja margvíslegt nám

Starfsmenntasjóðir stéttarfélaga styrkja námskeið félagsmanna um allt að þrjá fjórðu af námskeiðsgjaldi. Reglurnar eru þó misjafnar. Félagsmenn verða yfirleitt að skila inn kvittun og vottorði um að nám hafi verið stundað.

STARFSTENGT NÁM ER BETUR STYRKT EN TÓMSTUNDANÁM Algengt er að stéttarfélög endurgreiði allt að 75 prósent af endurmenntunarnámskeiðum.

Algengt er að starfsmenntasjóðir stéttarfélaganna styrki endurmenntun og tómstundanámskeið um helming til sjötíu og fimm prósent af námskeiðsgjaldi. Þetta er þó misjafnt eftir félögum og námskeiðum. Mismunandi er hvort fyrirtæki styrkja nám og endurmenntun starfsmanna sinna til viðbótar.

Allir starfsmenn þurfa að skila inn kvittun fyrir útlögðum kostnaði og vottorði um námsframvindu eða að námið sé stundað. Sjóðirnir styrkja yfirleitt betur starfstengt nám en tómstundanám. Misjafnt er hve lengi menn hafa þurft að borga í sjóðinn.

Hjá VR verða félagsmenn að safna stigum. Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður VR, segir að nám sé yfirleitt styrkt um helming af námskeiðsgjaldi. Nám vottað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sé styrkt um allt að 75 prósent en geti þó farið eftir stigum viðkomandi. Hafi félagsmaðurinn fullnýtt styrkmöguleika sína verður hann að byrja aftur að safna stigum eða leggja sjálfur út fyrir náminu.

Á almenna markaðnum eru tveir stórir sjóðir, Starfsafl sem styrkir félagsmenn Eflingar, Hlífar í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Landsmennt sem sinnir öðrum félagsmönnum Starfsgreinasambandsins. Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls, segir að nánast allt nám sé styrkt.

„Styrkirnir eru mismunandi eftir því hvort námið er viðurkennt starfsnám, einingabært eða ekki. Hámarksupphæðin er 50 þúsund krónur á ári en að hámarki 75 prósent af námsgjaldinu. Tómstundanámskeið eru styrkt 50 prósent en hámarksstyrkurinn er þó 15 þúsund krónur á ári," segir hann. Hærri styrkir eru veittir í undantekningartilvikum. Útlendingar þurfa aðeins að hafa greitt í mánuð í stéttarfélög til að geta fengið 75 prósent af íslenskunámskeiði greitt. Vinnuveitendur styrkja þá oft á móti.

Margrét Þórisdóttir, starfsmenntunarsjóðsfulltrúi BHM, segir að félagsmenn verði að hafa greitt eitt ár í sjóðinn og þá eigi allir sama rétt, allt að 60 þúsund króna endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Námið verði að vera fageða starfstengt. **ghs@frettabladid.is**

Umhverfisvæn þjónusta fyrir Reykvíkinga

Rafræn birting álagningarseðla fasteignagjalda 2008 á www.reykjavik.is

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar geta fasteignaeigendur:

- skoðað álagningarseðilinn í **Rafrænni Reykjavík** fyrir árið 2008 (eftir 20. janúar nk.) og alla breytingaseðla sem koma þar á eftir.
- afpantað álagningarseðilinn og breytingaseðla í pósti.
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda.
- valið hvort maður vilji einn eða sex gjalddaga á fasteignagjöldunum.
- gefið upp reikningsnúmer fyrir Reykjavíkurborg að leggja inn á ef maður ofgreiðir gjöldin eða þau lækkuð einhverra hluta vegna.

Upplýsingar og aðstoð í síma 411 1111
www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg

Bræður taka yfir rekstur Sporthússins í Kópavogi:

Kortin gilda áfram

Bræðurnir Þröstur Jón og Ingi Páll Sigurðssynir hafa yfirtekið rekstur inn á Sporthúsinu af ISF, Iceland Spa & Fitness, og munu reka stöðina áfram undir heitinu Sporthúsið.

Þröstur Jón segir að breytingin komi ekki niður á viðskiptavinum. Þeir geti notað kortin sín eftir sem áður bæði í Sporthúsinu og hjá stöðvum ISF en nýir viðskiptavinir geti það ekki. „Við munum slíta reksturinn frá ISF þannig að þessi stöð verði alveg sjálfstæð. Svo ætlum við að horfa fram í tímann, stokka upp og gera breytingar."

Aðrar breytingar á hjá líkamsræktarstöðvum nú eru að Hreyfing og World hafa opnað í nýju húsnæði. Þá hafa nýjar stöðvar tekið til starfa, til dæmis H10 í Kórahverfi í Kópavogi. **- ghs**

BRÆÐUR TAKA YFIR Þröstur Jón Sigurðsson og bróðir hans Ingi Páll hafa nú tekið yfir rekstur Sporthússins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Grísakjöt á góðu verði!

Grísakótilettur ferskar 898 kr/kg.

Grísahnakki ferskur úrbeinaður 898 kr/kg.

Grísahakk ferskt 498 kr/kg.

Grísarifjasteik fersk 498 kr/kg.

Óðals-borgarar-
4 stk m/brauði 298 kr pakkinn.

100% ungnautahakk ferskt 40% afsláttur
798 kr/kg. Merkt verð 1330 kr.

Bónus lýsi 500 ml 298 kr.fl.
Lýsis-heilsutvenna 559 kr.pk.
Lýsis-Omega 3 forte 859 kr.pk.
Lýsis Sportþrenna 898 kr.pk.

Lambasúpukjöt 1.flokkur 499 kr/kg.
Enginn biti tekinn úr.

Goða pylsur 10 stk 35% afsláttur
335 kr.pk. Merkt verð 515 kr.pk

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Heimasíða Bónus: www.bonus.is

EGG ÚT

HEFST Í DAG KL. 11

25% afsláttur
af öllum flísum

25% afsláttur
af blöndunar- og hreinlætistækjum

30-40% afsláttur
af öllum ljósum

60% afsláttur
af Lín Design

20-80% afsláttur
af öllum húsgögnum

40% afsláttur
af völdu veggfóðri

Eldhúsinnréttingar Baðinnréttingar Skápar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar

EGG ER STÓRVERSLUN
- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

SALAN

egg útsala • egg útsala • egg útsala •

allt að **80%** afsláttur

Designa stólar
hvítir/svartir
4.750
verð áður **5.900**

Borðstofustóll
hvítur/eikarfætur
5.900
verð áður **12.900**

egg afsláttur **50%** egg afsláttur

Vasar í úrvali
verð frá 499

AÐEINS **199** KR/STK

Kersten, glös
199 kr/stk

Designa, borðstofuborð
18.900
verð áður **26.900**

egg afsláttur **60%** egg afsláttur

Lín Design, púðaver / rúmteppi
638 / 5.450

egg afsláttur **40%** egg afsláttur

Sófasett, hvítt leður
125.900
verð áður **209.700**

Witt, klakavél
29.900
verð áður **39.900**

Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Veggfóður | Hönnunarsetur

EGG
SMÁRATORGI

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
5.469 **-3,26%**

Fjöldi viðskipta: 1.369
Velta: 26.798 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATORKA	0,42%
EIK BANKI	0,41%

MESTA LÆKKUN

FL GROUP	7,89%
STRAUMUR-BURÐA.	4,53%
KAUPÞING	3,90%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,62 +0,42% ... Bakkavör 51,30 -2,29% ... Eimskipafélagið 33,00 -1,20% ... Exista 15,15 -2,26% ... FL Group 11,33 -7,89% ... Glitnir 19,80 -3,42% ... Icelandair 26,25 -1,13% ... Kaupþing 740,00 -3,90% ... Landsbankinn 31,60 -2,17% ... Marel 100,00 -0,99% ... SPRON 7,68 -3,52% ... Straumur-Burðarás 13,07 -4,53% ... Össur 95,00 -1,55% ... Teymi 5,70 -2,06%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Sagði ég ekki?

Lars Christiansen, sérfræðingur greiningardeildar Danske Bank, er drýgindalegur í viðtali við Fréttablaðið í dag. Hann lætur að því liggja að nú séu að koma fram þær hrakspár sem bankinn setti fram um íslenskt efnahagslíf og yfirvofandi kreppuástand. Félagarnir í bankanum eru raunar búnir að bíða nokkuð lengi eftir þessu, enda fyrsta spá sett fram á fyrriparti árs 2006. En það er vissulega ekki einsdæmi að bíða þurfi eftir að spár rætist. Þannig er enn beðið eftir að komi fram spádómar Nostradamusar frá byrjun sextándu aldar.

Vonarglæta

Annars hefur því heyrst fleygt að nokkur vonarglæta sé í því að sjáandi Danske Bank taki þennan pól í hæðina, því með því aukist heldur líkur á viðsnúningi til hins betra og hlutabréfamarkaður hér heima taki að rétta úr kútnum. Þá er óvarlegt að ætla Lars of mikla meinfýsni í garð mörlandans, hann viðurkennir jú að líklegast séu þetta áhrif alþjóðlegrar fjármálakrísu og lausafjárþurrðar sem hér hafi áhrif á markaðinn, líkt og annars staðar í heiminum. En um leið heldur hann sig við að tengsl á milli fyrirtækja hér auki áhrif kreppunnar.

MARKAÐSPUNKTAR

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs á síðasta ári námu tæpum 68 milljörðum króna. Þar af námu almenn íbúðalán nærri 55 milljörðum en leiguíbúðalán 13 milljörðum.

Veltumet var slegið á skulda- og íbúðabréfamarkaði á þriðjudag. Þetta var jafnframt þriðji dagurinn í röð sem metið er slegið, að því er fram kemur í Morgunkorni greiningardeildar Glitnis.

Í tengslum við breyttar áherslur í rekstri Icebank hefur skipulagi bankans verið breytt. Nýju tekjusviði, fyrirtækjaráðgjöf, hefur verið bætt við og tveir nýir framkvæmdastjórar hafa verið ráðnir, þeir Aðalsteinn Jóhannsson og Sveinn Andri Sveinsson.

Svigrúm til lækkunar stýrivaxta

Lækkanir stýrivaxta í Bandaríkjunum og Evrópu auka líkur á lækkun hér.

Innan greiningardeilda bankanna ágerast þær raddir að vegna hraðrar kólnunar efnahagslífsins kunni vaxtalækkunarferli Seðlabankans að hefjast fyrr en áður hefur verið talið. Enn er þó spáð óbreyttum vöxtum á næsta stýriákvörðunardegi sem er 14. febrúar næstkomandi.

ÓLAFUR ÍSLEIFSSON

„Nú sýnast vera vaxandi líkur á því að seðlabankinn bandarískri lækki stýrivexti á næsta vaxtaákvörðunardegi, sem er 30. janúar, og talað um allt að 50 punkta lækkun," segir Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann segir að við vaxtaþróun sem þessa í umheiminum verði til aðstæður sem Seðlabanki Íslands gæti nýtt sér til lækkunar vaxta hér, án þess að af því leiddi veiking krónunnar með tilheyrandi þrýstingi til verðhækkana. „Lækkandi vextir í umheiminum gætu skapað Seðlabankanum svigrúm til að lækka vexti án þess þó að minnka vaxtamuninn gagnvart útlöndum. Vaxtamunurinn hefur verið þýðingarmikið tæki til að styðja við gengi krónunnar og aftra því að hér myndist skriða verðhækkana vegna lækkandi gengis."

SEÐLABANKI EVRÓPU Í dag tekur Seðlabanki Evrópu ákvörðun um stýrivexti og lækkun sögð líkleg. Þá er talið að Seðlabanki Englands haldi vöxtum óbreyttum í dag. Í lok mánaðarins er spáð lækkun stýrivaxta í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fjármálasérfræðingar bæði hér heima og erlendis telja líkur á að seðlabankar víða um heim muni bregðast við samdrætti í kjölfar lausafjárþurrðarinnar með lækkun stýrivaxta. - óká

MAGNÚS KRISTINSSON OG ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON Samkomulag Gnúps við lánardrottna er til þess fallið að tryggja félagið fyrir erfiðum markaðsaðstæðum, segir í tilkynningu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Gnúpur semur við lánardrottna

Skuldir Gnúps hafa minnkað, eignir verið seldar og starfsemi verður dregin saman. Pálmi Haraldsson í Fons kaupir hlut Gnúps í FL Group á 10 milljarða.

Fjárfestingarfélagið Gnúpur hefur náð samkomulagi við lánardrottna um endurskipulagningu félagsins að því er fram kemur í tilkynningu frá félaginu. Þá hefur Pálmi Haraldsson, oft kenndur við Fons, keypt rúmlega sex prósenta hlut Gnúps í FL Group á tíu milljarða króna.

Yfirlýsing Gnúps kemur í kjölfar frétta af fjárhagslegum örðugleikum félagsins sem birst hafa í fjölmiðlum. Fram kemur í tilkynningunni að dregið hafi verið úr skuldsetningu Gnúps og helstu eignir seldar, þá verði starfsemi félagsins dregin saman. Samhliða hafi náðst samkomulag við lánardrottna um endurfjármögnun eftirstandandi skulda félagsins hjá viðskiptabönkum og samið um aðrar skuldir.

Aðgerðirnar eru sagðar hafa tryggt félaginu fjárhagslegan sveigjanleika til að mæta erfiðum markaðsaðstæðum. Undir yfirlýsinguna skrifar Þórður Már Jóhannesson, forstjóri.

Stærstu hluthafar í Gnúpi eru þeir Þórður Már, Magnús Kristinsson og Kristinn Björnsson, auk Birkis Kristinssonar, bróður Magnúsar og fyrrverandi landsliðsmarkvarðar í knattspyrnu.

Með kaupum sínum á hlut Gnúps í Glitni verður Pálmi Haraldsson næststærsti einstaki hluthafinn í Glitni, með rúmlega tólf prósenta hlut. Gnúpur heldur eftir rétt tæplega fjögurra prósenta hlut. Gengið í viðskiptunum var 12,1 sem er nokkuð yfir lokagengi FL Group í Kauphöllinni, en bréfin stóðu í ríflega 11,3 krónum við lokun.

jsk@frettabladid.is

HoF skákar keppinautum

Breska stórverslanakeðjan House of Fraser jók jólsasölu sína um 2,4 prósent milli áranna 2006 og 2007. Félagið er í eigu Highland Aquisitions Limited, sem er að hluta í eigu Baugs.

Fram kemur í tilkynningu frá House of Fraser að brúttóhagnaður á tímabilinu hafi einnig verið meiri en í fyrra. Þess utan hafi House of Fraser tekist að minnka birgðir sínar um tuttugu prósent síðan í fyrra.

Þessar tölur House of Fraser eru á skjön við upplýsingar sem berast frá öðrum breskum stórverslunum. Þannig dróst jólasalan saman hjá bæði Marks og Spencer, sem Baugur átti á sínum tíma hlut í, og lækkuðu bréf í félaginu um tæplega tuttugu prósent í Kauphöllinni í Lundúnum í gær. Sömu leið fóru hlutabréf í Debenhams, sem lækkuðu um rétt tæp tíu prósent. - jsk

MIKIL SALA Jólasala House of Fraser jókst um 2,4 prósent síðan í fyrra.

LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í forsíðufrétt Markaðarins í gær að Ársreikningaskrá starfaði innan embættis ríkissaksóknara. Hið rétta er að skráin starfar innan embættis ríkisskattstjóra.

Tilboð 2 fyrir 1 á öllum vörum

dagana 10. - 12. janúar á útsölumörkuðum 66°Norður í Reykjavík og Akureyri

Þú kaupir eina dúnúlpu...

... og færð aðra fría með

eða aðra flík á sama verði eða ódýrari.

Opnunartímar
Fim og Fös: 9-18
Lau: 10-16

ÚTSÖLUMARKAÐUR

Faxafeni 12, Reykjavík• Glerárgötu 32, Akureyri.

www.66north.is

66° NORÐUR

skoðun

greinar@frettabladid.is

Húsafriðun í miðbænum er á villigötum.

Glórulaus hreintrúarstefna

JÓN KALDAL SKRIFAR

Við Laugaveg númer 18 er til húsa vinsælasta og farsælasta verslun götunnar. Þetta er Bókabúð Máls og menningar sem er opin frá því snemma að morgni til tíu á kvöldin alla daga vikunnar

Eftir að aðrar verslanir loka á laugardögum, og opna fæstar aftur fyrr en á mánudögum, er Mál og menning eins og vin í eyðimörkinni. Þetta þekkja þeir vel sem leggja leið sína í miðbæinn um helgar, hvort sem þeir koma úr næstu götum, úthverfum borgarinnar eða utan úr heimi. Það er ekki of djúpt í árinni tekið að segja að í húsinu við Laugaveg 18 slær hjarta Laugavegarins. Þetta hús er eitt af örfáum í gjörvöllum miðbænum þar sem tifar fjölbreytt starfsemi allan sólarhringinn. Skýringin er sú að á efri hæðum hússins eru ekki aðeins skrifstofur heldur líka vinsælt hótel sem hefur með tímanum teygt sig yfir á efri hæðir nærliggjandi húsa.

Laugavegur 18 er sem sagt yndislegt miðbæjarhús. Bara að við ættum fleiri slík. Staðreyndin er hins vegar sú að ef við eigum að trúa þeim sem tala hæst um byggingar við Laugaveginn, þá er hús eins og stendur við Laugaveg 18 hryllilegt menningarsögulegt slys. Það er steinsteypt, fyllir út í lóðamörk og rís sex hæðir upp úr jörðinni.

Húsafriðunarnefnd hefur nú stöðvað undirbúning byggingar húss við Laugaveg 4 og 6, sem á að hýsa svipað samsettan rekstur og Máls og menningar-húsið, verslun á götuhæð og hótel á þeim efri. Samkvæmt teikningum á þetta hús að vera tveimur hæðum lægra en Laugavegur 18 en þykir þó of hátt á þessum stað.

Formaður Húsafriðunarnefndar hefur greint frá því að mat nefndarinnar sé að fyrirhuguð nýbygging rýri varðveislugildi Laugavegar 2 og sé ekki í takt við götumynd Laugavegar. Það er hjákátlegt til þess að hugsa en við gafl þessa sama húss stendur fimm hæða steinhús við Skólavörðustíg 1A. Og þetta hús er engin nýbygging heldur var reist á fjórða áratug síðustu aldar, í kartöflugarði við húsið að Laugaveg 4.

Skólavörðustígur 1A er eitt af mörgum húsum í miðbænum sem var byggt samkvæmt fyrsta heildarskipulagi fyrir Reykjavík. Það skipulag var samþykkt árið 1927 og miðað að því að Reykjavík yrði bær í evrópskum stíl. Götumyndin sem var lögð til grundvallar gekk út á sambyggð nokkurra hæða hús. Byggðin átti að rúmast innan Hringbrautar, Ánanausta, Skúlagötu og Snorrabrautar og íbúar að búa í göngufæri við miðbæinn. Þetta skipulag sprakk þegar leið á fjórða áratuginn og byggðin fór að teygja sig stefnulaust í allar áttir, illu heilli fyrir framtíðarsvip borgarinnar.

Þetta er hér fært til bókar því það mætti halda að það sé seinni tíma uppfinning að byggja hátt við Laugaveg. Hið rétta er að það er margra áratuga saga og vilji fyrir því að koma upp reisulegum húsum við Laugaveg. Viljinn var bara lengi vel langt umfram efnahag þjóðarinnar.

Einkennismerki Laugavegarins hefur um árabil verið sundurgerðin. Þar eru sannarlega mörg gömul hús sem verður að vernda, en hreintrúarstefna á borð við þá sem birtist í teikningum af endurgerðum húsunum við Laugaveg 4 og 6, á ekki erindi við aðalverslunargötu miðbæjarins. Hún fæst einungis þrifist í skjóli hins opinbera og er fölsun á veruleikanum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

HLAÐVARPINN
MENNINGARSJÓÐUR KVENNA Á ÍSLANDI
ÚTHLUTUN
Fyrsta úthlutun Hlaðvarpans
fer fram á morgun
11. JANÚAR kl.17 í IÐNÓ
Fyrrverandi og núverandi Hlaðvarpakonur
hjartanlega velkomnar
www.hladvarpinn.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hvar voru Davíð og Geir?

Taugatitringur gerir vart við sig eftir dýfu markaðarins undanfarna daga. Í hópi hinna uggandi er Björn Ingi Hrafnsson borgarfulltrúi, sem auglýsir eftir viðbrögðum forsætisráðherra og seðlabankastjóra. „Hvar eru þeir Geir H. Haarde og Davíð Oddsson? Hvers vegna eru þeir ekki í fjölmiðlum að gefa yfirlýsingar til að skapa ró á markaði og bregðast við aðstæðum?“ Það er rétt athugað að stjórnmálamenn og bankastjórar voru merkilega hljóðir í gær. Og vissulega er alltaf gaman að heyra hvað Geir og Davíð hafa til málanna að leggja en á móti má spyrja; hvað geta þeir svo sem sagt og gert til að hífa upp verð á hlutabréfum?

Allir tapa

Björn Ingi heldur áfram og varar þá við sem láta sér fátt um finnast um nýjustu fréttir á fjármálamarkaði. „Það er mikill misskilningur að vandræði af þessum toga séu aðeins bundin við þá sem sýsla með hlutabréf. Að þeir sem hafa lifað hátt þurfi einfaldlega á jarðtengingu að halda,“ skrifar Björn Ingi á heimasíðu sína. „Ef alvarleg niðursveifla verður á markaði finna allir fyrir því. Peningamagn minnkar í umferð, húsnæði lækkar í verði eða selst hægar og spurn eftir lóðum, vöru og þjónustu dregst saman. Allir tapa og verða að draga saman seglin, ekki aðeins verðbréfasalarnir.“

Lendingin yfirstaðin?

Björn Ingi endar færsluna á dökkum nótum. „Lendingin er yfirstaðin, en hún var ekki mjúk heldur ákaflega harkaleg. Og enginn veit enn hverjar afleiðingarnar verða.“ Þetta er djörf niðurstaða. Auðvitað er engin ástæða til að gera lítið úr alvarleika málsins en hvað hafa fréttir af þenslu, launaskriði, of litlu atvinnuleysi og alltof háu húsnæðisverði dunið yfir okkur lengi ? Má mögulega túlka atburði undanfarinna daga sem drög að ástandi sem kalla má eðlilegt?

bergsteinn@frettabladid.is

Dvínandi afli: Taka tvö

Tæknilega séð væri hægðarleikur að kippa sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB í lag, svo að útvegur ESB-landanna gæti horft björtum augum til framtíðarinnar. Til þess þyrfti að bæta úr þeim fjórum megingöllum, sem ég lýsti á þessum stað fyrir viku.

Hvað er til ráða?

Í fyrsta lagi þyrfti að taka ákvarðanir um aflamark úr höndum stjórnmálamanna með því til dæmis að stofna sérstakt ráð, sem hefði það hlutverk að tryggja hámarksafrakstur af fiskimiðum í lögsögu ESB-landanna til langs tíma litið. Hugsunin hér er hina sama og býr að baki núgildandi löggjöf um sjálfstæða seðlabanka nær alls staðar um iðnríkin og víðar: peningamál eru mikilvægari en svo, að vert sé að treysta skammsýnum og duttlungafullum stjórnmálamönnum fyrir stjórn þeirra. Þessari lausn væri hægt að koma við í hverju landi fyrir sig eða innan ramma nýrrar sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB, þar sem réttur og hagur hvers aðildarríkis væri tryggður. Þessi hugsun er í góðu samræmi við upphaflega hugsjón ESB: að stilla til friðar milli landa með samstjórn mikilvægra náttúruauðlinda og annarra mála, sem ríkur samhagur er bundinn við.

Í annan stað þyrfti að selja kvótana, sem aflamarksráðið ákvæði, á markaðsverði eða opnu uppboði til að koma veiðiréttindunum örugglega í hendur þeirra, sem geta dregið fiskinn úr sjó með minnstum tilkostnaði.

Í þriðja lagi þyrfti að tryggja frjáls viðskipti með kvóta. Þessar þríþættu umbætur á sameiginlegri fiskveiðistefnu ESB myndu efla bæði hagkvæmni og réttlæti – hagkvæmni með því að færa veiðiheimildirnar í hendur þeirra, sem bezt kunna með þær að fara, í frjálsri samkeppni, til dæmis á uppboðsmarkaði, þar sem allir sitja við sama borð, og réttlæti með því að koma arðinum af sameignarauðlindinni í hendur réttra eigenda að lögum: skattgreiðenda. Væri sameiginleg fiskveiðistefna ESB með þessu móti færð í heilbrigt markaðsbúskaparhorf, gætu Ísland og Noregur gengið áhyggjulaus og létt í spori í ESB, með því að tryggt væri, að

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Fiskveiðistjórnun ESB

Kvótakerfi ESB hvetur líkt og íslenzka kvótakerfið til brottkasts, því að fiskimenn reyna skiljanlega að fylla kvótana sína með dýrum fiski og fleygja því undirmálsfiski.

frjáls aðgangur að uppboðsmörkuðum væri aðskilinn frá frjálsum aðgangi að auðlindunum, sem kæmi að sjálfsögðu aldrei til greina. Ef skozkir fiskimenn geta greitt hærra verð en íslenzkir fyrir veiðirétt á Íslandsmiðum, geta báðar þjóðirnar hagnazt á viðskiptunum.

Þröskuldar

Umbætur á fiskveiðistefnu ESB í þessa veru myndu mæta harðri andstöðu, það segir sig sjálft. Margir stjórnmálamenn myndu snúast öndverðir gegn hugmyndinni um að fela nýju aflamarksráði, skipuðu óháðum sérfræðingum, að ákveða aflakvóta frá ári til árs. Samt hafa evrópskir stjórnmálamenn fallizt á að fela óháðum seðlabanka í Frankfurt stjórn peningamála í samræmi við hugsunina um óháða dómstóla, fjölmiðla og háskóla. Í annan stað myndu margir stjórnmálamenn, útgerðarmenn og sjómenn leggjast gegn því, að horfið yrði frá eða dregið úr núverandi niðurgreiðslum og styrkjum handa evrópskum sjávarútvegi líkt og evrópskir bændur og bandamenn þeirra á stjórnmálavettvangi halda áfram að streitast gegn umbótum á búverndarstefnunni í markaðsbúskaparátt, og þeir munu vísast leggjast með líku lagi gegn frjálsum viðskiptum með veiðiheimildir. Hér heima var fylgi útvegsmanna við frjálst framsal á sínum tíma keypt því dýra verði, að þeim var fyrst færður kvótinn á silfurfati. ESB þarf ekki að fara eins að ráði sínu.

Kvótakerfi ESB hvetur líkt og íslenzka kvótakerfið til brottkasts, því að fiskimenn reyna skiljanlega að fylla kvótana sína með dýrum fiski og fleygja því undirmálsfiski. Brottkast er yfirleitt ekki bannað með lögum í Evrópu. Rannsóknir sýna, að fiskiskip með eftirlitsmenn um borð skila yfirleitt hlutfallslega minna af dýrum fiski á land en skip án eftirlits. Athuganir á vegum ESB benda til, að 40-60 prósentum af veiddum afla sé fleygt fyrir borð. Við þetta bætist ólögleg löndun afla í óþekktu umfangi til að komast fram hjá kvóta. Í vel útfærðu veiðigjaldskerfi borgar sig oftast nær að koma með allan veiddan fisk á land, svo lengi sem verðið, sem fæst fyrir fiskinn að greiddu gjaldi, er umfram flutningskostnaðinn af sjó á land.

Forgangsröðun fyrir börn?

UMRÆÐAN
Leikskólamál

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Þessa dagana er glænýr meirihluti í borgarstjórn að rífast. Meirihlutinn er að rífast um gömul hús sem sannarlega eiga sér mikla sögu og verðmæti. Þessi sami ósamstæði meirihluti tók hins vegar ákvörðun um að húsin skyldu hverfa fyrir nokkrum árum þegar R-listinn var við völd. En nú telja þessir sömu aðilar eðlilegt að skipta um skoðun, skoðun sem gæti kostað útsvarsgreiðendur 600 milljónir eða jafnvel meira.

Foreldrar skrifa mér reiðir þessa dagana vegna umfjöllunar um húsafriðun og telja forgangsröðun borgarfulltrúa ótrúlega. Nýr meirihluti sem ekki enn hefur sett fram málefnasamning hefur þó sagst ætla að setja þjónustu við börn í öndvegi. Þrátt fyrir aðgerðir fyrri meirihluta og núverandi meirihluta fyrir áramót vantar hátt í tvöhundruð starfsmenn, eða á helming leikskóla í Reykjavík. Enn vantar umsjónarkennara í grunnskóla borgarinnar. Enn vantar að manna frístundaheimili. Stóru orðin voru ekki spöruð hjá borgarfulltrúum meirihlutans þegar þeir voru í minnihluta. Þrúgandi þögn um vandann er hins vegar áberandi núna þegar sömu borgarfulltrúarnir eru komnir í meirihluta.

Ekki skortir umfjöllunina um Laugaveg 4-6 undanfarna daga og ótrúlegasta fólk er farið að tjá sig og sýna málinu skilning og stuðning. Foreldrar eiga erfiðara með að tjá sig enda hafa þeir áhyggjur af því að reiði þeirra um ástandið bitni á þeirra eigin börnum. Foreldrar sem eru alla daga að koma börnum sínum fyrir hjá vinum og vandamönnum, taka þau í vinnu eða fresta því að fara að vinna eftir fæðingarorlof hljóta að spyrja sig hvaða forgangsröðun borgin hafi að leiðarljósi. Foreldrar eiga sér ekki sterka talsmenn. Því spyr ég borgarstjórann í Reykjavík fyrir hönd foreldra hver sé forgangsröðunin hjá nýjum meirihluta í málefnum barna?

Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá 159,000 kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

Erna Hrönn er með einfaldan fatasmekk en notar fylgihluti til að lífga upp á fötin sín. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Gjafir sem hittu í mark

Erna Hrönn Ólafsdóttir fékk húfu í jólagjöf sem hún hefur ekki tekið ofan síðan. Hún er líka mjög ánægð með grifflur sem hún fékk fyrir að syngja á jólahlaðborði.

„Þessa dagana held ég mest upp á húfu sem ég fékk í jólagjöf frá manneskju sem mér þykir ofsalega vænt um," segir Erna Hrönn Ólafsdóttir, söngkona og nemi í táknmáls- og uppeldisfræði við Háskóla Íslands. „Ég hef ekki tekið hana af hausnum síðan ég fékk hana enda er hún svakalega hlý og góð. Manneskjan sem gaf mér hana lét þá útskýringu fylgja að þetta væri söngkonuhúfa," bætir hún hlæjandi við.

„Síðan þykir mér mjög vænt um grifflur sem ég fékk að gjöf frá krökkum úr hönnunardeild Fjölsmiðjunnar í Kópavogi fyrir að syngja á jólahlaðborðinu þeirra. Ég var í starfsnámi þar í tengslum við uppeldisfræðina svo þetta er svolítið persónuleg gjöf," útskýrir Erna Hrönn.

Almennt segist hún hafa mjög einfaldan smekk. „Ég er mikið í einlitu og svörtu og sjaldan í munstruðum flíkum. Ég nota frekar fylgihluti til að lífga upp á fötin og smelli gjarnan á mig beltum, einhverju á hendurnar eða eyrnalokkum.

Margir kannast eflaust við Ernu Hrönn úr Laugardagslögunum en hún er önnur aðalbakröddin í undankeppni Eurovision. „Það má segja að ég sé ríkisráðin bakrödd," segir Erna Hrönn og hlær en miðað við þann fjölda atriða sem hún tekur þátt í verður að teljast harla líklegt að hún sé á leið til Serbíu í maí.

„Við í hljómsveitinni Bermúda gáfum síðan út diskinn Nýr dagur, eina mínútu fyrir tólf á gamlárskvöld, og munum á næstunni fylgja honum eftir svo það er nóg að gera," segir Erna Hrönn glöð í bragði.

vera@frettabladid.is

Latibær er í tísku, í það minnsta hjá yngri kynslóðinni sem er límd við skjáinn og klæðir sig í fatnað líkt og átrúnaðargoðin í Latabæ og fer eftir hollusturáðum íþróttaálfsins og Sollu stirðu.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Námskeið

Hekl: 5 kvöld.
Janúar námskeið hefst mánud. 14. jan.
Seinna námskeið hefst mánud. 18. feb.

Harðangur og klaustur: 5 kvöld.
Janúar námskeið hefst þriðjud 15. jan.
Seinna námskeið hefst þriðjud. 19. feb.

Kennt er í Grafarvogi.
Upplýsingar í síma: 588 5171 / 862 2039

Finnskur North Ice Winter útivistafatnaður með Air-Tex öndunarfilmu

Innifalið: Úlpa, buxur, microflís nærföt og flísmillilag, húfa, trefill og lúffur.

Allur pakkinn á kr 19,500.

Icefin • Nóatúni 17 • s: 5343177
www.icefin.is

Nýtt útlit á nokkrum sekúndum

Allar konur kannast við fyrirhöfnina þegar færa þarf snyrtidótið milli veskja en fyrirtækið M-Skandinavia flytur inn sniðugar kventöskur frá Michebag.

„Það sem er svo sniðugt við þessar töskur er að hægt er að skipta um hliðar á nokkrum sekúndum og þá ertu komin með alveg nýtt útlit á töskuna en þarft ekki að færa alla smáhlutina sem þú ert með yfir," segir annar eigenda M-Skandinavia og bætir því við að svo lítið fari fyrir aukahliðunum á töskuna að það sé til dæmis hægt að taka með sér í ferðalög tíu mismunandi hliðar sem taka miklu minna pláss í farangrinum en tíu handtöskur.

M-Skandinavía er nýstofnað íslenskt innflutningsfyrirtæki og uppgötvaði Michebag þegar eigendur þess voru í skíðaferð í Ameríku og rákust inn í verslun þar sem hönnuðirnir voru að kynna töskurnar. Þeim leist svo vel á hugmyndina að þau sömdu við hönnuðina um að fá að flytja töskurnar inn og selja á Íslandi.

Hönnuðirnir að baki Michebag eru tvær ungar konur frá Bandaríkjunum sem hafa þróað töskurnar í þrjú ár. Þetta byrjaði allt saman þegar önnur þeirra hellti niður á töskuna sína og blótaði því í huganum að geta ekki rifið hliðarnar af töskunni og skellt nýjum á. Hún sagði vinkonu sinni frá þessari hugmynd og í sameiningu komu þær á fót fyrirtækinu Michebag og árið 2005 kom fyrsta sýnishornið út. Grunntaskan er rúmgóð og einföld og festast hliðarnar á töskuna með segli. Aðeins nokkrar sekúndur tekur að skipta um hliðar og fást þær í óteljandi útgáfum, litum og munstrum.

Töskurnar fást í MC Planet Austurhraun 3 í Garðabæ og í versluninni Monu á Laugavegi 66. Ein taska með tveimur hliðum kostar 8.700 krónur og aukahliðar kosta 2.500 krónur. *heida@frettabladid.is*

G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
Útsala 50%
Flottust !
opið föstudag 10-18.30 og laugardag 10-17
G-STAR RAW DEFENDER g-star.com
© 2007 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Útsöluferðir í tískuborgina

Íslenski draumurinn hefur líklega aldrei verið eins villtur og fyrir þessi jól ef marka má verslun, þrátt fyrir 20 prósenta hækkun skulda heimilanna á árinu. Ég lenti inni í í Kringlunni nokkrum dögum fyrir jól og leið dálítið eins og ég væri lentur á annarri plánetu svo breytt er gamla Frón þar sem Ragnheiður Ásta Pétursdóttir las áður jólakveðjur á Þorláksmessu: „Elsku Palli, Stína og Baddý, gleðileg jól, takk innilega fyrir samfylgdina í sumar...," þetta var svo ómissandi. Á þriðja degi jóla er svo allt fína dótið orðið verðlaust þar sem búðirnar gengisfella milli hátíða.

Hér í Frakklandi hófust útsölur í gær og var að vanda líf í tuskunum í orðsins fyllstu merkingu. Sumir opnuðu eldsnemma og voru biðraðir fyrir framan stóru magasínin. En útsölur hafa misst verðgildi sitt síðustu árin. Meðal annars vegna þess að allt árið um kring eru í gangi ýmiss konar tilboð og afsláttur og því skipta útsölurnar minna máli fyrir almenning en áður. Efnahagur er hér sömuleiðis heldur bágborinn og því eyðir almenningur minna í föt og skó. Kaupmenn eru því heldur uggandi um verslun næstu vikna.

Svo eru þeir sem svindla eins og ein verslunarkeðjan sem bauð viðskiptavinum sínum góðan afslátt í síðustu viku, sjö dögum fyrir leyfilegar útsölur, eftirlitsnefnd um ólöglega viðskiptahætti til lítillar hrifningar því hér áttu útsölur ekki að hefjast fyrr en 9. janúar og því er bitist um orðalag „tilboð" eða „útsölur".

Hjá þotuliðinu er mikið að gera, ekki fyrr er komið heim úr jóla-leyfi í sólinni eða á skíðum en það neyðist til að fara á flakk að nýju því það nýjasta í útsölubransanum laðar að sér „útsöluferðamenn" og nú blandar París sér í baráttuna við Lundúnir og New York. Það verður þó að segjast eins og er að tískuborgin er aðeins á eftir í þessu kapphlaupi og býður nú aðeins í annað sinn upp á „Soldes by Paris", átak til að laða að útlendinga á útsölurnar hér. Það eru ferðamálayfirvöld og borgin, með kaupmönnum og hótelrekendum sem standa að átakinu með Inès de la Fressange sem sendiherra átaksins en hún var lengi aðalfyrirsæta og andlit Chanel. 2.000 verslanir og 350 hótel taka þátt í átakinu, nærri tvöfalt fleiri en í fyrra. Hótelin bjóða upp á allt að helmingsafslátt á gistingu, ferðamönnum eru afhentir bæklingar þar sem skipulagðar eru mismunandi verslunarleiðir í mismunandi hverfi borgarinnar. Hægt er að fara í lúxusverslunarferð í fínu tískuhúsin, þræða búðir nýstárlegra hönnuða eða stefna á frægasta flóamarkað borgarinnar við „Porte de Clingancourt". Því hvað er flottara en að skella sér í útsöluferð til Parísar?

bergb75@free.fr

Hoodia-megrunarkremið er borið á húðina.

Til varnar aukakílóum

Þeir sem berjast við aukakíló hafa fengið nýtt vopn í baráttunni. Það er krem sem á að draga úr matarlöngun og heitir Hoodia.

Krem sem á að draga úr hungurtilfinningu er komið fram á sjónarsviðið. Það heitir Hoodia og er ætlað að hjálpa fólki í hinni eilífu baráttu við ofþyngd.

Hoodia er nafn á kaktusplöntu sem vex í Kalahari-eyðimörkinni. Frumbyggjarnir þar fundu út að ef þeir lögðu sér til munns bita af henni fundu þeir hvorki fyrir hungri né þorsta sem kom sér vel í löngum ferðum þar sem lítið var um mat og vatn.

Nú hefur virka efnið í Hoodia verið unnið í krem sem borið er í ákveðnu magni á húð einu sinni á dag. Það dregur að sögn úr matarlyst án aukaverkana. Það fæst í Apóteki Vesturlands á Akranesi og Versluninni Kristý í Borgarnesi.

- gun

Westwood hannar skólahempur

Vivienne Westwood hannar hempur fyrir breska útskriftarnema.

Tískuhönnuðurinn Vivienne Westwood hefur undanfarið hannað nýja útskriftarbúninga fyrir King's College í London í samvinnu við Ede & Ravenscroft. Fyrirtækið var stofnað 1689 og er því eitt elsta saumafyrirtækið í London sem sérhæfir sig í skikkjum og hempum og hefur auk þess saumað hárkollur fyrir lögfræðistéttina í yfir 300 ár. Allt síðastliðið ár hefur farið í þessa vinnu hjá Vivienne Westwood og munu búningarnir líta dagsins ljós með vorinu 2008. Beðið er eftir útkomunni með talsverðri eftirvæntingu þar sem Westwood er þekkt fyrir afar frumlega hönnun og að fara ótroðnar slóðir. Því verður spennandi að sjá hverju þetta samstarf hennar og gamalgróins saumafyrirtækis skilar.

- rt

Vivienne Westwood er þekkt fyrir frumleika.

Stórútsalan hafin

Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077
opið laugardag 10:00-18:00

Útsala

útsalan hófst í morgun

40 % afsláttur af öllum vörum
Andersen & Lauth, Day og öllum Day Home vörum
Nýtt Kortatímabil

maïa

kvenfötheimilisbúnaðurtónlistbækurbarnafötfylgihlutirundirföt

laugavegur 86-94, sími 5526066

Heilsudrykkir ýmiss konar njóta nú mikilla vinsælda eftir ofát jólanna. Setja má heilmikla hollustu í eitt glas af safa og þeir sem eiga safapressu leika sér oft með ýmsar samsetningar. Til dæmis er engifer góður gegn kvefi sem og ýmiss konar vítamín í grænmeti og ávöxtum.

ROPE YOGA

WWW.OSK.IS

Bæjarhraun 22 220 Hafnarfjörður
Vefföng: osk@osk.is / rakel@osk.is
Símar: 695 0089 / 555-3536
www.osk.is

Ný byrjendanámskeið hefjast
7., 14. og 15.janúar.
Morgunn- hádegis og síðdegistímar
Skráðu þig núna í magnað ævintýri
Takmarkaður fjöldi í hverjum tíma
Ósk og Rakel

Reyklaus spítali

Æ FLEIRI REYKHERBERGJUM Á LANDSPÍTALA ER LOKAÐ.

Nú nýverið var reykherbergjum á öldrunarsviði á Landakoti og á endurhæfingarsviði á Grensási lokað en í desember var reykherbergi á sjúkrahótelinu lokað. Þetta er liður í því að gera Landspítala að reyklausu sjúkrahúsi en 15. ágúst í fyrra var reykherbergjum sjúklinga á Landspítala Fossvogi og á bráðadeildum við Hringbraut lokað.

Um leið er þó lögð áhersla á að hjálpa fólki að hætta að reykja á meðan það dvelur á Landspítala og sjúklingum boðin meðferð meðan á innlögn stendur.

Upplýsingar, stuðningur og meðferð hjálparlyfja til reykleysis fyrir sjúklinga eru á höndum þeirra sem annast meðferð á deildum. Þá hefur á geðsviði verið sett fram meðferðaráætlun sem byggir á virkum stuðningi við að hjálpa sjúklingum að hætta að reykja meðan þeir dvelja á sjúkrahúsinu.

„Allir fá handklæði í hvert skipti sem þeir koma," segir Sólveig Bjarnadóttir, starfsmaður í afgreiðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Dragvírar í stað lóða

Ný líkamsræktarstöð með spa-aðstöðu hefur verið opnuð á Grand hóteli við Sigtún í Reykjavík. Í tækjasalnum eru þjálfarar til aðstoðar almenningi og herðanudd eftir æfingar er innifalið í prógramminu.

„Hér er fullkomin líkamsræktarstöð með tækjasal og líka spa sem felst í heitum potti ásamt gufubaði og nuddi," segir Sólveig Bjarnadóttir, starfsmaður í móttöku Grand Spa, og sýnir aðstöðuna. Þar er meðal annars fullkomin La Mer snyrtistofa, ein fjögurra slíkra í heiminum, og herbergi til að slaka á í og teygja.

Athygli vekur veggur með dragvírum. Sólveig segir þá koma í stað lóða. „Þetta nefnist Kinesis og er nýtt æfingarform. Fólk færir sig eftir veggnum og tekur hvern líkamspart fyrir í einu. Þannig notar það allt hreyfisviðið eðlilega."

Önnur nýjung er skíða-fitness og golf-fitness. „Þá getur manneskja sem er mikið á skíðum þjálfað vöðva sem hún þarf að styrkja vegna skíðaíþróttarinnar. Sama á við um golfið. Allir eiga að fá sem mest út úr þessu," segir Sólveig.

Íþróttafræðingurinn Goran Micic er með leiðbeiningar um mataræði og námskeið sem byggjast á stöðvarþjálfun að sögn Sólveigar. „Námskeiðin eru fyrir allan aldur og bæði kyn. Allir geta verið á sínum hraða og í hvaða formi sem er. Þarna er miðað við getu hvers og eins og fengið það út úr þjálfuninni sem þeir þurfa," lýsir hún. Svo kemur eitt trompið enn. Handklæði fylgja með fyrir hvern og einn þannig að fólk losnar við stöðugan handklæðaþvott á heimilunum. Lífrænt kaffi er í boði Grand Spa og þeir sem eru á námskeiði fá orkudrykk eftir hverja æfingu. Auk þess er boostbar á staðnum.

Í tækjasalnum eru þjálfarar ávallt tilbúnir að aðstoða fólk að sögn Sólveigar og þeir þátttakendur sem eru í föstum tímum fá þjálfunarprógramm og geta fengið vigtun og mælingu. Þar sem stöðin er inni á hóteli fær Sólveig veigamikla spurningu. Er þetta stöð fyrir almenning eða bara fyrir hótelgesti? „Þetta er sjálfstætt rekin stöð og er fyrir hvern sem er. Við reynum að hafa hana þannig að fólk sé í friði frá umheiminum og ekkert að spekúlera í hvernig veðrið sé úti. Það er bara í sínum heimi." *gun@frettabladid.is*



Kinesis. Veggur með dragvírum.

Á spa-svæðinu er boðið upp á herðanudd eftir æfingar.

Einn, tveir, einn, tveir.

PRÓTÍNBOMBUR!

Samkvæmt nýrri skýrslu Matís er harðfiskur enn hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.

BÓNUS
Fæst í Bónus

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

Reykingabann hefur tekið gildi í nær öllum leigubílum Tókýóborgar.

Ekki lengur reykt í leigubílum

Framvegis verður bannað að reykja í leigubílum Tókýó.

Nær allar leigubílastöðvar Tókýó tilkynntu reykingabann í byrjun vikunnar. Reykingamönnum fækkar jafnt og þétt í Japan, en reykingar meðal Japana voru mjög algengar. Bannið nær til 52 þúsund leigubifreiða eða um 95 prósenta allra leigubíla í japönsku höfuðborginni.

„Með þessu höfum við brugðist við kröfum farþega, en leigubílstjórar voru seinir að taka við sér og banna reykingar í bílum sínum sé miðað við þá sem stjórna öðrum almenningsfarartækjum," segir talsmaður leigubílstjórafélags Tókýóborgar, en leigubílstjórar munu nú hafa meðferðis lausa öskubakka og nema staðar ef farþegi krefst þess að fara út að reykja.

Tíðni reykinga meðal Japana minnkaði um 26 prósent á síðasta ári, en nú reykja 14,3 prósent þeirra sem eru á þrítugsaldri á móti 32,7 prósentum Japana sem orðnir eru sextugir og eldri.

Reykingar eru stranglega bannaðar á almenningsstöðum og

götum úti, en enn má reykja inni á flestum krám og veitingahúsum Japans. *- þlg*

Heilsusamlegt líferni í stað megrunar

Æ fleiri reyna að tileinka sér heilsusamlegt líferni í stað þess að fara í megrun.

Samkvæmt nýlegri bandarískri könnun sem náði til 26.000 þátttakenda eru 29 prósent kvenna og 19 prósent karla í megrun. Til samanburðar voru 35 prósent kvenna og 23 prósent karla í megrun í sambærilegri könnun sem var gerð fyrir tíu árum.

Svo virðist sem fólk líti ekki lengur á það sem heilsusamlegan kost til lengri tíma að vera í megrun. Að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl er það sem 68 prósent svarenda vildu helst af öllu gera.

- ve

Fólk lítur ekki lengur á það sem heilsusamlegan kost að fara í megrun.

Óttast fleiri slys og ofbeldisverk

Á FUNDI SÍNUM Í DESEMBER SAMÞYKKTI SLYSAVARNARÁÐ UMSÖGN UM FRUMVARP TIL BREYTINGA Á LÖGUM UM ÁFENGI ÞAR SEM RÁÐIÐ ÓTTAST FLEIRI SLYS OG OFBELDISVERK Í SAMFÉLAGINU.

Slysavarnaráð lýsir yfir áhyggjum vegna breytinga á áfengislögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR JÓNASSON

Slysavarnaráð lýsir yfir áhyggjum vegna breytinga á áfengislögum samþykkt. Rannsóknir sýna að aðgengi að áfengi hefur mikil áhrif á heildarneyslu áfengis. Þar sem áfengisneysla er áhrifaþáttur margra slysa og ofbeldisverka í íslensku samfélagi sem og erlendis þykir slysavarnaráði ljóst að aukið aðgengi að áfengi fjölgi slysum og ofbeldi.

Slysavarnaráð segir meðal annars í umsögninni að áfengisneysla sé ekki aðeins vandamál þeirra sem neyta áfengis heldur samfélagsins alls. Áfengistengt ofbeldi bitnar ekki aðeins á þeim sem drekka áfengi heldur líka á almennum borgurum, heilbrigðisstarfsfólki og löggæslufólki. Slysavarnaráð telur því hætt við að grafið verði undan þeim árangri sem náðst hefur í slysavörnum ef áfengi verður fáanlegt í matvöruverslunum. Einnig muni kostnaður einstaklinga og samfélagsins í heild vegna slysa og ofbeldis aukast verulega. Slysavarnaráð bendir að lokum á að nauðsynlegt sé að Íslendingar hugi að reynslu annarra þjóða þegar hugað sé að breytingum í áfengismálum. *- hs*

Borðaðu þig granna(n)

Íslensku Vigtarráðgjafarnir

Nánari upplýsingar
Sími 865-8407

www.vigtarradgjafarnir.is

TAI CHI
námskeið hefst 17. janúar
Æfingastöð SLF Háaleitisbraut
Leiðbeinendur:
S. Hafdís Ólafsdóttir - Svanlaug Thorarensen
Skráning: s.: 861 59 58 - *hafdis@slf.is - svanlaugt@simnet.is*

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
eða 6.660 á mán. í 3 mán.

ÞORRI

Þorri landsmanna vill holla næringu og það strax í dag!

Sölustaðir
Tíu-ellefu, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Staðarskáli, Verslunin Vísir, Verslunin Þingholt, Bláa lónið, World Class, Hreyfing, Heilsubúð Náttúrulækningafélags Íslands.

Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

Ljósluktir skapa rómantíska stemningu og eru tilvaldar í skammdeginu. Fallegt er að ylja sér við litla ljóstíru í fallegri umgjörð og það getur komið vel út að hengja luktirnar upp. Á sumrin má síðan færa þær út.

Smátt og skemmtilegt

Fiskurinn Fróði, ruggustóll fyrir tvo og flugvélaskeið. Á netinu má finna ótrúlegustu hluti.

Litlu börnin okkar eru framtíðin og gaman er að gleðja þau og knúsa. Hægt er að fá ýmiss konar hluti og leikföng sem ýta undir þroska og gera tilveruna skemmtilegri. Til eru alls konar hugvitssamleg barnahúsgögn og fylgihlutir sem hjálpa til við dagleg störf. Hér eru nokkrir skemmtilegir munir sem fundust á netflandri.

- hs

Þessi sniðugi dótabekkur er ekki einungis gott sæti heldur líka tilvalin leikfangakista. Simon Maidment hannaði bekkinn fyrir Offi og er hann með nútímalegu sniði og hefur einstakt form. Fersk og spennandi hönnun sem krakkarnir kunna við. Fæst á www.plushpod.com.

Þessi skemmtilegi matarbakki er líka púsluspil. Með honum verða matmálstímarnir hin mesta skemmtun auk þess sem börnin læra hvernig raða skal borðbúnaði. Bakkinn er frá Royal VKB og má finna hann á heimasíðu þeirra, www.royalvkb.

Er erfitt að fá litla krílið til að borða? Kannski má ná mjúkri lendingu með þessum skemmtilega aukahlut. Auðvelt er að smeygja plastvængjunum á skeiðina og umbreytist hún samstundis í litla flugvél. Finna má vængina á www.wishingfish.com.



Fiskurinn Fróði frá fyrirtækinu bObles er yndislega mjúkur, skemmtilegur og litríkur. Hann má nota sem húsgagn fyrir börn en auk þess er hægt að rúlla honum, hoppa á honum og stafla nokkrum saman. Það má því leika sér með hann á ýmsa vegu. Louise og Bolette Bladen hönnuðu gripinn. Fiskurinn Fróði er hluti af ærsladýraseríu bObles sem finna má á www.plushpod.com.

Hér er kominn ruggustóll fyrir tvo sem hefur eiginleika vegasalts þar sem sitjendur rugga hvor öðrum. Stóllinn kallast á frummálinu „share chair" og er hannaður af Ineke Han. Stóllinn er hluti af Fagra Blakks-seríunni sem gerð er úr 100% endurunnu plasti sem þolir öll veður. Stóllinn fæst á www.modernchild.net.

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU®

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

E.Backman auglýsingastofa

J K SMIÐIR
J K Smiðir
s: 6933483 & 6955219
Bygging húsa, Þakvinna, Gluggaísetningar, Uppsetning innréttinga, Parketlögn, Sumarhúsasmíði, Uppsetning milliveggja, Byggingastjórn, Þjónustum einnig húsfélög og fasteignafélög.

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

dælur
Gólfhitakerfi
Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Dælur ehf.
www.daelur.is
Smiðjuvegur 74 (gul gata)
200 Kópavogur
540 0600
540 0610 fax

FJARNÁM
ÖFLUGT OG ÓDÝRT
Skráning á www.verslo.is
8. janúar - 21. janúar
VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

skólar & námskeið

FIMMTUDAGUR 10. JANÚAR 2008

FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY

ISRR
SÍMENNTUN
RANNSÓKNIR
RÁÐGJÖF
KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Námskeið
- íslenska
- íþróttakennsla blindra nemenda
- kennarinn sem leiðtogi
- Hagnýt ráð til að bæta samskipti og hegðun
- námsmat
- lífsleikni

Námsbrautir
- Ökukennaranám
- Viðbótarnám

Ráðgjöf
- mat á skólastarfi
- úttektir

http://srr.khi.is

Boðið er upp á nokkur námskeið hjá SRR í Kennaraháskóla Íslands á vorönn.

Bætt samskipti og íþróttakennsla blindra

Ökukennaranám, viðbótarnám fyrir grunnskólakennara, námskeið um bætt samskipti og hegðun í skólum, námskeið fyrir íþróttakennara sem kenna blindum nemendum og útgáfa á bók um almenningsfræðslu á Íslandi í 200 ár, eru meðal verkefna SRR – Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf – hjá Kennaraháskóla Íslands á vorönn 2008.

SRR veitir þjónustu á fræðasviði uppeldis, menntunar og þjálfunar. Stofnunin miðlar þekkingu starfsmanna KHÍ til þeirra sem starfa á vettvangi uppeldis og menntunar, náms og kennslu með námskeiðum, fræðslufundum og fyrirlestrum fyrir skóla, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga.

SRR vinnur einnig matsverkefni og úttektir fyrir skóla og sveitarfélög og veitir ráðgjöf um þróunarstarf, símenntun og nýjungar á sviði uppeldis, menntunar og þjálfunar. SRR skipuleggur og skapar tækifæri til að koma á framfæri þróunarverkefnum og nýjungum. Einnig gefur stofnunin út prentuð og rafræn fagtímarit sem varða fræðslu-, uppeldis- og menntamál sem og rannsóknar- og matsskýrslur um fræðslu-, uppeldis- og menntamál.

Nánari upplýsingar um starfsemina er á http://srr.khi.is.

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

www.mk.is

Leiðsöguskólinn býður upp á spennandi nám á vorönn 2008

Svæðisleiðsögunám um Reykjavík og nágrenni

Innritun stendur yfir

Almennt um námið
Námið tekur eina önn og veitir svæðisleiðsöguréttindi. Kennt er þrjú kvöld í viku frá mánudegi til miðvikudags, auk æfingaferða um helgar.

Inntökuskilyrði
Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi. Æskilegt er að hafa gott vald á einu erlendu tungumáli.

Kennsla hefst mánudaginn 28. janúar

Nánari upplýsingar á www.mk.is, í síma: 594 4025 eða á netfanginu: lsk@mk.is

Leiðsöguskóli Íslands við Digranesveg, Kópavogi

FABRIKAN

Nemendur starfa út frá hugmyndinni Karnival

Kennsluskrá Listaháskóla Íslands er fjölbreytt og metnaðarfull og eru námskeiðin í stöðugri endurnýjun.

„Núna um áramótin er í fyrsta sinn verið að taka inn í kennaranámið á miðjum vetri svo nú er hægt að taka það nám á einu ári, einu og hálfu eða tveimur árum en þetta er nýbreytni frá því sem áður var," segir Álfrún G. Guðrúnardóttir, kynningarstjóri Listaháskóla Íslands. Sem dæmi um skemmtileg námskeið sem hafa verið í boði hjá skólanum nefnir hún námskeið í skóhönnun í hönnunardeildinni sem haldið var síðastliðið haust en Lárus Gunnsteinsson hjá Össuri kenndi þar að búa til skó við miklar vinsældir.

Hún segir fleiri breytingar hafa orðið á kennsluskrá skólans en meðal annars er búið að lengja dansnámið við skólann í þrjú ár og í vor verður í fyrsta sinn útskrifað úr námsbrautinni „Fræði og framkvæmd" af leiklistarsviði.

Einnig er að fara af stað nýtt námskeið fyrir alla nemendur skólans á öðru ári og fyrsta árs nema í myndlist, auk þriðja árs nema í tónlist. „Námskeiðið er sameiginlegt námskeið allra deilda Listaháskóla Íslands, þar sem nemendur starfa í hópum út frá hugmyndinni um „Karnival," segir hún. „Nemendur skiptast í níu hópa og tveir leiðbeinendur sjá um hvern hóp. Á tímabilinu vinna hóparnir að samsetningu hvers konar verka, atriða, gjörninga eða uppákoma þar sem samþætting ólíkra hugmynda og aðferða er höfð að leiðarljósi," útskýrir Álfrún. Í kennslunni fara fram umræður og fyrirlestrar sem tengjast námsefninu, og leiðbeinendur hvers hóps leggja línurnar um úrvinnslu og framsetningu verkefna.

„Eitt af markmiðum námskeiðsins er að nemendur mismunandi deilda kynnist og leiti leiða til að vinna saman út frá ólíkum forsendum þannig að hver nemandi nýti sína menntun inn í námskeiðið," segir Álfrún. Leiðbeinendur á námskeiðinu koma úr ólíkum áttum en þar má nefna Harald Jónsson myndlistarmann, Jón Pál Eyjólfsson leikstjóra, Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur vöruhönnuð, Brynhildi Pálsdóttur vöruhönnuð og Völu Þórsdóttur, leikkonu og skáld. Námskeiðinu lýkur með uppskeruhátíð 25. janúar.

Listaháskólinn býður einnig upp á opna fyrirlestra í samvinnu við myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild, um fjölbreytt efni á vegum Opna Listaháskólans fram í apríl. Fyrirlestrarnir eru ókeypis og öllum opnir og fara jafnan fram klukkan 12.30 á mánudögum í húsnæði myndlistardeildar í Laugarnesi og á þriðjudögum klukkan 17.00 í húsnæði hönnunar- og arkitektúrdeildar í Skipholti 1. - rt

Námskeið í Listaháskóla Íslands eru í stöðugri þróun, að sögn Álfrúnar G. Guðrúnardóttur, kynningarstjóra Listaháskóla íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nemendur Listaháskóla Íslands læra skóhönnun. MYND/LHI

Myndir frá skóhönnunarnámskeiði sem Lárus Gunnsteinsson kenndi í vetur við Listaháskólann. MYND/LHI

Markþjálfun og sjálfsstyrking

Nám og námskeiðaframboð í endurmenntun við Háskóla Íslands er að venju fjölbreytt við upphaf nýs árs.

Undir liðnum Fólk og færni er til að mynda kennt námskeiðið Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur. Markmiðið með námskeiðinu er að byggja upp aukinn sjálfsstyrk í einkalífi og starfi með hjálp árangursríkra aðferða í samskiptum, eins og segir í lýsingu á námskeiðinu. Þar er áhersla lögð á að auka sveigjanleika og sjálfsöryggi í samskiptum. Þátttakendur fá persónulegt mat um stöðu sína í lok námskeiðs.

Námskeiðið Guðir, hetjur og menn er á meðal þess sem er í boði undir liðnum Menning, land og saga. Þar verður leitast við að kanna goðsagnaheim Forn-Grikkja, kviður Hómers og grískir harmleikir hafðir til hliðsjónar ásamt fræðiritum úr samtímanum, sem verða nýtt til að rýna í þennan heim.

Markþjálfun er af sumum talin vera stjórnendastíll nýrrar aldar en farið verður í aðferðafræði hennar með verklegum æfingumog fyrirlestrum og umræðum á námskeiðinu Coaching – fyrir stjórnendur nýrrar aldar. Þetta námskeið fellur undir Stjórnun og starfsþróun á vorönn 2008. Er þó aðeins um að ræða brot af því námi sem kennt verður á vorönn við endurmenntun Háskóla Íslands. Frekari upplýsingar um námið á www.endurmenntun.hi.is.

Við endurmenntun Háskóla Íslands verður boðið upp á fjölbreytt námskeið sem endranær.

YFIRLIT NÁMSKEIÐA Á VORÖNN 2008

STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nám sem eykur möguleika þína á vinnumarkaðnum.

Skrifstofu- og tölvunám

258 stundir - Verð: 233.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

Fjármál og rekstur

132 stundir - Verð: 154.000.-
Morgunnámskeið byrjar 8. janúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. janúar

Sölu- og markaðsnám

264 stundir - Verð: 233.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

Skrifstofunám & hönnun

414 stundir - Verð: 389.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

Sölunám & hönnun

420 stundir - Verð: 389.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

Skrifstofu- og rekstrarnám

462 stundir - Verð: 449.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

396 stundir - Verð: 366.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Einnig er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

Grunnnám í bókhaldi

108 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. febrúar

Navision viðbótarnám

24 stundir - Verð: 31.000.- pr. námskeið
Launabókhald, sala og viðskiptamenn,
fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði.

Auglýsingatækni

156 stundir - Verð: 186.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 11. febrúar

Photoshop Expert

72 stundir - Verð: 106.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 31. mars

Photoshop grunnnám

30 stundir - Verð: 31.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 23. janúar

Alvöru Vefsíðugerð

210 stundir - Verð: 199.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 12. febrúar

Myndbandavinnsla – Adobe Premiere

36 stundir - Verð: 39.000.-
Kvöldnámskeið auglýst síðar

SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Markmið okkar er að bjóða sérhæft nám sem hentar vinnumarkaðnum sem best.

Tölvuviðgerðir

72 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 29. janúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 28. janúar

MCP XP netstjórnun

108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. janúar
Morgunnámskeið byrjar 11. mars

MCSA 2003 netstjórnun

150 stundir - Verð: 299.000.-
Helgarnámskeið (aðra hverja) byrjar 9. febrúar

Kerfisstjórinn

180 stundir - Verð: 233.000.-
(Byrjar á tölvuviðgerðum - Sjá að ofan)

Forritun og kerfisfræði

240 stundir - Verð: 286.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

MCDST DIPLOMANÁM

108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 25. mars

ALMENNT TÖLVUNÁM

Tölvunám - fyrstu skrefin

30 stundir - Verð: 32.000.-
Morgunnámskeið byrjar 18. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 18. febrúar

Almennt tölvunám

78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. febrúar

INNRITUN FYRIR VORÖNN 2008 STENDUR YFIR!

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

VORÖNN 2008

BARNA- OG UNGLINGADEILD

14 vikna námskeið fyrir 3-5 ára

3-5 ára	miðvikud.	15:15-17:00	Sigríður Helga Hauksdóttir
3-5 ára	laugard.	10:15-12:00	Gerður Leifsdóttir

14 vikna námskeið

6 - 9 ára	mán-þri-mið-fim	kl.15:15 - 17:00	ÖRFÁ LAUS PLÁSS
8 -11 ára myndlist / verkmennt		fimmtud.15:00-17:15	Gerður Leifsdóttir
9 -13 ára Myndlist-tæknifikt		þriðjud. 15:00-17:15	Anna Hallin og Pétur Örn Friðriksson
10-12 ára Teikning/Málun		mán. 15:00-17:15	Hildur Bjarnadóttir
10-12 ára Leirrennsla og mótun	lau.	10:00-12:15	Anna Hallin og Guðbjörg Káradóttir

Námskeið Korpúlfsstöðum

6-9 ára **Korpu**	föstud.	15:15-17:00	Hildur Bjarnadóttir
10-12 ára **Korpu**	mánud.	15:00-17:15	Helgi Þórsson
13-16 Teikn-mál-þrívídd **Korpu**	fimmtud.	16:00-19:00	Sigríður Ólafsdóttir

14 vikna námskeið fyrir ungt fólk

13-16 Myndasögur f. ungt fólk	fimmtud.	16:00-19:00	Bjarni Hinriksson og Búi Kristjánsson
13-16 Teikn-málun-þrívídd	föstud.	16:00-19:00	Sigríður Ólafsdóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir
13-16 ára Leirmótun	föstud.	16:30-19:30	Guðný Magnúsdóttir
13-16 Grafík -Götulist	laugard.	10:00-13:00	Kristín Hauksdóttir og Árni Grétarsson
NÝTT: 16-19 ára HRÆRINGUR myndlist/tónlist/gjörningar		þriðjud. 18:00-20:45	Ólöf Björnsdóttir og Helgi Þórsson

KERAMIKDEILD
14 vikna námskeið í leirrennslu og -mótun

Leirmótun og rennsla	þriðjud.	17:30-20:15	Guðný Magnúsdóttir
Leirkerarennsla	mánud.	17:30-20:15	Guðbjörg Káradóttir

TEIKNIDEILD
undirstöðugreinar sjónmennta

Teikning 1 morguntímar	mið.	09:00-11:45	Sólveig Aðalsteinsdóttir
Teikning 1	mán.	17:30-21:30	Kristín Reynisdóttir
Teikning 1	þri.	17:30-21:30	Hilmar Guðjónsson
Teikning 2	mið.	17:30-21:30	Sólveig Aðalsteinsdóttir og Kristín Hauksdóttir
Litaskynjun	fim.	17:30-21:30	Eygló Harðardóttir
Módelteikning	mán.	17:45-20:30	Þorbjörg Þorvaldsdóttir
NÝTT: Teikning framhald		mán. 17:30-21:35	Katrín Briem
NÝTT: Myndskreyting-Bókagerð Anja Kirsch, Áslaug Jónsdóttir og Guðrún Hannesdóttir,		mið. 18:00-20:45	

ÝMIS NÁMSKEIÐ
form/rými - bókaskreyting - portfolio - ljósmyndun - indesign

Form, rými og hönnun	miðvikud.	17:30-20:30	Hildur Bjarnadóttir, Brynhildur Pálsdóttir og Guja Dögg Hauksdóttir
Skapandi starfsvettvangur (portfolio)	þriðjud.	17:30-20:15	Ósk Vilhjálmsdóttir
Stafræn ljósmyndun	mánud.	18:00-20.45	Brooks Walker
Svart / hvít ljósmyndun	mánud.	18:00-20.45	Erla Stefánsdóttir
Indesign/photoshop 4 daga námsk.			Magnús V.Pálsson
NÝTT: Myndskreyting-Bókagerð Anja Kirsch, Áslaug Jónsdóttir og Guðrún Hannesdóttir,		mið.18.00-20.45	

MÁLARADEILD

Frjáls málun	föstud.	13:00-15:45	Þuríður Sigurðard.
Málun 1 morguntímar	miðvik.	09.00-11.45	Sigríður Ólafsdóttir og Þorri Hringsson
Portrett - gegnum listasöguna	laugard	10:00-13:00	Karl Jóhann Jónsson
Málun framhald morguntímar	miðvikud.	09:00-11:45	JBK Ransú
Vatnslitun 1 morguntímar	miðvikud.	09:00-11:45	Hlíf Ásgrímsdóttir
Vatnslitun	þriðjud.	17:30-20:15	Hlíf Ásgrímsdóttir

FULLT NÁM umsóknarfrestur

Myndlista- og hönnunarsvið (Fornám)
umsóknarfrestur: 25.mars / inntökupróf: 5/4
umsóknarfrestur: 26.maí / inntökupróf: 31/5

MÓTUN leir og tengd efni **umsóknarfrestur: 16 maí**

INNRITUN
sími 551 1990 - kl.13-17
www.myndlistaskolinn.is

Níu ára með fjöru í fóstri

Fjórði bekkur Langholtsskóla í Reykjavík er með fjöruna við Laugarnestangann í fóstri, í samvinnu við Umhverfissvið Reykjavíkurborgar. Þangað fara nemendurnir einu sinni í mánuði og sinna þýðingarmiklum verkefnum.

Breki Benediktsson, Birta Líf Atladóttir, Vera Fjalarsdóttir, Steinn Völundur Halldórsson, Ólafur Elliði Halldórsson og Hildur Fjalarsdóttir hittu Fréttablaðsfólk í skólanum og sögðu því frá fjöruferðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Fjölbreytt,“ „frumlegt,“ „skemmtilegt,“ „fróðlegt,“ eru svör nokkurra níu ára barna í Langholtsskóla þegar þau eru spurð hvernig sé að vera með fjöru í fóstri. Þau hafa tekið að sér að upplýsa blaðamann um málið og hitta hann fyrst á gangi skólans. Þar skiptast þau á um að segja frá. „Okkur leist strax vel á að fara í fjöruferðir.“ „Það er dálítið skrítið að taka upp rusl.“ „En samt gaman að fá að taka þátt í umhverfismálunum og hreinsa til.“

Börnin fara í fjöruna í Laugarnesi einu sinni í mánuði ásamt kennurum sínum. Auk þess að tína þar upp óhroða eins og plast og bjórflöskur gera þau ýmsar rannsóknir. „Við mælum hitastig í sjónum og fleira.“ „Finnum líka lyktina af honum,“ „já, hvort það sé efnalykt af froðunni eða ekki.“ „Svo gáum við hvað sé mikið af sýklum í sjónum,“ „og athugum hvort það sé olíubrák á honum.“

Vilhelmína Þorvarðardóttir er deildarstjóri þróunarverkefnis í Langholtsskóla sem nefnist Útikennsla í túnfætinum og eru fjöruferðirnar angi af því. „Þetta er stækkun kennslustofunnar,“ segir hún brosandi og býður blaðamanni og ljósmyndara að koma með í næstu ferð.

Börnin eiga sérstaka útiskólatösku og þar geyma þau nesti, möppur og ritföng. Í möppunum eru spurningar sem þau svara og ef þau sjá bát úti á sjó teikna þau hann á blað. Líka dýr sem fyrir augu ber, svo sem krabba, krossfiska og fugla. Hvað skyldu þau svo gera þegar þau koma í skólann aftur? „Þá setjum við blöðin í stóru svörtu náttúrufræðimöppurnar,“ „og ræðum saman um það sem við gerðum og sáum,“ segja þau. „Við getum líka borið upp spurningar við kennarann ef eitthvað er sem við skiljum ekki.“ Þetta er greinilega vísindalegt. En taka börnin eitthvað með sér heim til að skoða nánar? „Nei, við tökum ekkert úr fjörunni nema ruslið.“ Nú koma tveir mávar svífandi. „Sjáið þið fuglana,“ kallar kennarinn. „Já,“ segir einn nemandinn hlæjandi. „Þeir vilja komast í Fréttablaðið.“

- gun

Halldóra Sigurðardóttir kennari nær í sjó til að mæla hitastig hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Niðurstöðu beðið úr mælingunum.

Það er ekki orðið bjart af degi þegar hópurinn kemur í fjöruna eftir hálftíma gang en hér er síðasti hluti hans á heimleið aftur.

Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ

spænska • þjóðbúningasaumur • páskaegg og trufflur • crayzy quilt • skapandi skrif
silfursmíði • íslenska fyrir útlendinga • ræktun sumarblóma og kryddjurta
indversk matargerð • enska vínsmökkun • stuttmyndagerð • ítalska
matreiðsla fyrir karla • photoshop-myndvinnsla • grænmeti-pasta og baunaréttir

Námskeiðin hefjast 21.janúar. Innritun og upplýsingar í s.6956695

capacent

NÁMIÐ SEM ÞÚ NOTAR Í VINNUNNI

CAPACENT KYNNIR NÆSTU NÁMSKEIÐ

Stjórnendaskóli Capacent byggir á áralangri reynslu Capacent í þjálfun og kennslu á fyrirtækjamarkaði, þar sem áherslan er á hagnýta þjálfun sem nýtist þátttakendum strax að námi loknu í starfi og lífi.

FRAMKOMA OG TJÁNING

Með Maríu Ellingsen. 25. janúar og 1. febrúar 2008

- Aukið öryggi og færni í framkomu
- Betri raddbeiting, öndun og líkamsbeiting
- Þekking á eigin ræðustíl og styrkleikum
- Áhrifameiri og skemmtilegri framkoma
- Minni kvíði og aukin útgeislun

María tekur einnig að sér einkaþjálfun í framkomu og tjáningu.

FJÁRMÁL STJÓRNANDANS

Námið hefst 12. febrúar 2008 og skiptist í eftirfarandi hluta:

- Inngangur – Rekstrar- og fjármálaumhverfi fyrirtækja
- Greining – Lykilþættir í rekstri
- Rekstrarstjórnun
- Fjárfesting, fjármögnun og fjármál fyrirtækja
- Markmiðssetning og árangursmat við fjármálastjórnun

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Námið hefst 21. febrúar 2008 og skiptist í eftirfarandi hluta:

- Stjórnandinn og stjórnendahæfileikar, stjórnendapróf og sjálfsskoðun
- Viðtöl og skilvirk endurgjöf
- Skapandi hugsun
- Streitu-, álags- og tímastjórnun
- Árangursríkt samstarf (hópstarf)
- Framkoma, tjáning og ræðumennska
- Mannauðsstjórnun; að stjórna fólki
- Kúnstin að taka ákvörðun
- Hlutverk stjórnandans; breytingastjórnun
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is

MARÍA ELLINGSEN, LEIKSTJÓRI, LEIKKONA & ÞJÁLFARI HJÁ CAPACENT RÁÐGJÖF.

Nokkrar nýjunar verða í boði á þessu ári hjá Símennt Háskólans í Reykjavík.

Opinn háskóli fyrir almenning

Símennt Háskólans í Reykjavík býður upp á fjölda námskeiða. Nú á vorönn er boðið upp á nokkrar nýjungar og ber þar hæst Opinn háskóla þar sem almenningi gefst kostur á að taka valin námskeið til eininga úr öllum deildum HR. Þetta hefur áður verið boðið í viðskiptadeild en nú er í fyrsta sinn í boði í lagadeild, tækni- og verkfræðideild, kennslufræði- og lýðheilsudeild og tölvunarfræðideild.

Tinna Ösp Ragnarsdóttir verkefnastjóri segir viðtökurnar góðar, einstök námskeið séu þegar hafin en enn er verið að skrá í önnur. Þeir sem taka einstök fög innan HR í Opnum háskóla fá einingarnar metnar sem nýtist vel ef ákvörðun er tekin um að halda áfram námi. Námskeiðin eru þau sömu og í dagskóla en eru kennd á öðrum tíma sem hentar betur vinnandi fólki. „Fólk getur ekki klárað nám með þessum hætti en þetta er ágæt byrjun fyrir þá sem vilja prófa sig áfram," segir Tinna en nánari upplýsingar um Opinn háskóla má fá á www.opinnhaskoli.hr.is.

Aðrar nýjungar sem boðið er upp á á vorönn eru meistaranám fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu, sem er gert í samstarfi við tvo virta háskóla, McGill-háskólann í Montreal í Kanada og Columbia-háskólann í New York.

Þá verður frá og með hausti 2008 boðið upp á meistaranám í verkfræði: byggingarverkfræði, fjármálaverkfræði, rekstrarverkfræði, heilbrigðisverkfræði, hátækniverkfræði, orkuverkfræði og hugbúnaðarverkfræði.

Flest námskeiðin eru farandnámskeið

Ásdís Helga Bjarnadóttir er verkefnastjóri endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún lýsir því sem þar er að gerast á næstu vikum.

„Við reynum að bjóða námskeið á öllum starfssviðum skólans," segir Ásdís Helga, verkefnastjóri endurmenntunar í Landbúnaðarháskóla Íslands.

„Flest námskeiðin í byrjun árs snúast um hesta og reiðmennsku. Þau eru ætluð almenningi og verða haldin á Hvanneyri og í nágrenni en einnig dreifast þau aðeins um landið. Við reynum að bjóða námskeið á öllum starfssviðum skólans og á heimasíðunni okkar www.lbhi.is er listi yfir farandnámskeið. Þau erum við yfirleitt með tilbúin og fólk getur kallað eftir þeim fyrir félög, klúbba eða hópa," segir Ásdís Helga. Hún nefnir einnig námskeið í mars um fjárhúsbyggingar og vinnuhagræðingu. Þau verða haldin á tveimur stöðum á landinu: á Kirkjubæjarklaustri og á Ströndum. Skyldi staðarvalið fara eftir því hvar verið er að byggja flest fjárhús hverju sinni?

„Nei. Yfirleitt byrjum við á því að bjóða námskeiðin fram á Hvanneyri. Síðan erum við í góðri samvinnu við ráðunautaskrifstofur um allt land og þær geta óskað eftir námskeiðum á sitt svæði. Í fyrra vorum við með fjárhúsbyggingarnámskeið hér á Hvanneyri og í Þingeyjarsýslum og nú komu beiðnir frá Klaustri og af Ströndum. Garðyrkjutengd námskeið eru reyndar haldin fyrst á Reykjum í Ölfusi en þau fara líka út á land ef fólk óskar eftir og nú eru Eyfirðingar að fá eitt slíkt til sín. Þannig byggjum við þetta upp."

Útihúsabyggingar er eitt af því sem hægt er að læra um á námskeiðunum.

Áburður og áburðarnotkun heitir eitt námskeiðanna. Það verður á Egilsstöðum. „Nú eru bændur að spá í áburðarkaupin sem er einn af stóru kostnaðarliðunum við búskapinn. Því er kjörið tækifæri fyrir þá að fræðast um hvernig hægt er að reikna út áburðarþörfina og hvaða tegundir henta hvar. Það var óskað eftir þessu námskeiði til Egilsstaða og þangað fer það."

Ásdís Helga minnist einnig á handverksnámskeið eins og flókagerð og spuna sem unnin eru í samstarfi við Ullarselið á Hvanneyri. „Með þeim erum við að vekja athygli á nýtingu afurða í landbúnaðinum. Ullin er svo frábært hráefni. Þessi námskeið henta til dæmis vel leikskóla- og grunnskólakennurum. Svo höfum við líka verið að sinna arkitektum, skipulagsfræðingum og skrúðgarðyrkjumeisturum." Að lokum bendir hún á að námskeið Landbúnaðarháskólans séu mörg hver styrkhæf.

- gun

Árangursþjálfari Bandaríkjanna með námsstefnu

Jack Canfield er í hópi eftirsóttustu fyrirlesara Bandaríkjanna. Hann hefur rannsakað hverjir ná árangri og hverjir ekki og hvað það er sem gerir gæfumuninn. Hann verður staddur á Íslandi í byrjun febrúar og heldur námsstefnu um árangursþjálfun í Háskólabíói.

Tíu mánuði ársins ferðast Jack Canfield um heiminn og talar til áheyrenda í Evrópu, Asíu, Norður-Ameríku og í Afríku. Nú er komið að Íslandi en Canfield heldur námsstefnu í Háskólabíói 2. febrúar næstkomandi.

Kristján Viðar Haraldsson er framkvæmdastjóri New Vision sem sér um viðburðinn. „Canfield mun fjalla um lögmál sem hann segir frá í bók sinni The Success Principles: How to Get From Where You Are to Where You Want to Be," segir Kristján. „Um lögmál þessi og hvernig við getum mótað þau og beitt þeim. Um leið segir hann örugglega einhverjar árangurssögur, hann kann ógrynni af þeim," bætir Kristján við.

Jack Canfield hefur háskólapróf frá Harvard og Massachusetts-háskóla. Hann er þekktur víða um heim undir heitinu „Árangursþjálfari Bandaríkjanna". Nýjasta bók hans gæti útlagst á íslensku sem Árangurslögmálin: Hvernig þú kemst þaðan sem þú ert þangað sem þig langar að vera. Í bókinni er að finna 64 aðferðir sem afreksmenn á öllum sviðum mannlífsins hafa notað, að sögn, með góðum árangri. „

„Í rauninni er markhópurinn fyrir námsstefnuna allir, bæði fólk í viðskiptum og eins fólk sem hefur áhuga á að ná markmiðum sínum á næsta ári og hefur gott af því að fá spark í rassinn. Það er mikilvægt að fólk noti það sem það lærir, það á að vera hægt að taka vel á í sínu lífi eftir að hafa hlustað á Jack Canfield." segir Kristján Viðar.



Jack Canfield er annar höfunda „Chicken Soup for the Soul," og var töluvert áberandi í kvikmyndinni „The Secret".

Áhugasömum er bent á heimasíðuna newvision.is.

- nrg

Fiat Grande Punto

EURO NCAP
★★★★★
www.euroncap.com

Frábær bíll

- **Stíll**. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
- **Eyðsla**. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
- **Öryggi**. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.

Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.

Fiat Ducato

Fiat Scudo

Fiat Doblò

Fiat Multipla

Fiat Punto

Fiat Panda

Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

Meistarar við ysta haf

Nýtt spennandi meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun hefst við Háskólasetur Vestfjarða á hausti komanda.

„Í framtíðarsýn Háskólasetursins er gert ráð fyrir að skólinn einbeiti sér að málefnum hafsins og hafsvæða í víðasta skilningi. Nálægð við hafið og mikil þekking á málefnum hafs og strandar finnst í ríkum mæli á Ísafirði; hvort sem litið er til hins almenna samfélags, fyrirtækja í sjávarútvegi eða ýmissa rannsóknarstofnana sem starfa á svæðinu. Matís, Hafrannsóknastofnun, Veðurstofa Íslands, Náttúrustofa Vestfjarða og fleiri aðilar styrkja allar umhverfi námsins," segir Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Námið er alþjóðlegt og kennt á ensku, og mun því höfða jafnt til íslenskra og erlendra stúdenta.

„Nám af þessu tagi hefur vantað á Íslandi. Nú er í fyrsta sinn boðið upp á auðlindastjórnunarnám sem er sérhæft í málefnum hafs og strandar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að bæði haf og strönd eru mikilvæg Íslendingum, sem flestir búa á strandsvæðum. Auðlindir sjávar eru okkur afar mikilvægar og ekki síður nýting þeirra, sem alltaf er að breytast og verða fjölbreyttari," segir Ingi Björn um hið nýja meistaranám sem fram fer á Ísafirði í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Hér stendur Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri Háskólaseturs Vestfjarða, með Vestfjarðakjálkann í baksýn, en í haust verður hægt að stunda nýtt og spennandi meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í hinum heillandi Ísafjarðarbæ sem umlukinn er stórbrotinni náttúrufegurð, friðsæld og fallegu mannlífi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Námið er þverfaglegt og byggir einkum á þremur fræðigreinum; vistfræði, hagfræði og stjórnmálafræði. Eins og annað meistaranám er haf- og strandsvæðastjórnun krefjandi rannsóknarnám, en virkilega spennandi og skemmtilegt. Námið er 120 ETCS-einingar, sem jafngildir 60 einingum í gamla íslenska kerfinu, en námsefni verður kennt í fimm þriggja vikna lotum á önn, þar sem einn sex eininga kúrs er kenndur í hverri lotu. Það býður upp á marga möguleika, eins og sveigjanleika í endurmenntun fyrir þá sem ekki ætla að ljúka meistaragráðu, og auðveldar okkur að fá kennara sem víðast að; hér heima og að utan," segir Ingi Björn, og hægt er að ljúka námi á einu og hálfu ári því boðið er upp á sumarönn fyrir nemendur í fullu námi.

„Þeir sem útskrifast munu nýtast opinberum aðilum, sveitarfélögum, ríki og fyrirtækjum sem umgangast auðlindir hafsins. Meistarapróf nýtist alls staðar á vinnumarkaði og námið tekur á málefnum sem eru afar knýjandi bæði nú og í framtíðinni," segir Ingi Björn og bætir við að starfsmenn Háskólaseturs séu til þjónustu reiðubúnir að leggja námsmönnum lið við húsnæðisleit, almenna innkomu í samfélagið og leik- og grunnskólamál.

- þlg

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Gítarnámskeið

Hefst 21. janúar

12 vikur - 40 mínútna tímar - 1 sinni í viku
Einkatímar: kr. 47.000-
Geisladiskur með upptöku nemanda í lok námskeiðs.
Hóptímar fyrir 6-9 ára: kr. 35.000-
Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is
Öll stílbrigði !
Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna

Gítarkennsla er okkar fag !

Gítarskóli Íslands • Síðumúla 29 • Sími 581-1281 • gitarskoli@gitarskoli.is • www.gitarskoli.is

Vinsælasta námið

Háskólanám af ýmsum toga er mjög vinsælt á Íslandi. Fréttablaðið fýsti að vita hvaða nám hefði flesta nemendur í hverjum skóla. Hér er niðurstaða óformlegrar könnunar meðal nokkurra háskóla.

Háskólinn á Akureyri:
Viðskipta- og raunvísindadeild
Kennaradeild
Heilbrigðisdeild
Félagsvísinda- og lagadeild

Háskóli Íslands:
Félagsvísindadeild
Viðskipta- og hagfræðideild
Lagadeild
Verkfræðideild
Læknadeild

Háskólinn í Reykjavík:
Viðskiptadeild
Tækni- og verkfræðideild
Lagadeild
Tölvunarfræðideild

Háskólinn á Bifröst:
Viðskiptadeild
Lagadeild
Félagsvísindadeild
Frumgreinadeild

Fjarnám Iðnskólans í Reykjavík – vorönn 2008

Tölvufræði í fjarnámi
Netkerfi: CNA 103, 403
Netstjórnun: 103, 203, 213
Forritun: FOR 103, 203, 303
Gagnasafnsfræði: GSF 103, 203

Innritun í fjarnám Iðnskólans stendur yfir á netinu:
www.ir.is (Námsframboð – Fjarnám)

Innritun lýkur **20. janúar**og kennsla hefst
miðvikudaginn 23. janúar.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

FLJÓTLEG PIZZA [frábær fyrir börn]

BOTN: 125g spelt* ▪ 2 tsk vínsteins-lyftiduft* ▪ smá sjávarsalt ▪ 100 ml vatn.

SÓSA: 1 dl tómatsósa* ▪ 1 tsk oregano ▪ Rifinn mozzarella ostur (jurta eða venjulegur).

Hnoðið botn í höndunum eða hrærivél, fletjið út & bakið við 200°C í 4 mín. Smyrjið sósu & kryddi á botninn, stráið ostinum yfir & bakið við 200°C í 4-5 mín. *Fæst lífrænt frá Himneskri Hollustu.

ól · 9473

TÓMATSÓSA FYRIR ALLA!

Tómatsósa unnin úr vottuðum lífrænum tómötum sem fá að þroskast á plöntunni (eykur sæt-indi tómatanna). Tómatsósan er sykurlaus, en agave* er notað í stað sykurs. Frábær fyrir börn.

HIMNESK HOLLUSTA

*Agave sírópið er unnið úr kaktusplöntu og hefur mjög lágan sykurstuðul. Því geta margir með sykursýki og candida notað það í hófi. Agave má nota alls staðar í stað sykurs og þykir frábær sæta fyrir börn. **www.himneskt.is**

Þriggja milljóna króna klæði

Íslenska konan er aldrei tignarlegri en íklædd íslenskum þjóðbúningi, en meðal kvenna verður æ vinsælla að sauma sinn eigin búning.

„Þjóðbúninganámskeiðin eru vinsælust hjá okkur og frá árinu 1998 hefur þjóðbúningasaumur notið mestrar hylli," segir Ásdís Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Heimilisiðnaðarfélags Íslands, sem starfrækir Heimilisiðnaðarskólann sem býður fjölbreytt námskeið á vetrum.

„Við reynum að kenna alla íslensku þjóðbúningana sér því handverkið er mjög ólíkt. Nemendur eru aldrei fleiri en sjö því vinnan er flókin og tímafrek fyrir kennarann, sem þarf mikið að leiðbeina og segja til," segir Ásdís, en alls tekur venjulegt námskeið í þjóðbúningasaumi þrjá mánuði.

„Oft er ákveðið tilefni sem hvetur konur til að koma, eins og útskrift eða aðrir stórviðburðir, en einnig að þær hafa eignast gamalt kvensilfur, jafnvel bara einn lítinn hlut, sem þær vilja nýta og kaupa þá námskeið. Það hefur sýnt sig að konur sem sauma sjálfar sinn þjóðbúning eru duglegri að nota hann en konur sem eignast hann með öðrum hætti," segir Ásdís, en þrjú til fimm ár er algengt að taki að gera fald- og skautbúninga, sem eru þeir flóknustu í íslensku þjóðbúningafjölskyldunni.

„Það er ekki vitað með vissu hvort íslenskar konur á öldum áður hafi allar verið svo flinkar í höndum að gera sinn eigin búning en í ritum er getið um annálaðar hannyrðakonur sem oft voru af heldri fjölskyldum sem höfðu tíma til að sitja við hannyrðir. Víst er að allar konur þurftu að nota nál og þráð, og sjálfsagt mun fleiri sem þurftu að sauma á sig sjálfar en getið er um í heimildum. Konur í þá tíð áttu oftast eina flík til skiptanna og á þeim tíma var faldbúningur hversdagsklæðnaður, en mikil skreytiþörf virðist hafa ríkt og búningarnir bæði litríkir og margbrotnir með margs kyns handverki; kniplað, baldýrað og útsaumur með ullarþræði," segir Ásdís um faldbúninga, sem lögðust af um 1850 þegar konur fóru að nota innfluttan klæðnað í meiri mæli.

„Upp úr 1960 endurvakti Þjóðdansafélag Íslands þessa elstu búninga. Frá árinu 2000 hefur áhuginn glæðst verulega og hópur innan Heimilisiðnaðarfélagsins, sem nefnist Faldafeykir, unnið markvissa rannsóknarvinnu á gömlu búningunum og endurgerð þeirra. Búningar á söfnum hafa verið rannsakaðir, en mikil vinna hefur ekki síst verið fólgin í því að finna alls kyns tillegg, efni og hluti sem framleiddir voru fyrir 200 árum og margt af því er erlent. Í dag fáum við efni og tillegg alls staðar að úr heiminum, sem er mikið mál og vinna."

Hér stendur Ásdís Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Heimilisiðnaðarfélags Íslands, í fögrum félagsskap íslenskra þjóðbúninga, en hinn skrautlegi faldbúningur stendur fremstur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsta námskeiðið í faldbúningasaumi, þar sem saumaður er 19. aldar upphluturinn, kostar sjötíu þúsund krónur og er þá fjórðungsvinnu lokið. Alls er kostnaður um og yfir hálfa milljón að koma sér upp slíkum búningi en fullgerður er verðmæti hans um þrjár milljónir þegar öll handavinna er metin, en hún er talin í hundruðum klukkustunda.

- þlg

Skemmtileg námskeið

Námskeið fyrir börn og unglinga:
* Gítarnámskeið
* Trommunámskeið
* Bassanámskeið
10 vikna hljóðfæranámskeið ætlað byrjendum. Kennt í litlum hóptímum þar sem þátttakendum er raðað í hópa eftir aldri og getu.

Námskeið fyrir fullorðna:
* Partýgítarnámskeið
* Leikskólagítarnámskeið
6 vikna skemmtileg gítarnámskeið ætluð byrjendum í gítarleik

Upplýsingar og skráning á www.tonsalir.is

Tónsalir er ryþmískur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæraleiknum.

Tónsalir
Bæjarlind 2 - Sími 534-3700 - www.tonsalir.is

Námskeið í Heimilisiðnaðarskólanum

Heimilisiðnaðarskólinn hefur verið rekinn í um þrjátíu ár. Þar er boðið upp á námskeið þar sem kennd eru ýmis gömul vinnubrögð í greinum heimilisiðnaðar, handmennta og lista. Kennsla fer aðallega fram á kvöldnámskeiðum, en einstaka námskeið eru kennd á daginn eða um helgar.

Námskeið í boði við skólann eru til dæmis:
Baldýring – Brjóstsykurgerð – Hekl – Hnífagerð, skepti og slíður – Jurtalitun – Leðurvinna – Lopapeysuprjón – Myndvefnaður – Möttulsaumur – Orkering – Prjón: handstúkur og íleppar, sjöl, hyrnur og dúkar – Sauðskinnsskór – Skartgripa- og keðjugerð – Skyrtu- og svuntusaumur – Spjaldvefnaður – Tálgun – Tóvinna – Vefnaður – Vattarsaumur – Víravirki – Útsaumur – Þjóðbúningasaumur

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Fjarnám á vorönn 2008

Skráning fer fram 11.–20. janúar

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam

Fyrsti happadagur ársins!

Harley
+3 milljónir
í bakpokann
á tvöfaldan miða!

Harley 10. janúar – 62 milljónir í janúar!

Sýndu þinn stuðning við baráttuna fyrir bættum aðbúnaði aldraðra – þörfin er brýn.

Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

Hringdu núna í síma 561 7757 – Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRÆTTI das

-vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA/SIA.IS/DAS 40527 01/08

Að stjórna fólki

70 klst. stjórnendaþjálfun

Þátttakendur munu á námskeiðinu:

- fá ítarlegt mat á núverandi stjórnunarárangri.
- læra skilvirkar aðferðir til að ráða inn gott fólk og þjálfa það upp.
- læra að halda í efnilega starfsmenn og þróa hæfileika þeirra áfram.
- læra að taka starfsmannasamtöl og ræða frammistöðu á árangursríkan hátt.
Áhugasamir hafi samband við kórstjórann Douglas A. Brotchie í síma 899 4639 og douglas@hateigskirkja.is

Háteigskirkja

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Húsaleigubætur

Athygli er vakin á að samkvæmt lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 skal endurnýja umsókn um húsaleigubætur árlega í upphafi árs og gildir umsóknin til ársloka. Umsækjendur um húsaleigubætur í Reykjavík eru minntir á að skila umsókn fyrir árið 2008 til þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar **í síðasta lagi 16. janúar nk.**

- Þeir sem eiga lögheimili í Miðbæ eða Hlíðum hafi samband við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21, sími 411-1600.
- Þeir sem eiga lögheimili í Vesturbæ hafi samband við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Hjarðarhaga 45-47, sími 411-1700.
- Þeir sem eiga lögheimili í Laugardal eða Háaleiti hafi samband við Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 sími 411-1500.
- Þeir sem eiga lögheimili í Breiðholti hafi samband við Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12, sími 411-1300.
- Þeir sem eiga lögheimili í Árbæ, Grafarholti eða Norðlingaholti hafi samband við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Bæjarhálsi 1, sími 411-1200.
- Þeir sem eiga lögheimili í Grafarvogi eða Kjalarnesi hafi samband við Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Langarima 21, sími 411-1400.

Sviðsstjóri
Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

JB Byggingafélag

Smiðir

JB Byggingafélag óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarflokk.
Góð laun og næg verkefni

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi,
öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.
Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefur Páll Róbert
í síma 693-7014
en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Aukavinna skólafólk

Óskum eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir fólk á öllum aldri endilega hafið samband.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

KÓPAVOGSBÆR

FRÁ LINDASKÓLA

- **Okkur vantar forstöðumann til starfa við Dægradvöl skólans.**
  Um er að ræða fullt starf í gefandi og fjölbreyttu starfsumhverfi og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem allra fyrst.

Forstöðumaður sér um daglegan rekstur Dægradvalar sem m.a. felur í sér skráningu nemenda í Dægradvöl, taka saman reikninga vegna mánaðargjalda, stýra starfi á sinni deild og sinna öðrum verkefnum sem upp koma í daglegum rekstri.

Við leitum að starfsmanni sem er fær í mannlegum samskiptum, sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og býr yfir skipulagshæfileikum, frumkvæði og metnaði í starfi.

Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið námi í tómstundafræðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Upplýsingar um starfið gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 554 3900.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

Tískufataverslun

óskar eftir starfsmanni í fullt starf.

Upplýsingar í s. 8201299

LUSH

Framsækið fyrirtæki óskar eftir metnaðarfullu og áreiðanlegu starfsfólki í fullt starf og hálft starf.

Sendið umsókn á annetta@lush.is eða hringja í síma 846 7579

Hellulagnir

Erum með 4-5 menn vana hellulögnum klára í vinnu.

Uppl í síma 840 -1616
KRAFTAFL EHF

PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

Kraftafl ehf

VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

SÍMI 420 9500

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

VANTAR ÞIG PÍPU-LAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

SÍMI 420 9500

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

SÍMI 420 9500

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

STOFNFISKUR

Stofnfiskur hf.

Auglýsir eftir manneskju með fiskeldismenntun til starfa í þorskeldisklakstöð fyrirtækisins í Höfnum á Reykjanesi. Spennandi starf við eldi og eldisaðferðir sem eru í þróun.

Áhugasamir hafi samband við framkvæmdastjóra: Jónas Jónasson í síma 564 6300.

ARNARVERK EHF.

Gröfumaður Bílstjóri

Vegna aukinna verkefna óskar Arnarverk eftir að ráða gröfumann og bílstjóra til starfa.
Reynsla, réttindi og lipurð í mannlegum samskiptum.
Um framtíðarstarf er að ræða. Heitur matur í hádeginu. Starfið stendur báðum kynjum til boða.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Ágústa í síma: 864-2387. Umsóknir sendist á arnarverk1@simnet.is

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

Unglingastarf URKÍ-R

Unglingastarf Ungmennadeildar Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands hefst aftur eftir jólafrí fimmtudaginn 10. janúar.

Starfið er fyrir unglinga í 8., 9. og 10. bekk og staðsett í Breiðholti og Laugavegi 120.

Þátttaka er fyrir alla áhugasama og þeim að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar fást hjá, urkir@redcross.is og 545 0407

Ungmennadeild Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands

PÓSTURINN
allur pakkinn

Bílstjórar
– vaktavinna

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibílum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vaktavinnu í fullu starfi

Hæfniskröfur:
- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskírteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Linda Björk Jónsdóttir
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjórar

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

Ævintýri alla daga

Leikskólinn Lækjaborg við Leirulæk óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun og reynslu.

Lækjaborg er þriggja deilda leikskóli í Laugardalnum þar sem dvelja börn af mörgum þjóðernum. Lækjaborg vinnur í anda mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á virðingu og jafnrétti allra óháð uppruna eða trúarbrögðum.

Verið velkomin í heimsókn í Lækjaborg eða hafið samband við leikskólastjórann Svölu Ingvarsdóttur í síma 568-6351 og 693-9852.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

Krampakennd byggðastefna?

UMRÆÐAN
Byggðamál

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Frá því að ný ríkisstjórn tók við völdum hefur umræða um byggðamál verið í lágmarki. Það er að sumu leyti gott vegna þess að upphlaup eins og þau sem stjórnarandstaðan tamdi sér í valdatíð fyrri ríkisstjórnar eru mjög skaðleg fyrir landsbyggðina. Það sem hins vegar er ekki gott er að ríkisstjórnin virðist mjög úrræðalaus í byggðamálum og hinar svokölluðu mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar í þorskkvóta hafa ekki fengið góðar viðtökur hjá þeim sem hlut eiga að því máli.

Framsóknarflokkurinn fór með byggðamál tvö síðustu kjörtímabil, þar af undirrituð í tæp sjö ár. Áður hafði þessi málaflokkur tilheyrt forsætisráðuneytinu. Á þessum tíma náðist mikill og góður árangur í byggðamálum. Fólk varð jákvæðara gagnvart því að búa úti á landi og áhersla var lögð á að virkja þann kraft sem býr í fólkinu sjálfu, m.a. með gerð vaxtasamninga, sem var nýjung hér á landi. Hafa verður í huga að byggðamál eru ekki afmarkaður málaflokkur sem heyrir undir eitt ráðuneyti. Byggðamál snerta öll ráðuneyti en í því samhengi má nefna að eftir að ég tók við utanríkisráðuneytinu flutti ég hluta Þýðingarmiðstöðvar ráðuneytisins til Akureyrar. Sem vissulega má segja að sé aðgerð til þess að styrkja byggð.

Í Fréttablaðinu um helgina er fjallað um byggðamál. Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í borginni spyr hvort ríkisstjórnin standi vaktina í byggðamálum. Illugi Gunnarsson er til andsvara. Ég sé ekki betur en að Svandís sé að undirbúa innkomu í landsmálin með klisjukenndri yfirlýsingu sem því miður er ekki einsdæmi á þeim bænum en þar segir hún: „Byggðastefnan á Íslandi hefur undanfarin ár verið tilviljanakennd, ómarkviss og á köflum krampakennd".

Aðgerðir stjórnvalda

Alþingi samþykkir byggðaáætlun sem lögð er til grundvallar vinnubrögðum ríkisstjórna hverju sinni. Sú tillaga að byggðaáætlun sem nú er við lýði var lögð fram af undirritaðri og samþykkt af öllum flokkum. Þar er mikil áhersla lögð á menntamál, samgöngumál og nýsköpun og að öllum þessum málaflokkum hefur ötullega verið unnið. Þekkingarsetur hafa verið stofnsett, háskólastigið stóreflt og fjármagn til samgöngumála aukið. Sérstakur sjóður, Fjarskiptasjóður, var stofnaður í þeim tilgangi að bæta fjarskipti en því miður hefur hann ekki staðið undir væntingum.

Hvað nýsköpun varðar hefði ég viljað gera betur og til að svo mætti verða lagði ég fram frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Frumvarpinu var breytt þannig í meðförum þingsins að ný stofnun gagnast ekki landsbyggðinni með sama hætti og ég hafði gert ráð fyrir. Tillögur mínar gerðu ráð fyrir sameiningu þriggja stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið. Niðurstaðan varð sú að Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins voru sameinaðar en Byggðastofnun skilin frá. Hún starfar því áfram óbreytt sem þýðir að nýsköpun á landsbyggðinni er aðgreind frá nýsköpun almennt. Var það m.a. vegna andstöðu Vinstri grænna sem svo fór. Reyndar sýndi Sjálfstæðisflokkurinn hálfvelgju í málinu allan tímann þar sem þar á bæ þykir gott að hafa þingmenn í því hlutverki að útdeila fjármagni.

Nefndir forsætisráðherra

Nú berast fréttir af því að forsætisráðherra hafi skipað nefndir sem eigi að leita leiða til að styrkja atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra og á ákveðnum svæðum á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Nefndaskipanin er augljóslega til þess að vinna tíma þar sem stjórnarflokkarnir eru mjög ósammála í atvinnumálum. Það sem einnig vekur athygli er að forsætisráðherra skipar nefndirnar en ekki sá ráðherra sem fer með byggðamál og sárvantar verkefni í sitt hálfa ráðuneyti miðað við það sem áður var. Það er því ljóst að ekki virðist áhugi fyrir því að nýta þá þekkingu sem iðnaðarráðuneytið býr yfir í byggðamálum í þeirri vinnu sem er framundan.

„Klisjan"

Ég er sammála borgarfulltrúanum um það að það þarf að gera betur í byggðamálum. Hvað það er sem Svandís Svavarsdóttir telur „krampakennda byggðastefnu" veit ég þó ekki. Ég læt mér helst detta í hug að það séu ákvarðanir um uppbyggingu stóriðju á Austurlandi. Ef svo er ráðlegg ég Svandísi Svavarsdóttur að heimsækja Fjarðabyggð og líta eigin augum þá glæsilegu uppbyggingu sem þar á sér stað og upplifa af eigin raun kraftinn í samfélaginu eystra og tjá sig svo um byggðamál.

Höfundur er alþingismaður.

Komið að ákvörðun

UMRÆÐAN
Sundabraut

G. PÉTUR MATTHÍASSON

Sundabraut hefur verið lengi í undirbúningi og margir kostir skoðaðir. Fljótlega í ferlinu var kostunum fækkað þar til eftir stóðu tveir, ytri leið eða Leið I, þar sem hábrú var ein lausnin og svo innri leið, Leið III, þar sem eyjalausn var einn kostur af mörgum. Í upphafi var jarðgangalausn skoðuð en þá þótti hún ekki leysa umferðarmálin nægilega vel auk þess sem hún væri einn af dýrari kostunum. Þegar umhverfisáhrif leiðanna tveggja höfðu verið metin taldi Vegagerðin innri leiðina betri kost þar sem umferðarmálin væru a.m.k. ekki lakari, leiðin væri ódýrari, auðveldari í útfærslu og rekstrarkostnaður líklega minni.

Fyrir um tveimur árum óskaði Reykjavíkurborg eftir því að jarðgangalausnin væri aftur tekin til skoðunar. Vegagerðin taldi sjálfsagt að verða við þeirri ósk enda mikilvægt að sem flestir kostir séu skoðaðir þegar verk af þessari stærðargráðu er undirbúið. Í fyrstu athugun var talið að kostnaður gæti orðið minni en fyrri athuganir bentu til, en yrði eigi að síður töluvert meiri en við eyjalausnina og yrði þar að auki lakari lausn varðandi umferðina. Athugun er nú að fullu lokið og ljóst að jarðgangagerðin er tæknilega möguleg en kostnaður er hins vegar mun meiri en áður var talið eða um 24 milljarðar króna með vegtengingum. Jarðgangalausnin er þannig um 9 milljörðum króna dýrari kostur en eyjalausnin. Fyrir þennan mismun upp á 9 milljarða mætti gera mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, leggja Miklubraut í stokk vestur fyrir Lönguhlíð og Kringlumýrarbraut í stokk suður fyrir Listabraut. Til viðbótar er rekstrarkostnaður ganganna töluverður, mun meiri en t.d. af Hvalfjarðargöngum, þar sem í raun er um tvenn göng að ræða (2+2) og öryggiskröfur yrðu ríkari í Sundagöngum vegna margfalt meiri umferðar. Giska má á að rekstur ganganna myndi kosta a.m.k. 200 milljónum króna meira á ári en rekstur lausnar á innri leið.

Eyjalausnin felur ekki í sér að umferð verði aukin um Skeiðarvog en að sjálfsögðu mun Sundabrautin breyta umferðinni hvar sem hún kemur upp. Röskunin verður eigi að síður mun meiri með jarðgöngunum en eyjalausn þar sem gangamunnar verða fjórir, þar af þrír vestan megin, helmingur ganganna mun liggja undir borginni og byggja þarf veg út í sjó við Laugarnesið til að tengja göngin við Kringlumýrarbrautina. Niðurstaða Vegagerðarinnar er að innri leiðin, eyjalausnin, er tæknilega, fjárhagslega og umferðarlega mun betri kostur en jarðgangaleiðin og gefur miklu meiri arðsemi af því fjármagni sem til framkvæmdanna er varið. Vegagerðin getur því ekki mælt með að jarðgangalausn verði valin.

Ljóst er að komið er að ákvörðun um þessa framkvæmd. Undanfarin ár hafa ýmsir kostir verið skoðaðir að ósk Reykjavíkurborgar og ekki staðið á aðgerðum eða vilja samgönguyfirvalda. Afstaða Vegagerðarinnar er alveg skýr og nú er komið að stjórnmálamönnum að taka af skarið og taka ákvörðun um lausn og hugsanlega kostnaðarskiptingu.

Höfundur er upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.

LAGERHREINSUN

45% afsláttur af baðinnréttingarskápum með vaski og spegli

60 cm – áður 24.628, verð nú 16.863.
80 cm – áður 34.889, verð nú 23.889.

PIPAR • SÍA • 80005

30% afsláttur af Irsap handklæðaofnum og Lundia hillum

RÝMI

Háteigsvegur 7 · Reykjavík · 511 1100 · www.rymi.is

ÁSDÍS JENNA ÁSTRÁÐSDÓTTIR ER FÆDD ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1970.

„Reynum að skynja heiminn í allri sinni dýrð, fegurð og visku sem býr í náttúrunni.“

Ásdís Jenna er fjölfatlaður framhaldsnemi í fötlunarfræði, með BA-próf í táknmálsfræði.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 10. JANÚAR 1944

Strandaði við Örfirisey í ofsaveðri

LAXFOSS FULLHLAÐINN FÓLKI

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR.

Vélskipið Laxfoss strandaði þennan dag árið 1944 í blindbyl og hávaðaroki við Örfirisey úti af Reykjavík. Það var að koma frá Akranesi. Um borð voru auk áhafnar um sjötíu farþegar, þar á meðal voru margar konur og einn sjúklingur í sjúkrakörfu. Einnig þrír þingmenn; Pétur Ottesen, Skúli Guðmundsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Klukkan var um 19, myrkur skollið á og skipið strandað um 3-400 metra frá landi. Björgunarskilyrði voru erfið sökum illveðurs. Nokkrir menn komust í land í skipsbátnum en fyrstur að skipshlið var amerískur innrásarprammi sem hóf þegar að taka fólk um borð. Af honum var það selflutt á lóðsbát hafnarinnar í dráttarskipið Magna sem komst ekki að Laxfossi sökum grynninga.

Tókst björgunin giftusamlega. Að henni unnu starfsmenn hafnarinnar og björgunarsveit Slysavarnafélagsins ásamt skólapiltum úr Stýrimannaskólanum. Allir voru komnir í land laust eftir miðnætti. Þá var komið gat á skipið og mikill sjór í afturlestina.

Heimild: Öldin okkar 1931-1950.

MERKISATBURÐIR

1884 Ísafold, fyrsta stúka góðtemplara, er stofnuð í Friðbjarnarhúsi á Akureyri.

1940 Áhöfn þýska skipsins Bahia Blanca er bjargað af togaranum Hafsteini.

1941 F.D. Roosevelt forseti kynnir bandaríska þinginu frumvarp um sérstök láns- og leigukjör.

1942 Ford-bílaverksmiðjurnar hefja framleiðslu á jeppabifreiðum til hernaðar.

1989 Kúbumenn hefja brottflutning hers síns frá Angóla.

1994 Þyrlusveit varnarliðsins bjargar sex skipverjum af Goðanum í Vöðlavík á Austfjörðum. Einn maður fórst.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Einarsdóttir

Frá Borg, Tunguvegi 4, Njarðvík,

verður jarðsungin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 11. janúar kl.14.00.

Friðrik Pétur Valdimarsson
Ólafía Sigríður Friðriksdóttir
Þórunn Friðriksdóttir
Oddbjörg Friðriksdóttir
Anna Hulda Friðriksdóttir
Sigrún Alda Jensdóttir
Hafdís Friðriksdóttir
Birgir Vilhjálmsson
Ragnar Halldórsson
Erlendur Borgþórsson
Árni Eiðsson
Snorri Snorrason
Árni Hjaltason
ömmu- og langömmubörn.

†

Sigfús Ingimundarson

húsasmíðameistari,

sem lést að morgni 22. desember á Hrafnistu í Hafnarfirði verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

Unnur Elísdóttir
Bryngeir Sigfússon
Jónas R. Sigfússon
Guðni B. Sigfússon
Ingólfur A. Sigfússon
Örn Sigfússon
Ingimundur Sigfússon
Sigurjón B. Sigfússon
Ásta Margrét Kristinsdóttir
Hrafnhildur Óskarsdóttir
Anna Margrét Björnsdóttir
Wenche Raknes
Hjördís Árnadóttir
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma

Jónína Margrét Sveinsdóttir

Dalbraut 16, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

Jón Aðalsteinn Jónasson
Sveinn Grétar Jónsson
Hanna Kristín Guðmundsdóttir
Jón Aðalsteinn Sveinsson
Guðrún Elísabet Ómarsdóttir
Ásta Sigríður Sveinsdóttir
Sigurður Karl Guðgeirsson
Jónas R. Jónsson
Helga Benediktsdóttir
Margrét Ragna Jónasardóttir
Helga Gabríela Sigurðardóttir
Birta Hlín Sigurðardóttir

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Eydís Hansdóttir

Hjallavegi 7, Reykjavík,

lést að morgni þriðjudagsins 8. janúar á Hjúkrunarheimilinu Eir.

Guðbrandur Þ. Kjartansson, Alda Gunnarsdóttir, Magdalena Margrét Kjartansdóttir Ingólfur S. Óskarsson, Kolbrún Björgólfsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.

STÓRAFMÆLI „Það verður hátíðarbragur á flestu sem viðkemur bænum okkar þetta árið,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HAFNARFJÖRÐUR: FAGNAR ALDARAFMÆLI KAUPSTAÐARRÉTTINDA Á ÁRINU

Vona að sem flestir verði með

Tónlistin mun óma, sýningar verða haldnar og söfnin blómstra í Hafnarfirði á þessu ári. Auk þess verður rokkað feitt og golfið iðkað sem aldrei fyrr. Margháttuð dagskrá er á döfinni í tilefni af hundrað ára kaupstaðarafmæli bæjarins sem 130 milljónir eru ætlaðar í af fjárhagsáætlun þessa árs. Meðal annars er unnið að útgáfu tónlistar og gerð kvikmyndar um Hafnarfjörð sem byggð er á gömlu efni og nýju. Hápunkti ná hátíðahöldin í kringum afmælisdaginn sjálfan sem er 1. júní. Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi situr í nefnd ásamt þeim Ellý Erlingsdóttur og Guðrúnu Ágústu Guðmundsdóttur sem hefur undirbúið herlegheitin á vegum bæjarins. „Ég vonast til að sem flestir taki þátt í hátíðahöldunum, bæði heimamenn og gestir sem mæta á hina ýmsu viðburði,“ segir hún og lítur björtum augum fram á árið. „Ég hlakka til að sjá framlag barna og ungmenna sem munu með einum eða öðrum hætti leggja sitt af mörkum til að minnast þessara tímamóta og setja þannig svip á bæjarlífið. Afmælið mun örugglega blandast inn í starfsemi skólanna, íþróttafélaganna, eldri borgaranna og ýmissa hópa á árinu,“ segir hún. „Eins munu ýmsar menningarstofnanir halda upp á afmælið á eigin forsendum.“

Hafnarfjörður fékk sem sagt kaupstaðarréttindi 1. júní 1908. Þá bjuggu 1469 manns í bænum og 109 börn voru í barnaskólanum. Miklar breytingar hafa orðið síðan. Nú eru bæjarbúar hátt í 25.000 og skólabörnin 3.600.

Minningabók Hafnfirðinga er lítið, fallegt kver sem afmælisnefndin hefur gefið út og fer inn á hvert heimili í Hafnarfirði. Þar er fléttað saman gömlum myndum og varpað ljósi á það helsta sem verður á dagskránni út þetta ár. Aftan til í bókinni eru líka auðar blaðsíður. Þær eru Hafnfirðingar hvattir til að nota og punkta niður minningabrot frá afmælisárinu. „Við vonumst til að bæjarbúar skili bókunum til okkar aftur með þeim atriðum sem þeir hafa skrifað um líf sitt á árinu. Það verður mikill heimildabanki fyrir framtíðina. Bókunum verður komið fyrir í innsiglaðri hirslu sem áformað er að opna á 150 ára afmælinu. Hafnarfjörður er ríkur af gömlum húsum og í tilefni afmælisársins verður lokið endurbótum á Bungalowinu, sýningar- og móttökuhúsi bæjarins. Stéttin fyrir framan hið 200 ára gamla Sívertsenhús gengur einnig í endurnýjun lífdaga. Þangað gekk sjórinn upp í eina tíð og því er fjörugrjótið sem þar er verið að koma fyrir einkar viðeigandi.

„Það verður hátíðabragur á flestu sem viðkemur bænum okkar allt árið,“ segir Rósa. „Fyrir utan það sem bæjaryfirvöld eru búin að leggja fjármagn í og planað var með góðum fyrirvara munu ýmsir smærri atburðir dúkka upp.“

gun@frettabladid.is

†

Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Eiríksson

bifvélavirki, Urðarbraut 11 Blönduósi,

,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi 4. janúar sl. Útför hans fer fram frá Blönduóskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

Alda S. Theódórsdóttir
Vigdís Björnsdóttir
Eiríkur Ingi Björnsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Albert Stefánsson
Kristín Guðmannsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Valdís Pálsdóttir

lést á heimili sínu 3. janúar sl.

Páll Einarsson
Guðmundur Einarsson
Einar Valur Einarsson
Logi Einarsson
Bára Þuríður Einarsdóttir
Kristín Snjólaug Einarsdóttir
Tómas Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Sólveig Bogadóttir
Hafdís Ólafdóttir
Berglind Hallgrímsdóttir
Helga Eyjólfsdóttir
Páll Pálsson

AFMÆLI

UNNUR ARNGRÍMSDÓTTIR DANSKENNARI ER SJÖTÍU OG ÁTTA ÁRA Í DAG.

GUÐJÓN ÁRMANN EYJÓLFSSON, FYRRVERANDI SKÓLAMEISTARI, ER SJÖTÍU OG ÞRIGGJA ÁRA Í DAG.

SVERRIR GUÐJÓNSSON SÖNGVARI ER FIMMTÍU OG ÁTTA ÁRA Í DAG.

GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR SKÁKKONA ER ÞRJÁTÍU OG SEX ÁRA.

FORLEIKUR OG FLIPP Föstudagsflipp Hins hússins vakti lukku í sumarblíðunni. Í kvöld hefst Fimmtudagsforleikur þar sem rokkið ríkir.

Fyrstu tónleikarnir

Fimmtudagsforleikur Hins hússins byrjar nú aftur af fullum krafti á nýju ári í kvöld kl. 20.00.

Það verða hljómsveitirnar Narfur, Brimrót og Númer núll sem hefja leikinn að þessu sinni. Allir allsgáðir og 16 ára eru velkomnir og auðvitað er frítt inn segir í fréttatilkynningu frá Hinu húsinu. Athugið að gengið er inn í kjallarann Austurstrætismegin. Allar nánari upplýsingar eru á www.hitthusid.is

Nýr framkvæmdastjóri hjá Keili

Stefanía Katrín Karlsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri íþrótta-, heilsu- og heilbrigðisklasa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á Vallarheiði.

Stefanía var rektor Tækniháskóla Íslands frá 2002-2005 en hefur síðan verið bæjarstjóri í Árborg, starfað við fyrirtækjaráðgjöf hjá sparisjóðnum Byr og verið sjálfstætt starfandi rekstrarráðgjafi. Auk þess hefur hún setið í fjölmörgun nefndum, ráðum og stjórnum bæði í atvinnulífinu og á vegum hins opinbera. Stefanía er með háskólagráðu í raunvísindum, MBA í viðskiptafræði og meistaragráðu í stjórnmálafræði.

Undir íþrótta-, heilsu- og heilbrigðisklasa Keilis fellur Íþróttaakademían en auk þess mun Stefanía leiða frekari uppbyggingu og þróun náms og rannsókna innan klasans í samstarfi við háskóla, fyrirtæki og stofnanir á þessu sviði.

STEFANÍA KATRÍN KARLSDÓTTIR nýráðinn framkvæmdastjóri íþrótta-, heilsu- og heilbrigðisklasa keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á Vallarheiði.

Stefanía Katrín er í sambúð með Eiríki S. Svavarssyni lögmanni og á hún tvö börn.

Við þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug við fráfall og útför hjartkærs eiginmanns, sonar, bróður, tengdasonar, mágs og frænda,

Ólafs Finns Böðvarssonar,
Skógarási, Kjalarnesi.

Inga Magnúsdóttir
Anna M. Sigurðardóttir
Eyjólfur Böðvarsson
Sigríður Böðvarsdóttir
Guðlaug Böðvarsdóttir
Halldóra Böðvarsdóttir
Elín Ágústsdóttir
Helga Magnúsdóttir
Arndís Magnúsdóttir
Björn Magnússon
Þór Magnússon
og aðrir aðstandendur.

Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

Ríkharður Hjalti Pálsson
Gonderange,

andaðist á heimili sínu í Lúxemborg, laugardaginn 5. janúar. Upplýsingar um útförina verða birtar á heimasíðunni http://web.mac.com/indridipalsson

Páll Herbert Þormóðsson
Indriði Viðar Pálsson
Kjartan Thor Pálsson
Anna Theresa Pálsdóttir

Elskulegur sonur minn, faðir okkar og bróðir,

Valdemar Jónsson
Hrísalundi 2C,

sem lést á heimili sínu föstudaginn 4. janúar, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 14. janúar klukkan 13.30.

Sonja Kristinsson
Arnaldur Kári Valdemarsson
Silja Valdemarsdóttir
systkini, frændfólk og vinir.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, bróðir og afi,

Hilmar Kristjánsson

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi þriðjudaginn 1. janúar, verður jarðsunginn frá Blönduóskirkju laugardaginn 12. janúar kl. 14.00.

Valdís Finnbogadóttir
Finnbogi Hilmarsson — **Jakobína Kristín Arnljótsdóttir**
Hilmar Þór Hilmarsson — **Sædís Gunnarsdóttir**
Valgerður Hilmarsdóttir — **Þorgils Hallgrímsson**
Hulda Bjarnadóttir
Þormar Kristjánsson — **Stefanía Garðarsdóttir**
Sigurður Kristjánsson — **Sigurlaug Þorsteinsdóttir**
og afabörn.

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Klara Sigurgeirsdóttir
Asparfelli 8,

lést á Landspítalanum laugardaginn 5. janúar. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju, miðvikudaginn 16. janúar kl.13.00.

Þorkell Sigurlaugsson — **Kristín Helga Vignisdóttir**
Ester Rós Gústavsdóttir
Sæunn Björk Þorkelsdóttir
Sigurlaugur Þorkelsson
og barnabörn.

Oddný Larsdóttir
frá Útstekk, Eskifirði,

var jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þann 4. janúar. Hjartans þakkir til starfsfólks á deild 11E, Landsspítalanum við Hringbraut, fyrir frábæra umönnun.

Elísabet Þórarinsdóttir
Ólöf Lára Jónsdóttir — **Einar H. Guðmundsson**
Jakobína Bára Jónsdóttir — **Gunnar Ólafsson**
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Systir okkar

Sigríður Arnlaugsdóttir
Öldugötu 25, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut 21. desember. Útför hennar fór fram í kyrrþey hinn 4. janúar að ósk hinnar látnu.

María Arnlaugsdóttir
Helgi Arnlaugsson

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Ásmundsson
Hjúkrunarheimilinu Sóltúni,
áður að Bústaðavegi 83,

lést á heimili sínu, Sóltúni, föstudaginn 4. janúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

Ásmundur Magnússon
Auður Magnúsdóttir — **Halldór Kristiansen**
Stefanía Júlíusdóttir
Sigurður Jónsson
Magnús Ásmundsson
Hrefna Ásmundsdóttir
Einar Halldórsson
Davíð Einarsson
Gabríel Aron og Mikael Máni Sigurðarsynir.

Ástkær fósturfaðir minn, tengdafaðir og afi,

Bjarni Jónsson
listmálari, Ægissíðu 101,

lést að heimili sínu þriðjudaginn 8. janúar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Erna Svala, Kristján,
Tryggvi, Ragnar og María.

Elskuleg móðir mín, amma og langamma,

Klara Guðmundsdóttir
Hjúkrunarheimilinu Hlíð Akureyri,
áður Tjarnarlundi 13i,

lést á heimili sínu, Hlíð, mánudaginn 7. janúar. Útförin fer fram frá Höfðakapellu föstudaginn 18. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

Kristinn Ketilsson
Einar Már Guðmundsson
Bjarni Freyr Guðmundsson
Klara Guðmundsdóttir
og langömmubörn.

Hjartans þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Bergþóru Stefánsdóttur
(Lóu) áður búsett á Akureyri.

Útför hennar fór fram frá Dalvíkurkirkju mánudaginn 7. janúar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dalbæjar fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Sigurlína Árnadóttir — **Páll Sveinsson**
Áslaug Eva Árnadóttir — **Hafsteinn Vilhjálmsson**
Stefán Árnason
Sigurbjörg Árnadóttir
Jón Árnason — **Þórdís E. Guðmundsdóttir**
Óskar Árnason — **Ásdís S. Jónasdóttir**
Kristján Bergur Árnason — **Margrét Stefánsdóttir**
Ósk Jórunn Árnadóttir — **Guðmundur H. Jónsson**
Sveinn Árnason — **Margrét Guðmundsdóttir**
ömmubörn og langömmubörn.

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

Nám og starf með framtíðar-möguleikum

Hrafnista býður einstaklingum af erlendum uppruna að taka þátt í þróunarverkefni þar sem áhersla er á íslenskukennslu, kennslu í umönnunarstörfum og samfélagsfræðslu. Markmiðið er að umsækjendur komi til starfa á Hrafnistu þar sem þeir hafa góða möguleika á frekari starfsþróun. Undirbúningur tekur 2 mánuði og er hann launaður. Áætlað er að verkefnið fari af stað um miðjan febrúar. Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2008.

Nánari upplýsingar veitir Hrönn Ljótsdóttir í síma 693 9567 eða á netfangið hronn@hrafnista.is

On the job training with long term employment opportunities

Hrafnista is offering individuals of foreign descent to participate in a developmental project. The project includes Icelandic lessons, training in care giving and civics lessons. The goal of the project is that applicants seek employment at Hrafnista where they will have the possibility of further career development. The training takes 2 months during which time the trainee receives a salary. The project is due to begin in the middle of February. Application must be submitted by 16. January 2008.

For further information contact Hrönn Ljótsdóttir at 693 9567, or send an e-mail to hronn@hrafnista.is

Kurs zawodowy z możliwością stałego zatrudnienia

Hrafnista oferuje możliwość udziału w projekcie rozwojowym osobom pochodzenia zagranicznego. Projekt obejmuje lekcje islandzkiego, zajęcia z teorii praw obywatelskich i opieki. Celem projektu jest zatrudnienie uczestników w Hrafnista, gdzie będą mieli możliwość rozwoju zawodowego. Trening zajmuje dwa miesiące, podczas których praktykant otrzymuje wynagrodzenie i rozpoczyna się w połowie lutego. Zgłoszenia muszą być dostarczone nie później niż 16 stycznia.

Więcej informacji można uzyskać kontaktując się z Hrönn Ljótsdóttir (693 9567) albo hronn@hrafnista.is

vilborga@centrum.is

www.hrafnista.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Gott letikast þarf ekki að leiða til dauða

ROALD VIÐAR EYVINDSSON VILL SPORNA VIÐ ÓÆSKILEGRI ÞRÓUN SEM HEFUR ÁTT SÉR STAÐ Á ÍSLANDI

Við Íslendingar erum hamingjusamasta, fallegasta, sterkasta og sjálfsagt líka duglegasta þjóð í heimi. Hins vegar myndum við seint teljast til afslöppuðustu þjóða heims, líklegast af því að við erum svo stressuð við að uppfylla fyrrnefnd skilyrði.

Það er varla til sá Íslendingur, barn, kona eða maður sem skilur virkilega merkingu þess að slappa af og sjálfsagt kæra fæst okkar sig um það. Á Íslandi er slökun í besta falli munaðarvara sem greitt er fyrir. Í versta falli samnefnari fyrir leti sem aftur er talin til höfuðsynda í þessu samfélagi. Það nægir bara að fletta upp í Íslensku alfræðiorðabókinni til að fá það staðfest, en þar hefur einni af kristnu höfuðsyndunum sjö, það er þunglyndi, verið skipt út fyrir leti.

Á meðan litið er á gott afslappelsi nánast sem óvin er framtakssemi úr hófi fram aftur á móti hafin upp til skýjanna, sérstaklega í formi of mikillar vinnu. Gagnstætt því sem gerist annars staðar þá barma menn sér yfir óhóflegri vinnu, en stoltið leynir sér ekki og gerir jafnvel verstu vinnuþjarka græna úr öfund. Og best er náttúrlega að fara í vinnuna með því hugarfari að drepa sig úr dugnaði.

Ég hef stundum velt fyrir mér hvað gerðist ef við tækjum skyndilega upp á því að hægja aðeins á okkur. Skyldi náttúruleg skipan tilverunnar riðlast við að taka ekki fleiri verkefni að sér heldur en maður ræður við eða skilja vinnutölvuna eftir heima þegar farið er í frí.

Hvernig væri að fara að venja sig af þessum hugsunarhætti, til að mynda með því að taka okkur aðrar þjóðir til fyrirmyndar? Hér mætti taka upp síestu eins og á Spáni, nú eða ganga bara alla leið og opna eitt gott Letisafn eins og gert var í Kólumbíu á dögunum. Ástæðan var einmitt sú að fá fólk til að hugleiða leti og of mikla vinnu, svo það gæti komist að niðurstöðu um jafnvægi þar á milli.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FARTÖLVUR

ACER 5315-05

Örgjörvi	1.73Ghz Intel Celeron M 530 1MB flýtiminni, 533FSB
Minni	2GB DDR2 667MHz Hraðvirkt minni fyrir Vista
Harður diskur	120GB SATA hljóðlátur diskur 5400RPM og 8MB buffer
Skrifari	8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort	128MB Intel GMA X3100 Allt að 384MB deilt minni
Hátalarar	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi	Windows Vista Home Premium Oruggara og öflugra
Annað	Aðeins 2.8kg með rafhlöðu Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar

ACER ASPIRE 5315-05 Á FRÁBÆRU TILBOÐI

INTEL CELERON M
Intel Celeron örgjörvinn er hannaður með orkusparnað í huga og skilar því lengri rafhlöðuendingu

15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

8XDVD ± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les, skrifar DVD og venjulega geisladiska

INTEL GMA X3100
Intel GMA X3100 PCI Express sjákort með allt að 384MB minni, OpenGL 1.5 og TV-out tengi

VEFMYNDAVÉL
Skýr og góð 0.3MP Acer CrystalEye vefmyndavél innbyggð í skjáinn sem virkar vel með msn og skype

WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Home Premium ásamt öllum uppfærslum og er tilbúin til notkunar

FRÁ 2.347 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 69.900

ACER 5520G-40

FRÁ 3.247 KR Á MÁNUÐI

1.9Ghz AMD Turion64 X2 Mobile TL-58 - 1MB flýtiminni
2GB DDR2 minni • 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
DVD±/DL skrifari • 15.4" WXGA WideScreen CrystalBrite skjár
256MB DDR Geforce 8400 GS skjákort • 5 in 1 kortalesari
Þráðlaust b/g netkort • Windows Vista Home Premium

VERÐ 99.900

MSI PR200 BLEIK

FRÁ 3.847 KR Á MÁNUÐI

1.5GHz Core 2 Duo T5250 - örgjörvi með 2MB flýtiminni
2GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harður diskur
DVD±/DL skrifari • 12,1" WXGA WideScreen skjár
Intel GMA X3100 PCI-Ex skjákort • 4 in 1 kortalesari
Bluetooth • 1.3MP myndavél • Windows Vista Home Premium

VERÐ 119.900

ACER 5520G-20

FRÁ 2.647 KR Á MÁNUÐI

1.6Ghz AMD Turion64 X2 örgjörvi
2GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" breiðtjaldsskjár
128MB Geforce 7000M skjákort
Windows Vista Home Premium

VERÐ 79.900

ACER 5920G-60

FRÁ 4.747 KR Á MÁNUÐI

2.2GHz Intel Core 2 Duo 7500 örgjörvi
2GB minni • 250GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
512MB Geforce 8600GT skjákort
Windows Vista Home Premium

VERÐ 149.900

ACER 5520-6A

FRÁ 2.947 KR Á MÁNUÐI

1.8Ghz AMD Turion64 X2 TK55 örgjörvi
1GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" skjár
256MB ATI Radeon X1250 skjákort
Windows Vista Home Premium

VERÐ 89.900

ACER A7720G-60

FRÁ 4.747 KR Á MÁNUÐI

2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 320GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA X-black
256MB DDR Geforce 8400 skjákort
Windows Vista Home Premium

VERÐ 149.900

15.4" Logitech Kinetic svört hliðartaska með ól
VERÐ 9.990

15.4" Byo fartölvuskinn brúnt og doppótt
VERÐ 2.990

15.4" Dicota Campus bakpoki grár/svartur
VERÐ 7.990

15.4" Dicota PerfectSkin svart fartölvuskin
VERÐ 2.990

17" Dicota Mission XL svartur og grár bakpoki
VERÐ 12.900

15.4" Dicota Mission svartur og grár bakpoki
VERÐ 10.900

15.4" Dicota Multistart svört hliðartaska með ól
VERÐ 4.990

Bitdefender Internet Security v10 vírusvörn
VERÐ 3.990

MEÐ TÖLVU

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er mánaðargreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **KÓPAVOGUR** • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

Kl. 23.10
Sjónvarpið endursýnir í kvöld fyrsta þáttinn í bresku þáttaröðinni Gatan, en hún hlaut alþjóðlegu Emmy-verðlaunin á dögunum. Höfundur þáttanna er Jimmy McGovern, en hann á að baki vandaða þætti á borð við Cracker og The Lakes.

menning

menning@frettabladid.is

Heimshornaflakkari segir frá

Á dagskrá Rásar 1 í kvöld kl. 22.15 er athyglisverður þáttur sem kallast „Hver vegur að heiman...“ Í þættinum ræðir dagskrárgerðarkonan Lísa Pálsdóttir við Ólaf Halldórsson, mann sem hefur marga fjöruna sopið en kúventi fyrir nokkrum árum lífi sínu á óvæntan hátt. „Ég hef þekkt Ólaf í mörg ár og hef áður tekið við hann útvarpsviðtöl, enda er hann mjög áhugaverður viðmælandi þar sem hann hefur lifað heldur óvenjulegu lífi. Hann hefur alla tíð ferðast mikið og gengið milli staða með pokann á bakinu, sest að þar sem honum sýndist og tekið eins langan tíma til ferðanna og hentaði honum. Hann byrjaði á rápinu á unglingsaldri, en á milli ferðalaganna hefur hann skrapað botninn, lent í mikilli neyslu og jafnvel fangelsi, en alltaf einhvern veginn haldið höfði og verið laus við þá siðspillingu sem oft er fylgifiskur neyslunnar. Fyrir nokkrum árum tók hann múslímska trú, hætti neyslunni, og einsetti sér að verða góður múslími. Fyrir rúmu ári kvæntist hann pakistanskri ekkju, sem á einn son, án þess að hafa nokkru sinni hitt hana. Hann hafði aðeins talað við hana lítillega í síma þegar hann kvæntist henni, en fjölskyldan er nú búsett hér á Íslandi.“

Þáttur Lísu er svokallaður fléttuþáttur, en þeir eru tiltölulega fáheyrðir í útvarpi hér á landi. „Fléttuþættir eru afar tímafrekir í vinnslu. Safna þarf gríðarlega miklu efni; ég tók upp sjö eða átta tíma af viðtalsefni fyrir þennan þátt. Síðan tekur við stúdíóvinnan þar sem efnið er klippt til og sett saman. Vinnan er þó vel þess virði þar sem þessir þættir geta kafað djúpt í viðfangsefni sín, en vegna mann- og peningaeklu er ekki framleitt mikið af svona þáttum fyrir íslenskt útvarp,“ segir Lísa.

- vþ

LÍSA PÁLSDÓTTIR Gerði þátt um Ólaf Halldórsson heimshornaflakkara.

Ásgerður í Berlín

Ásgerði Júníusdóttur söngkonu er boðið að koma fram á óperuhátíðinni Die Lange Nacht der Oper í Volksbuhne-leikhúsinu í Berlín hinn 26. janúar næstkomandi. Er verkefninu ætlað að vekja spurningar um óperulistina og höfðu þeir á Volksbuhne haft spurnir af starfi og hugmyndum Ásgerðar á þessu sviði og henni boðið að setja saman dagskrá til flutnings þar. Dagskráin nefnist Opera/Electronica og verða þar flutt verk eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, Ragnhildi Gísladóttur og Ghostigital en í miðpunkti verður óperuinnsetningin Hanaegg eftir Ólöfu Nordal og Þuríði Jónsdóttur. Ásgerður vinnur um þessar mundir að samningu nýrrar óperu ásamt Ólöfu Nordal, Þuríði Jónsdóttur, Guðrúnu Evu Mínervudóttur og Kristínu Jóhannesdóttur.

- pbb

Frönskunámskeið
hefjast 21. janúar
Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.
Innritun 7.–18. janúar
Upplýsingar í síma 552 3870
Veffang: www.af.is
Netfang: alliance@af.is
Alliance Française
Tryggvagötu 8
101 Reykjavík

Þjóðin, náttúran og jaðarinn

Sýning Steingríms Eyfjörð, Lóan er komin, sem var framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins í fyrra, verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag kl. 17. Sýningin vakti mikla athygli ytra og var af sumum talin meðal hápunkta Tvíæringsins. Í kjölfar hennar var Steingrími boðinn samningur við virt gallerí í New York þar sem hann verður með sýningu í vor.

JAÐARLANDIÐ ÍSLAND Sýning Steingríms Eyfjörð var framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins í fyrra.

Innsetningin í Hafnarhúsinu samanstendur af þrettán sjálfstæðum verkum; ljósmyndum, skúlptúrum, textum, teikningum, myndböndum og öðrum miðlum. Í henni er fléttað saman ólíkum þráðum úr íslenskri sögu og samtímanum, með tilvísun í vestræna heimsmynd og alþjóðavæðingu.

„Ég var meðvitaður um að ég væri að setja saman sýningu sem yrði sýnd í alþjóðlegu samhengi. Á Feneyjartvíæringnum eru þjóðirnar ekki aðeins að sýna myndlist heldur eru þær hreinlega að sýna sig. Stóru þjóðirnar eru þess vegna mest áberandi þarna og fá mesta athygli; þjóðir eins og Bandaríkjamenn, Þjóðverjar, Frakkar og Bretar. Ísland er á mörkum hins vestræna heims og þess að vera hálfgerð jaðarþjóð og ég upplifði það að verkin sem ég var að sýna þarna flokkuðust frekar til verka jaðarþjóðanna fremur en verka þessara stóru nýlenduherra,“ segir Steingrímur um sýningu sína.

Þar sem sýningin hverfist að miklu leyti um íslenska menningararfleið mætti ætla að ólíkt sé að setja hana upp fyrir alþjóðlegan áhorfendahóp á tvíæringnum annars vegar og Reykvíkinga hins vegar. Steingrímur segir þó svo ekki vera. „Við megum ekki gleyma því að í Reykjavík býr stór hópur nýrra Íslendinga sem munu upplifa sýninguna frá enn einum vinklinum. Það var kannski hægt að tala um Íslendinga sem einhverja fasta stærð fyrir tuttugu árum síðan en það er ekki hægt lengur, fjölbreytnin í þjóðfélaginu hefur aukist gríðarlega. Afturámóti er sýningarrýmið hér frábrugðið skálanum í Feneyjum og því liggur helsti munurinn á uppsetningunum tveimur líklega í því.“

Titill sýningarinnar vísar í komu vorboðans ljúfa sem á sér varanlegan sess í hjörtum flestra landsmanna. „Titillinn kemur frá þessari frétt sem hefur birst í Morgunblaðinu einu sinni á ári síðan 1913. Þar er sagt frá því að lóan sé komin og tilgreint hver sá hana og hvar og hvort hún er snemma eða seint á ferð það árið og hvað það þýði fyrir veðurfarið. Þessi siður á sér náttúrlega rætur lengra í fortíðinni og hefur eflaust verið í gangi frá því á landnámstíð. Á liðnum öldum las fólk meira í náttúruna heldur en tíðkast núna og er þessi árlega frétt um komu lóunnar einn af fáum siðum frá þeim tíma sem lifa enn með okkur. Koma lóunnar er því vísun í samband þjóðarinnar við náttúru landsins,“ segir Steingrímur.

Samhliða opnun á sýningu Steingríms Eyfjörð verður opnuð sjöunda innsetningin í D-sal Hafnarhússins. Í þetta skipti er það Ingirafn Steinarsson sem sýnir. Sýningarnar standa báðar til 2. mars næstkomandi, og má geta þess að Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu hefur nú opið til 22 á fimmtudagskvöldum, gestum sínum til hægðarauka.

vigdis@frettabladid.is

Sýningar í Start Art

Tvær listakonur opna í dag sýningu í Start Art á Laugaveginum í Reykjavík: Listakonan Sigrid Valtingojer opnar sýningu í dag í galleríinu Start Art á Laugavegi 12 b í Reykjavík sem hún kallar Ferð án endurkomu. Á sýningunni eru ny verk, myndir úr röðinni Ferð án endurkomu sem eru grafíkmyndir, auk teikninga og verka með blandaðri tækni. Textar úr dagbók listakonunnar frá ferð hennar suður til Palestínu eru einnig frammi við verkin sem endurspegla þá reynslu. Sigrid hefur verið búsett hér á landi í áratugi og nýtur mikils álits fyrir verk sem og tækni. Hún hefur sýnt margsinnis, bæði á einka- og samsýningum. Á loftinu sýnir Elín Helena Evertsdóttir hljóðverk sitt „pong“ en þetta er fyrsta einkasýning Elínar Helenu á Íslandi eftir að hún lauk mastersnámi frá The Glasgow School of Art. Opnunartími þeirra í Start Art lætur nærri annamesta tímanum á Laugaveginum: þar er lokað á mánudögum en alla aðra daga er opið frá kl. 13 til 17 og er aðgangur ókeypis og öllum velkominn.

- pbb

MYNDLIST Eitt verka Sigrid frá ferð hennar til Palestínu.

LEIKLIST Pálmi Gestsson í Svörtum fugli.

Svartur fugl í leikför

Kvenfélagið Garpur er að leggja upp í sína fyrstu leikför með sýningu sína Svartan fugl. Leikendur í verkinu eru Pálmi Gestsson og Sólveig Guðmundsdóttir. Verkið var frumsýnt í haust í Hafnarfjarðarleikhúsinu en næstu vikur verður það leikið á þremur stöðum, Egilsstöðum, Ísafirði og í Eyjum. Sýndar verða tvær sýningar á hverjum stað: um næstu helgi í Sláturhúsinu-Menningarsetri ehf. á Egilsstöðum 12. og 13. janúar kl. 20.00. Helgina þar á eftir, 19. og 20. janúar kl. 20.00, í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, og þann 26. og 27. janúar kl. 20.00 í Leikhúsinu Vestmannaeyjum. Það verða tvær leiksýningar í boði á Ísafirði í næstu viku en Þjóðleikhúsið er einnig með farandsýningu sína Norway/Today þar á ferð. Boðið er upp á pakkaferðir á vegum Flugfélags Íslands á þessa staði sem einungis er hægt að bóka hjá hópadeild í síma 570 3075 eða á netfanginu hópadeild@flugfelag.is. Gildir einungis þær helgar sem verið er að sýna leikritið á hverjum stað. Heimamönnum er bent á að miðasala fer fram á www.midi.is og við innganginn en þar einungis gegn reiðufé, kort eru ekki tekin við inngang.

- pbb

Nýárstónleikar í Tíbrá

Hinir árlegu nýárstónleikar Tíbrár, tónleikaröð Kópavogs í Salnum, verða haldnir á laugardag og hefjast kl. 17. Þetta er fimmta árið í röð sem Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar fagnar nýju ári með glæsilegum Vínartónleikum í Salnum. Að þessu sinni hefur þetta einvalalið hljóðfæraleikara fengið til liðs við sig sópransöngkonuna Huldu Björk Garðarsdóttur og gefst tónlistarunnendum nú einstakt tækifæri til að heyra þessa frábæru söngkonu spreyta sig á Vínartónlist. Á efnisskránni eru að vanda ljúfustu söngvar, svellandi valsar, spriklandi polkar og önnur gleðitónlist úr gnægtabrunni Vínartónlistarinnar.

Því miður er uppselt á tónleikana í Salnum en vegna mikillar eftirspurnar verða tónleikarnir endurfluttir daginn eftir, sunnudag, á vegum Tónlistarfélags Reykjanesbæjar í Listasafni Reykjanesbæjar. Hefjast þessir aukatónleikar kl. 15. Sala aðgöngumiða fer fram í Listasafni Reykjanesbæjar í DUUS húsum á opnunartíma safnsins sem er alla daga frá kl. 13 til 17. Einnig verða seldir miðar við innganginn og því þurfa unnendur Vínartónlistar ekki að líða skort nú um helgina heldur geta dembt sér á skemmtilega tónleika í Reykjanesbæ.

- vþ

TÓNLEIKAHÚSIÐ SALURINN Stendur fyrir hinni vel heppnuðu tónleikaröð Tíbrá.

Síðustu forvöð að skrá sig!
ÖRFÁ PLÁSS LAUS!
ERUM VIÐ SÍMANN NÚNA!

VORÖNNIN ER AÐ HEFJAST

María Björk
Skólastjóri/Söngkona

Regína Ósk
Yfirkennari/Söngkona

Sessý
Söngkona/Kennari

Fullorðins- og unglinganámskeiðin hefjast um miðjan janúar

Söngskólinn er alltaf í leit að hæfileikaríku fólki

Guðbjörg
Söngkona/Kennari

Jónsi
Söngvari/Kennari

Ágústa Ósk
Söngkona/Kennari

Emilía Björg
Söngkona/Kennari

Soffía Karlsdóttir
Söngkona/Kennari

Agnar Jón Egilsson
Leikstjóri/Leiklist
hjá Leynileikhúsinu.
nánarar á leynileikhusid.is

Á vorönn verður boðið upp á:
5 ára og eldri: Byrjenda- og framhaldsnámskeið
Unglingar: Byrjenda- og framhaldsnámskeið
Fullorðnir: Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Aldursskiptir hópar. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

Markmið söngkennslunnar er að þjálfa nemendur í túlkun, raddbeitingu, sjálfsstyrkingu og framkomu.
Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri til að koma fram opinberlega, svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum vettvangi. Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslið sem eru atvinnumenn hver á sínu sviði.

GESTUR Á NÁMSKEIÐI PÁLL ÓSKAR

Forskóli!
Við bjóðum upp á forskóla fyrir 3-5 ára krakka

ERUM ENNÞÁ MEÐ BESTA VERÐIÐ!
13 ÁRA REYNSLA

Söngvaborg kemur í heimsókn til yngstu krakkana.

Söngskóli
MARÍU BJARKAR

Skráning og upplýsingar:
Sími: 588 1111 & 897 7922
poppskolinn@poppskolinn.is

Fákafeni 11 • www.poppskolinn.is • Sími 588 1111

Salurinn

LAU 12. JANÚAR KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIS
UPPSELT

MÁN 14. JANÚAR KL. 20
UNGIR TÓNSNILLINGAR
VÍKINGUR, ELFA, ARI.
MARGRÉT, HELGA o.fl.
Miðaverð 2500kr

MIÐ 16. JANÚAR KL. 20
TÍBRÁ: STJÖRNUTÓNLEIKAR
FRANSKI FIÐLUSNILLINGURINN
LAURENT KORCIA OG C.HADLAND
Miðaverð 2000/1600kr

GEFÐU UPPLIFUN !
NÝ OG FALLEG GJAFAKORT
OG MARGIR FRÁBÆRIR
TÓNLEIKAR Í BOÐI !

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

> **SPIELBERG FRESTAÐ**

Steven Spielberg verður að bíða í eitt ár eftir heiðursverðlaunum Golden Globe. Þetta var ákveðið af aðstandendum hátíðarinnar eftir að ljóst varð að ekki yrði sýnt frá afhendingu gullhnattarins. Ekki þótti sæmandi að enginn yrði viðstaddur þegar sjálfur gullkálfurinn fengi klapp á bakið fyrir vel unnin störf.

bíó

Enn aukast líkurnar hjá Sean Penn

Sean Penn, Paul Thomas Anderson og Coen-bræður virðast líklegastir til að hreppa tilnefningu til Óskarsverðlauna en þær verða kunngjörðar í lok janúar. Samtök leikstjóra í Bandaríkjunum tilkynntu nýlega hvaða fimm myndir hefðu verið þeim mest að skapi á árinu sem var að líða og voru það góðkunningjar fagverðlauna sem hrepptu hnossið. Auk Penn, Anderson og Coen-bræðranna fékk Julian Schnabel tilnefningu frá starfsbræðrum sínum fyrir Le Scaphandre et le papillon og Tony Gilroy fyrir Michael Clayton.

Kvikmyndin Into the Wild hefur augljóslega heillað marga en hún segir frá námsmanninum Christopher McCandless sem gefur aleigu sína til góðgerðamála og ákveður að setjast að í óbyggðum Alaska. Ólíkindatólið Sean Penn stimplar sig rækilega inn sem einn eftirtektarverðasti leikstjórinn í dag.

There Will Be Blood skartar Daniel Day Lewis í aðalhlutverki en Paul Thomas Anderson hefur jafnan sýnt að hann kann þá list ákaflega vel að segja sögu. Myndin fjallar um olíubaróninn Daniel Plainview á upphafsárum olíuvinnslu í Texas þar sem græðgi og trú sameinast í eitt.

Að endingu er það síðan Coen-myndin No Country for Old Men með Javier Bardem og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum. Talið er nokkuð víst að slagurinn um Óskarinn standi á milli hennar og Anderson-myndarinnar en No Country for Old Men segir frá manni sem finnur skjalatösku fulla af peningum, slatta af heróíni og nokkur lík. **- fgg**

PENN Stimplar sig rækilega inn sem einn af eftirtektarverðustu leikstjórunum í dag.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

Lust, Caution

Ang Lee er aftur kominn til Kína og birtist nú með erótískan njósnatrylli. Hópur leikara ákveður að koma embættismanni fyrir kattarnef en ákveðið vandamál kemur upp í hópnum þegar ein leikkonan fellur fyrir fórnarlambinu. Myndin fékk aðalverðlaunin í Feneyjum en var ekki gjaldgeng í flokknum besta erlenda myndin hjá Akademíunni.

Leikstjóri: Ang Lee

Aðalhlutverk: Tony Leung Chiu Wai og Joan Chen.

IMDB: 8,1/10

The Mist

Bækur og smásögur Stephens King hafa oftar en ekki ratað með einum eða öðrum hætti á hvíta tjaldið. Að þessu sinni er það hrollvekjan The Mist sem verður fyrir valinu en hún hefur hlotið prýðilega dóma. Myndin segir frá dularfullri þoku sem leggst yfir smábæ í Bandaríkjunum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Leikstjóri: Frank Darabont

Aðalhlutverk: Thomas Jane og Marcia Gay Harden

IMDB: 7,8/10

Frönsk kvikmyndahátíð í vikunni:

Persepolis: Frönsk teiknimynd fyrir alla aldurshópa.

Lögmaður hryðjuverkanna: Sláandi og ögrandi mynd um lögfræðinginn sem ver alla verstu skúrka heims.

Lofaðu mér: Emir Kusturica mætir til leiks með nýja kvikmynd sem sló í gegn á Cannes.

2 dagar í París: Leikstjórnarframraun frönsku leikkonunnar Julie Delpy.

Spennandi ár fram undan

Fátt var um fína drætti í kvikmyndahúsum á árinu sem var að líða. 2008 lofar hins vegar góðu þar sem leikstjórar á borð við Michael Gondy, Spike Jonze og David Fincher skjóta upp kollinum. Bloggsíðan Splash-films.com valdi 55 kvikmyndir sem áhugamenn um kvikmyndir ættu að bíða spenntir eftir.

Árið hér á landi hefst að sjálfsögðu með Óskarsvænum kvikmyndum. Into the Wild, kvikmynd Seans Penn, There Will be Blood eftir Paul Thomas Anderson og Coen-myndin No Country for Old Men, eiga allar eftir að rata á hvíta tjaldið í byrjun ársins og verður forvitnilegt að sjá hvers vegna hin fjölbreyttu stéttarfélög kvikmyndagerðarmanna í Bandaríkjunum hafa tilnefnt þessar þrjár til sinna verðlauna. En síðan hefst fjörið.

Spennandi stórsmellir

Varla var hægt að hrópa húrra yfir stórsmellum síðasta árs, þar sem tæknibrellusafnið Transformers og fjórða Die Hard-myndin stóðu upp úr. En 2008 lofar góðu hvað gróðavonina varðar í Hollywood. Cloverfield-útspil Lost-höfundarins J.J. Abrams hefur verið mikið æði á netinu að undanförnu og slík markaðssetning hefur oftar en ekki skilað sér margfalt tilbaka. Indiana Jones snýr aftur í fjórðu myndinni um fornleifafræðinginn, orðinn nokkuð grár í vöngum og nýtur nú aðstoðar sonar síns sem leikinn er af Shia Labeouf. Spielberg heldur um stjórnartaumana og því má fastlega gera ráð fyrir að sérhvert mannsbarn verði sönglandi stef Johns Williams í byrjun sumarsins.

En það eru fleiri sem setja sig í stellingar á nýjan leik. Endurkomu Leðurblökumannsins í leikstjórn Chris Nolan var ákaft fagnað eftir að Hollywood-maskínan hafði nánast gengið af riddara næturinnar dauðum. Christian Bale klæðist að sjálfsögðu skikkjunni og fær að kljást við kolklikkaðan Heath Ledger í hlutverki Jókersins. Mánuði fyrir jól kemur svo Bond keyrandi á hvíta tjaldið í 22. myndinni um leyniþjónustumanninn kvensama. Daniel Craig mátti þola mikla gagnrýni áður en nokkur hafði séð hann í hlutverki James en svaraði henni með glæsibrag í Casino Royal. Þetta verður í fyrsta skipti sem Bond-kvikmynd tekur upp þráðinn frá þeirri síðustu sem ætti að verða forvitnilegt.

22 Daniel Craig sýndi og sannaði í Casino Royale að hann er verðugur arftaki James Bond.

Athyglisvert góðgæti

En Hollywood þykir líka skemmtilegt að búa til svokallaðar „gæðamyndir“. Michael Gondy ríður fyrstur á vaðið með Be Kind Rewind þar sem Jack Black leikur mann sem eyðileggur allar myndir á myndbandaleigu vinar síns. Framhaldið er síðan bæði kostulegt og forvitnilegt. Einnig verður athyglisvert að sjá hvernig hinum stórkostlega handritshöfundi Charlie Kauffman gengur að leikstýra sinni fyrstu kvikmynd, Synecdochne, New York, en hann nýtur aðstoðar gæðaleikarans Philips Seymour Hoffman.

Peter Jackson mætir síðan um sumarið með fremur litla mynd á hans mælikvarða en The Lovely Bones fjallar um stúlku sem fylgist með leit að líki sínu eftir að hún er drepin af nágranna sínum. Jafnframt verður spennandi að sjá kvikmynd Jons Avnet, Righteous Kill, en leikarahópurinn samanstendur af Robert De Niro, Al Pacino og Martin Scorsese.

M. Night Shyamalan verður einnig með í pottinum en handritið að kvikmyndinni The Happening þykir jafn gott og Sixth Sense. Hinn aldni höfðingi Clint Eastwood leikstýrir síðan The Changeling með Angelinu Jolie í aðalhlutverki en eiginmaður hennar Brad Pitt stelur væntanlega senunni af spúsu sinni þegar The Curios Case of Benjamin Button eftir David Fincher verður frumsýnd í lok ársins.

Spurningarmerkin

Að sjálfsögðu eru það síðan vafaatriðin sem geta fallið á hvorn veginn sem er. Ironman með Robert Downey fellur undir þennan flokk auk stórmyndar Rolands Emmerich, 10.000 BC, sem gæti orðið næsti smellur eða hreinlega dýrasta og versta fjárfesting síðari tíma. Hins vegar er erfitt að sjá hvernig saga um mammúta-veiðimann á hvíta tjaldinu geti klikkað. Emmerich verður vonandi í Independence-stuði og Godzilla-áhrif eru síður en svo æskileg.

Valkyrja Toms Cruise er einnig undir sömu sök seld, ef smávaxni leikarinn talar ensku með þýskum hreim er fjandinn laus en leikstjórinn Bryan Singer ætti að geta haldið stórstjörnunni í skefjum. Englum og djöflum eftir bók Dans Brown hefur verið frestað með jöfnu millibili og ekki útséð með að myndin verði frumsýnd á þessu ári eins og Splash Films heldur fram. Imdb greinir meira að segja frá því að hún verði frumsýnd í maí á næsta ári en yfirmennirnir í Hollywood eru mikil ólíkindatól. Vonandi hefur þó Ron Howard lært af reynslunni, sent Tom Hanks í klippingu og þá gæti hann orðið trúverðugur sem táknfræðingurinn Robert Langdon.

Af öðrum stórum spurningarmerkjum má nefna Wachowski-myndina Speed Racer sem byggð er á japönskum teiknimyndaþáttum og svo Star Trek í leikstjórn J.J. Abrams enda byggir velgengni hennar á því að myndin nái að höfða út fyrir hinn þrönga hóp Trekkara. **- fgg**

GRÁR Í VÖNGUM Harrison Ford snýr aftur sem Indiana Jones og ætti væntanlega að geta halað inn nokkrum krónum í kassann með svipuna eina að vopni.

ÓVINUR NÚMER EITT Jókerinn snýr aftur í nýjustu Batman-mynd Chris Nolan en Heath Ledger þykir ekki gefa Jack Nicholson neitt eftir.

Frönsk kvikmyndahátíð

11. - 24. JANÚAR
Í HÁSKÓLABÍÓI

OPNUNARMYND:
PERSEPOLIS

11 SÉRVALDAR
OG SPLUNKUNYJAR
GÆÐAMYNDIR

BERNHARD

PEUGEOT

græna ljósið

www.graenaljosid.is
www.af.is

Er eldhúsið tómlegt?
Jólagardínurnar eru farnar niður, mandarínurnar horfnar og jólaskrautið farið. Af hverju ekki að splæsa á sig einum litlum blómvendi eða skreytingu? Gerir ótrúlegustu hluti bæði fyrir eldhúsið og skammdegisskapið.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN HÖGNI EGILSSON TÓNLISTARMAÐUR

Marglyttusúpa undarlegasta máltíðin

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Ég gæti síst verið án Vitaborgara, ég er fastagestur þar. Gleym-mér-ei borgari með beikoni á Vitabar, hann er bestur.
Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Það var kampavínsleginn kalkúnn í trufflusveppasósu sem ég fékk á nýársdag 2001 í heimahúsi í Belgíu. Það var mjög gott.
Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Kavíar finnst mér vondur.
Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Kóríander í allan mat. Það virkar á allt.
Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Ég borða náttúrlega Vitaborgarann ansi oft til að láta mér líða betur á laugardags- og sunnudagsmorgnum.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Ég á alltaf til Bónus-appelsínusafa í flösku og rjómaost.
Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Ég myndi taka með mér ólífur og fetaost. Það er fínt.
Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Það skrítnasta sem ég hef borðað er marglyttuslímsúpa með stórum tofúbitum í Kína síðasta sumar. Hún var mjög slepjuleg og með vægast sagt undarlegri áferð þar sem ekkert bersýnilegt bragð kom í ljós.

Pítur í flöguformi

Pítur hafa notið nokkurra vinsælda hér á landi, og þá helst í félagsskap nautahakks eða annars kjötmetis, og pítusósunnar góðu. Þær er þó hægt að bera á borð í töluvert öðruvísi búningi. Utanlands tíðkast til dæmis að hluta brauðið í sundur og skera í sneiðar, krydda og baka í ofni til að búa til aðeins skemmtilegra snakk en það sem kemur upp úr brakandi pokum.

Slíkar pítuflögur henta ljómandi vel með ýmiss konar íðýfum, sem og hummusi, sem á rætur sínar að rekja til sama svæðis og pítubrauðin. Kryddtegundir fara svo eftir smekk heimilisfólks. Það má fara auðveldu leiðina og lífga bara upp á brauðið með sjávarsalti, eða krydda flögurnar eftir mexíkóskum hefðum, með chili, kóríander og hvítlauk, ef svo ber undir. Salt, pipar og basilíka eru ekki verri kostur og svo mætti lengi telja.

Berið ólívuolíu á flögurnar og bakið í ofni, á bökunarpappír, þar til þær eru orðnar gullinbrúnar.

PÍTUFLÖGUR Búðu til þitt eigið snakk með því að baka niðurskorna pítu í ofni með uppáhaldskryddinu þínu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Námskeið fyrir alla

Kvöldskóli Kópavogs er einn þeirra sem bjóða upp á matreiðslunámskeið fyrir almenning. Á vorönninni eru þar nokkur spennandi námskeið í boði fyrir þá sem vilja aðstoð við að taka fyrstu skrefin í eldhúsinu, eða bæta við sig þekkingu.

Á dagskránni er meðal annars námskeið í hollum suðrænum réttum frá Miðjarðarhafslöndunum, þar sem nemendur fá meðal annars að kynnast réttum úr hinni víðfrægu frönsku matarhefð og matarmenningu Norður-Afríku. Áhugafólk um hráfæði fær tækifæri til að kynna sér það nánar, og einnig er boðið upp á námskeið í bauna-, pasta- og grænmetisréttum. Kvöldskólinn heldur svo áfram með námskeiðin Matargerð fyrir karlmenn, bæði á grunn- og framhaldsstigi.

FRÁ FRAKKLANDI TIL AFRÍKU Á meðal þess sem Kvöldskóli Kópavogs býður upp á í ár er námskeið í hollum réttum frá Miðjarðarhafslöndunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Vill hafa vesen í eldhúsinu

Ástrós Gunnarsdóttir, dansari og danshöfundur, vill helst verja löngum tíma í eldhúsinu. Hún býður þó upp á rétt í fljótlegri kantinum í þetta skiptið.

„Þessi kjúklingaréttur er bæði þægilegur og léttur, en það er alls ekki vaninn á okkar heimili," segir Ástrós og hlær við, en hún deilir uppskrift að kjúklingi með ferskum chili með lesendum Fréttablaðsins í þetta skipti. Þrátt fyrir mikið magn af salti og chili segir Ástrós hann síður en svo eldheitan.

„Það er yfirleitt meira tilstand í kringum matartímana hjá okkur, og mér finnst persónulega skemmtilegra að elda þegar það er meira vesen," segir Ástrós, sem kveðst vilja eyða löngum tíma bæði í að elda matinn og borða hann. „Allt sem heitir tilbúið, fljótlegt eða fljótlært er ekki mikið á mínum vogarskálum," bætir hún við.

Ástrós segist skoða matreiðslubækur í törnum og vinna sig út frá uppskriftum í þeim. „Ég er reyndar svolítið meira í grófleika í eldhúsinu, en sambýlismaður minn sér svo um franska eldhúsið. Það er fínt að skipta þessu upp," segir hún.

Ástrós kennir pílates og er um þessar mundir að hefja ný námskeið. Þar að auki sér hún um dans og hreyfingar fyrir uppsetningu á Óþelló í Borgarleikhúsinu, sem afrakstur samstarfs leikhússins við Draumasmiðjuna. „Eftir það fer ég að vinna dansverkefni með Láru Stefánsdóttur sem við stefnum á að sýna í apríl eða maí, svo það er nóg að gera," útskýrir Ástrós.

Chilikjúklingur
1 heill kjúklingur
4 rauð chili
2 bollar ólífuolía
sjávarsalt
1 lime eða sítróna
Grænmeti eftir smekk

Skinnið tekið af kjúklingnum, og hann lagður á magann í eldfast mót. Vel af góðri ólífuolíu hellt yfir hann, Ástrós segist nota heilan bolla á hvora hlið. Kjúklingurinn þakinn með góðu sjávarsalti og helmingnum af ferska, saxaða chilipiparnum. Takið fræin ekki úr piparnum. Kjúklingnum snúið við og leikurinn endurtekinn. Bútið lime eða sítrónu í 2-3 hluta, setjið inn í kjúklinginn.

Ástrós lætur grænmeti oft fljóta með í fatið. Hún mælir með tveimur stórum rauðlaukum og brokkólíhaus, eða sætum kartöflum, allt eftir smekk fólks. Dreypið ólífuolíu yfir það líka.

Hitið ofninn í botn meðan á undirbúningi stendur. Setjið kjúklinginn inn með álpappír yfir og lækkið í 180 gráður. Hafið álpappírinn yfir í hálftíma, fjarlægið hann, en haldið áfram að elda kjúklinginn í þrjú kortér til klukkutíma.

Ástrós mælir með því að bera kjúklinginn fram með kúskúsi eða hrísgrjónum og fersku salati.

FLJÓTLEGUR MATUR EKKI Í UPPÁHALDI Ástrós Gunnarsdóttir vill helst verja löngum tíma í eldhúsinu, bæði við matreiðslu og þegar sest er að borðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

sunna@frettabladid.is

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Umhverfissvið skiptir um umhverfi

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar flytur í nýtt og glæsilegt húsnæði á Höfðatorgi.

Vegna flutninganna eru afgreiðsla og skrifstofur lokaðar fimmtudag og föstudag. Við opnum aftur mánudaginn 14. janúar í Borgartúni 10-12 og biðjum viðskiptavini að sýna biðlund.

Erindum verður svarað í þjónustusíma Reykjavíkurborgar: 411 1111.

Helstu verkefni Umhverfissviðs eru: Heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sorphirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og umferðar- og samgöngumál.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is og í síma 411 1111

Reykjavíkurborg
Umhverfissvið

JANÚAR TILBOÐ

NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN JANÚAR

500GB SPILARI
Frábær margmiðlunarspilari með 720P Upscaling ofl. ofl.

19.900

ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI

10DVD ÁPRENTANLEGIR
10.stk áprentanlegir 16xDVD+R hágæða diskar frá Verbatim

890

CANON iP4500 PRENTARI
Lang vinsælasti og mest seldi prentari á Íslandi

9.990

500GB HARÐDISKUR
Western Digital SATA2 diskur með 16MB buffer

7.990

ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 46.900 KR

Packard Bell

ME35
- Intel Core 2 Duo T2330
- 3GB DDR2 667MHz minni
- 160GB 5400RPM diskur
- 15.4" Diamond View skjár
- 256MB ATI X1250 skjást.
- Vista Home Premium

79.900

STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

> VERST KLÆDD

Victoria Beckham situr í efsta sæti á árlegum lista tískugúrúsins Mr. Blackwells yfir verst klæddu stjörnur liðins árs. Það eru tíu ár liðin síðan henni hlotnaðist sá heiður síðast, en þá var það sem liðsmaður Spice Girls. Amy Winehouse og Mary-Kate Olsen skipa næstu sæti.

fólk

folk@frettabladid.is

Uggandi vegna Óskarsins

Óvíst er hvort Óskarsverðlaunin fari fram með hefðbundum hætti í ár vegna verkfalls handritshöfunda í Bandaríkjunum. Verðlaunaathöfnin hefur verið sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 undanfarin ár með pompi og prakt en núna verður hún hugsanlega blásin af rétt eins og raunin varð með Golden Globe-athöfnina.

„Auðvitað er maður uggandi nú þegar það er virkilega búið að blása af Golden Globe en ég trúi ekki öðru en að þetta leysist fyrir þann tíma. Það eru samt engar blikur á lofti um að þetta sé að leysast," segir Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri Stöðvar 2.

Athöfnin á að fara fram í lok næsta mánaðar og því er um einn og hálfur mánuður til stefnu. Skarphéðinn viðurkennir að Óskarinn sé einn af stórviðburðum Stöðvar 2. „Þetta er samt að nóttu til og dagskráin stendur ekkert og fellur með þessu en auðvitað er þetta smá rós í hnappagatið," segir hann. „Golden Globe er tölvuert minni viðburður en Óskarinn og ég held að það sé mun auðveldara fyrir þessar stóru stjörnur að standa með handritshöfundum fyrir svoleiðis athöfn. Ég sé ekki að þær snúa baki við Óskarnum, það yrði saga til næsta bæjar. Ég held að einu sinni áður hafi verið hætt við Óskarsathöfnina og það var út af seinni heimsstyrjöldinni." - fb

SKARPHÉÐINN GUÐMUNDSSON Skarphéðinn er uggandi vegna deilu handritshöfunda í Bandaríkjunum.

CATE BLANCHETT Breska leikkonan Cate Blanchett tekur á móti Óskarsverðlaununum.

Tónleikar blásnir af

Hætt hefur verið við tónleika sem átti að halda í Folsom-fangelsinu í Bandaríkjunum í tilefni af því að fjörutíu ár eru liðin frá sögufrægum tónleikum Johnny Cash á sama stað.

Cash, sem lést árið 2003, spilaði í mötuneyti fangelsisins 13. janúar 1968 við góðar undirtektir. Gaf hann í framhaldinu út tónleikaplötuna Live at Folsom Prison sem naut mikilla vinsælda. Stjórnendur fangelsisins og tónleikahaldarnir kenna hver öðrum um að tónleikunum hafi verið aflýst. Aðalágreiningsefnin voru rétturinn til að mynda tónleikana, aðgangur fjölmiðla og óvissa um öryggismál. Sýna átti tónleikana í beinni útsendingu á netinu.

Umdeildur Ragnar selur Óliver

Skemmtistaðurinn Óliver hefur skipt um eigendur. Baldvin Samúelsson hefur keypt staðinn af Ragnari Magnússyni og er því á góðri leið með að verða ókrýndur skemmtistaðakóngur Íslands.

„Ég er bara að færa út kvíarnar," segir Baldvin Samúelsson en hann hefur keypt einn vinsælasta skemmtistað landsins, Óliver við Laugaveg, af Ragnari Magnússyni. Baldvin vildi ekki gefa upp kaupverðið í samtali við Fréttablaðið, sagði það trúnaðarmál.

Vefsíðan Vísir greindi frá því á síðasta ári að Ragnar hefði keypt þrjá staði á 200 milljónir, Barinn, Q-Bar og Óliver og má reikna með að verð þess síðast nefnda hafi vegið þar þyngst enda einn eftirsóttasti áningastaður reykvíska ungmenna síðustu ár. Baldvin, sem er nú ókrýndur skemmtistaðakóngur Reykjavíkur, segir að það hafi verið lengi í deiglunni að hann myndi gera þetta.

Að sögn skemmtistaðaeigandans þá getur veitingastaðarekstur verið dýr bisness en ef réttir menn eru á réttum stað sé hægt að gera góða hluti. Hann segist ekki ætla að gera dramatískar breytingar, vissulega verði aðeins lappað upp á staðinn og svo eigi að treysta stoðir hans en það hafi gleymst þegar Óliver opnaði með miklu trukki fyrir nokkrum árum.

Ragnar sagðist í samtali við Fréttablaði að hann hefði tekið ákvörðun um að selja Óliver sökum þess að mannorð hans hefði beðið álitshnekki í fjölmiðlum að undanförnu. „Þar sem ég hef verið tekinn af lífi án dóms og laga," segir hann. Kaupverð Ólivers verður notað til að greiða upp þrjár kaupsamningsgreiðslur við fyrri eigendur staðarins sem voru útistandandi.

Nafn Ragnars hefur ítrekað borið á góma í tengslum við íkveikju á tíu glæsibifreiðum í Vogum á síðasta ári sem voru í eigu Ragnars. Hafa illar tungur haldið því fram að Ragnar hafi sjálfur lagt eld að farartækjunum til að geta greitt umrædda kaupsamninga. Hann vísar því á bug. „Ég hef aldrei verið yfirheyrður af lögreglu né haft stöðu grunaðs manns," segir Ragnar sem telur sig hafa fengið ásættanlegt verð fyrir skemmtistaðinn. Hann mun eftir sem áður eiga hlut í Barnum og Q-Bar ásamt Baldvini. freyrgigja@frettabladid.is

NÝR EIGANDI ÓLIVER Baldvin Samúelsson hefur eignast skemmtistaðinn Óliver við Laugaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lofa kombakki Kinks

Enska bítlabandið The Kinks hefur lofað að snúa aftur í ár, að því tilskildu að tveir meðlimanna nái sér af heilsuleysi sem hefur hrjáð þá. Gítarleikarinn Dave Davies fékk slag árið 2004 og bassaleikarinn Pete Quaife hefur glímt við nýrnasjúkdóm. Báðir eru nú áfjáðir í að snúa aftur, tólf árum eftir síðasta kombakk, og eru væntanlega í stífri endurhæfingu. Ray Davies er við ágæta heilsu og meira en til í tuskið. „Það væri magnað að koma Kinks saman aftur til að sjá hvaða hugmyndir myndu kvikna og hvað myndi koma út úr þessu," segir Ray, en ekkert hefur þó verið staðfest enn. Kombökk ofurhljómsveita eru algjörlega málið í dag. Endurkoma Led Zeppelin og Police skyggði til dæmis á flest í tónlistarheiminum í fyrra og endurkoma Kinks myndi einnig vekja mikla athygli, enda bandið tvímælalaust á meðal bestu banda rokksögunnar.

KOMBAKK HJÁ KINKS Ef endurhæfingin skilar árangri.

Martin breytti öllu

Leikkonan Gwyneth Paltrow segir að eiginmaður hennar, Chris Martin, söngvari Coldplay, hafi átt stóran þátt í að koma lífi hennar í réttan farveg eftir að hún missti föður sinn, Bruce, árið 2002.

Paltrow var að fagna þrítugsafmæli sínu á Ítalíu ásamt föður sínum þegar hann fékk hjartaáfall. „Ég var að bíða eftir rétta manninum fyrir mig og ég þurfti líka að greiða úr persónulegum flækjum. Líf mitt snerist í 180 gráður á öllum sviðum," sagði Paltrow, sem giftist Martin í desember 2003.

GWYNETH PALTROW Leikkonan þakkar eiginmanni sínum Chris Martin fyrir þá birtu sem ríkir í hennar lífi.

Leita að uppstoppaðri kind

Smáauglýsing sem birt var í Fréttablaðinu í gær vakti athygli margra, en þar var auglýst eftir uppstoppaðri kind. Auglýsingin hljómaði svo: „Áttu uppstoppaða kind frá Gunnari langafa sem þú þarft að losna við? Hringdu þá í síma 553 5010 og málið er leyst (lofum að fara vel með kindina).“ Þó margir gætu hafa haldið að hér væri um hrekk að ræða reyndist svo alls ekki vera.

Þorleifur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Tolla ehf., rak upp hlátur þegar Fréttablaðið forvitnaðist um hvað fyrirtækið hygðist gera við gripinn. „Rolluna? Við vorum að hugsa um að hafa hana í útstillingu með ferðamannavörum,“ sagði hann, en Tolli ehf. sérhæfir sig í merkingum á fatnaði og gjafavöru. „Þetta er enginn hrekkur,“ bætti Þorleifur við, „við héldum kannski að einhver gamall bóndi hefði látið stoppa upp forystusauðinn sinn og að erfingjarnir væru í vandræðum með hann, og ákváðum að prófa þetta.“

Aðspurður hvort undirtektir við rolluleitinni hafi verið góðar skellir hann aftur upp úr. „Þetta er fyrsta hringingin, svo það virðist ekki vera mikið um rollur á háaloftum. En ég er vongóður,“ bætir hann við. **- sun**

ROLLA ÓSKAST Fyrirtækið Tolli leitar logandi ljósi að uppstoppaðri kind til að nota í útstillingu með ferðamannavörum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Adele spáð frama

Söngkonan Adele, sem er sögð hin nýja Amy Winehouse, er líklegust til að slá í gegn á þessu ári samkvæmt skoðanakönnun Breska ríkisútvarpsins á meðal 150 tónlistarspekinga.

Í öðru sæti lenti söngkonan Duffy, sem hefur verið líkt við Dusty Springfield, og í því þriðja varð dúettinn The Ting Tings sem blandar saman poppi og rokki.

Adele, sem er aðeins nítján ára, gekk í sama tónlistarskóla og Amy Winehouse og Katie Melua. Mikil eftirvænting er eftir fyrstu plötu hennar, 19. sem kemur út í Bretlandi í janúarlok. „Ég finn ekki fyrir miklum þrýstingi. Ég hélt hann yrði meiri,“ sagði Adele. „Ég er mjög spennt. Vonandi munu hlutirnir snúast alfarið um tónlistina og ég vona að ég geri engan skandal og þurfi klukkutíma til að komast að útidyrahurðinni minni.“

ADELE Breska söngkonan Adela er sögð líkleg til vinsælda á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

JOHNNY DEPP Leikarinn Johnny Depp var kjörinn besti leikarinn á People´s Choice-verðlaununum.

Þakkarræður á myndbandi

Johnny Depp og Reese Witherspoon voru kjörnir bestu leikararnir á People´s Choice-verðlaununum í Bandaríkjunum á öðruvísi verðlaunaathöfn en tíðkast hefur. Vegna verkfalls handritshöfunda var enginn til að afhenda verðlaunin á hátíðinni og þess í stað voru sýndar myndbandsupptökur með þakkarræðum sigurvegaranna.

Matt Damon og Keira Knightley voru kjörnar bestu hasarhetjurnar og þau Justin Timberlake og Gwen Stefani bestu tónlistarmennirnir. Þá voru Patrick Dempsey og Katherine Heigl úr Greys´ Anatomy valdir bestu sjónvarspsleikararnir.

KRIST HÉR MEÐ NIKKU en handleikur nú bassann á ný.

Krist í Flipper

Nirvana er goðsagnakenndasta rokkhljómsveit síðasta áratugar. Sem kunnugt er batt Kurt Cobain enda á líf sitt árið 1994 og trommarinn Dave er allt í öllu með Foo Fighters. Bassaleikarinn Krist Novoselic hefur hins vegar aðallega látið til sín taka í pólitík og lítið sem ekkert spilað opinberlega. Nú hefur hann hins vegar gengið til liðs við hljómsveitina Flipper, sem hefur spilað ófyrirleitið hávaðapönk síðan um 1980. Það hefur ekki boðað gott að spila á bassa með Flipper, tveir bassaleikarar hafa látist úr of stórum skammti eiturlyfja og sá þriðju lést í bílslysi, en Krist tekur sénsinn og hljómsveitin tekur nú upp glænýja plötu í einkahljóðveri Krists í Seattle, þá fyrstu í 15 ár.

VÍNARTÓNLEIKAR

Nýárstónleikar Tónlistarfélags Reykjanesbæjar.
Listasafni DUUS húsum,
sunnudaginn 13. janúar, kl. 15:00

Salon-hljómsveit Sigurðar Inga Snorrasonar ásamt Huldu Björk Garðarsdóttir.

Sala aðgöngumiða fyrir tónleika fer fram í Listasafni Reykjanesbæjar í DUUS húsum á opnunartíma safnsins sem er alla daga kl. 13:00 -17:00, auk bess er hægt að hringja í síma 421 3796. Miðaverð er 2500kr.

TÓNLISTARFÉLAG REYKJANESBÆJAR

Samkaup úrval

NÝTT Í BÍÓ!

Stórskemmtileg gamanmynd um fóstru hjá ríka liðinu í New York. En ekki er allt sem sýnist!

★★★ A.S. MBL

THE NANNY DIARIES

Dagbók fóstrunnar

L

I'M NOT THERE

RICHARD GERE HEATH LEDGER CHRISTIAN BALE CATE BLANCHETT

12

Vinsælasta myndin á Íslandi í dag!

10 LÚXUS

ALVIN OG ÍKORNARNIR

★★★ - S.V. MBL

L

★★★★ ...FYRIR ALLA ÞÁ SEM ANA AÐ GOÐRI SPENNU" ...EIN BESTA AFÞREYING ÁRSINS" -S.V. MBL

16 I AM LEGEND

7

★★★ "FLAUELSMJÚK OG ÆGILEG" - DÓRI DNA, DV

RUN FATBOY RUN

HLAUPTU FITUBOLLA, HLAUPTU

L

16 HITMAN ★★★ VJV, TOPP5.IS

DAN IN REAL LIFE

L

16 WE OWN THE NIGHT ★★★ T.S.K. 24 stundir

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 5%

THE NANNY DIARIES	kl. 5.40 - 8 - 10.20		
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10	
THE GOLDEN COMPASS LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30		
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL		
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 8 - 10 ENSKT TAL		
HITMAN	kl. 8 - 10.10	16	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 4 - 6	7	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnbogasalnum merktar með rauðu

I'M NOT THERE	kl. 6 - 9 ótextuð	12	
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10	
WE OWN THE NIGHT	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16	
RUN FAT BOY RUN	kl. 8 - 10.10		
DAN IN REAL LIFE	kl. 5.45		

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

THE NANNY DIARIES	kl. 5.40 - 8 - 10.20		
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10	
I AM LEGEND	kl. 8 - 10.20	16	
WE OWN THE NIGHT	kl. 10.30 5%	16	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 6	7	
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 6 ÍSLENSKT TAL		

SÍMI 462 3500

THE NANNY DIARIES	kl. 8 - 10		
THE GOLDEN COMPASS	kl. 8 - 10.10	10	
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 6 ÍSL. TAL		
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 6 5%	7	

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

STÆRSTA ÆVINTÝRI VETRARINS ER UM ÞAÐ BIL AÐ HEFJAST.

NATIONAL TREASURE BOOK OF SECRETS

VINSÆLASTA MYNDIN Í BANDARÍKJUNUM Í DAG.

Beint á toppinn í USA.

LEGEND

mögnuð spennumynd

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

TÖFRAPRINSESSAN

FIVE - 16

ÁLFABAKKA

NAT. TREASURE 2 DIGITAL	kl. 5:30 - 8D - 10:40D	12
NAT. TREASURE 2	kl. 8 - 10:40	VIP
I AM LEGEND DIGITAL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	14
I AM LEGEND	kl. 5:30	VIP
TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL	kl. 5:30D	L
ENCHANTED M/- ENSK TAL	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	L
BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL	kl. 5:30	L
SIDNEY WHITE	kl. 8	L
AMERICAN GANGSTER	kl. 10:40	16

KEFLAVÍK

NATIONAL TREASURE 2	kl. 8 - 10:30	12
THE GOLDEN COMPASS	kl. 8	10
SAW IV	kl. 10:20	16

KRINGLUNNI

NAT. TREASURE 2	kl. 8D - 10:40D	12
I AM LEGEND	kl. 8D - 10:10D	14
TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL	kl. 5:50D	L
ENCHANTED M/- ENSK TAL	kl. 5:50 - 8	L
FRED CLAUSE	kl. 10:10	L
BEOWULF Síðustu sýningar	kl. 5:50(3D)	12

AKUREYRI

NATIONAL TREASURE 2	kl. 8 - 10:20	12
I AM LEGEND	kl. 8 - 10:20	14

SELFOSS

NAT. TREASURE 2	kl. 8 - 10:30	12
I AM LEGEND	kl. 8 - 10	14

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus

NICOLAS CAGE

NATIONAL TREASURE BOOK OF SECRETS

THE GOLDEN COMPASS

ALVIN OG ÍKORNARNIR

RUN FATBOY RUN

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

NATIONAL TREASURE 2	kl. 5, 8 og 10.30	12
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5, 8 og 10.15	10
RUN FATBOY RUN	kl. 8 og 10	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL	kl. 6	L

Björgum Britney!

Britney Spears er með allt niðrum sig og heimurinn fylgist gapandi með þokkadísinni fara hægt og bítandi í hundana. Hver skandallinn rekur annan og hvergi virðist ljóstíra í myrkrinu. Það er því öllum ljóst að Britney þarf hjálp, mikla hjálp. Íslendingar láta aldrei sitt eftir liggja þegar rétta þarf hjálparhönd og með samstilltu átaki gætu þessir aðilar bjargað Britney.

Þórarinn Tyrfingsson hjá SÁÁ
Eftir þrjár meðferðir er Britney enn í ruglinu. Það er því alveg ljóst að ameríska aðferðin er ekki að virka. Þá er bara eitt sem kemur til greina: almennileg fjögurra vikna kvennameðferð í Vík.

Einar Bárðarson
Kraftaverkamaðurinn Einar getur jafnvel selt plötur með Luxor svo honum ætti ekki að verða skotaskuld úr því að blása lífi í feril Britney. Það er laust pláss í Nylon þar til hún getur staðið á eigin fótum á ný.

Guðni Gunnarsson í Rope yoga
Guðni vann við að byggja stjörnurnar upp í Hollywood með rope yoga. Nýjasti Superman var meðal kúnnanna og ef Guðni getur bjargað Superman fer hann létt með Britney.

Pálmi Guðmundsson hjá Stöð 2
Eftir að Bandið hans Bubba hefur sannað sig er upplagt að koma með Bandið hennar Britney. Britney, Ellý í Q4U og Ellý Ármanns eru í dómnefndinni og verðlaunin eru 3 millur og samningur við Senu.

Guðjón Bergmann
Jógakennarinn Guðjón hefur áralanga reynslu af mannbætandi námskeiðum eins og „Þú ert það sem þú hugsar“ og „Að nota hinar sjö mannlegu þarfir“. Britney hefði gott af því að sækja einkatíma.

Páll Magnússon hjá RÚV
Það er lengi pláss fyrir nýjar þulur á RÚV og ef Britney væri þula vekti það heimsathygli. Með betri íslenskukunnáttu lægi svo leiðin í Kastljósið.

Geiri í Goldfinger
Góðmennið Geiri hefur veitt margri stúlkunni tækifæri til betra lífs og Britney myndi eflaust trekkja vel á Smiðjuveginum. Hún er líka vön.

Sóley Tómasdóttir
Sóley og stöllur hennar í Femínistafélaginu gætu stappað stálinu í Britney og kennt henni allt um stöðu sína í karllægum heimi. Fyrr en varði væri Britney farin að blogga og þá væri stutt í að hún fengi að koma í Silfur Egils.

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.

Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá	1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
	Litgreining	Fatastíll	Innkaupastjóri
	Förðun út frá litgreiningu	Fatasamsetning	Útlitsráðgjafi
	Litasamsetning	Textill	Stílisti
			Verslunarstjóri

Erna, *stílisti*

Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, *tískuráðgjafi*

Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

Ragnheiður, *ráðgjafi*

Ég hef alltaf haft áhuga á tísku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRITUN ER HAFIN FYRIR VORÖNN

Herja á Þýskaland

SINGAPORE SLING Hljómsveitin Singapore Sling heldur sína árlegu janúartónleika í kvöld.

Rokksveitin Singapore Sling heldur sína árlegu janúartónleika á veitingastaðnum Organ við Hafnarstræti í kvöld. Sveitin heldur í tveggja vikna tónleikaferðalag 21. janúar til Þýskalands til að kynna safnplötuna The Curse The Life The Blood, sem kom út á síðasta ári hjá útgáfufyrirtækinu 8mm Records í Berlín. Mun hún spila á tónleikastaðnum Bassy í Berlín og í borgunum Dresden, Zürich, Salzburg og Hannover.

Auk þess að spila lög af safnplötunni ætlar sveitin að spila lög af óútkominni plötu sem kemur út síðar á árinu. Tónleikarnir á Organ hefjast klukkan 21.00 og er miðaverð 700 krónur. Bacon Live Support treður einnig upp.

Spila á norskri hátíð

Hljómsveitirnar FM Belfast, Bloodgroup og Benni Hemm Hemm spila á tónlistarhátíðinni By:Larm sem verður haldin í Ósló í næsta mánuði. Um er að ræða stærstu tónlistarráðstefnu Skandinavíu og skiptist hún í tvo hluta: „By:Larm Conference“ sem samanstendur af vinnufundum og fyrirlestrum ætluðum starfsmönnum tónlistarbransans og „By:Larm Live“ þar sem boðið verður upp á rúmlega 150 tónleika sem eru opnir öllum hátíðargestum.

Samstarf Iceland Airwaves og By:Larm hófst í fyrra þegar hljómsveitirnar Reykjavík!, Ultra Mega Technobandið Stefán og Lay Low léku á sérstökum Iceland Airwaves-viðburðum á hátíðinni. Tónleikarnir vöktu mikla athygli og sköpuðu ýmis tækifæri fyrir ofangreinda listamenn. Í framhaldinu komu útsendarar frá By:Larm á síðustu Airwaves-hátíð og hrifust meðal annars af tónleikum Benna Hemm Hemm, FM Belfast og Bloodgroup, sem leika einmitt á By:Larm í ár.

BLOODGROUP Hljómsveitin Bloodgroup spilar á tónlistarhátíðinni By:Larm í næsta mánuði.

Þungarokkið gert upp

ARNAR EGGERT THORODDSEN

Þungarokksárið 2007 verður gert upp í tveimur næstu þáttum þungarokksþáttarins METALS!! sem er á dagskrá Rásar 2 á fimmtudagskvöldum eftir tíu fréttir.

Í fyrri þættinum, sem verður í kvöld, verður farið yfir helstu þrekvirkin sem voru borin á borð erlendis á síðasta ári og tóndæmi leikin af þeim. Stuðst verður við ársuppgjör helstu þungarokksmiðlanna auk þess sem umsjónarmaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen spilar það sem var í uppáhaldi hjá honum. Í næstu viku verður síðan skautað yfir íslenska þungarokksárið.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hundrað ár eru liðin síðan Ian Fleming, höfundur bókanna um James Bond, fæddist. Af því tilefni hafa verið gefin út frímerki í sex útgáfum með myndum gerðum eftir bókakápum Flemings. Samantha Bond, sem lék Miss Moneypenny á móti **Pierce Brosnan**, kynnti frímerkin til sögunnar við hlið glæsikerrunnar Aston Martin DB6 sem Bond notaði í myndunum Goldfinger, Thunderball og Goldeneye.

Leikkonan **Kate Winslet** hefur hlaupið í skarðið fyrir hina ófrísku Nicole Kidman í dramatísku myndinni The Reader sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni. Kidman tilkynnti á mánudag að hún ætti von á barni með sveitasöngvaranum Keith Urban. Átti hún að byrja að leika í myndinni síðar í þessum mánuði en varð að hætta við eftir að hún fékk tíðindin.

Rapparinn **Eminem** er á batavegi eftir að hafa verið lagður inn á sjúkrahús vegna hjartatruflana sem hann varð fyrir eftir að hafa fengið lungnabólgu. Eminem hefur átt við ýmiss konar heilsuörðugleika að stríða að undanförnu og er sagður hafa bætt mikið á sig í kjölfarið. Herma fregnir að hann sé orðinn meira en hundrað kíló.

Leikarinn **Robert DeNiro** ætlar að opna glæsihótel sitt, The Greenwich Hotel, hinn 1. apríl. Á hótelinu verða 75 herbergi og þrettán svítur þar sem ekkert verður til sparað. Verða þar tíbesk silkiteppi á gólfum ásamt síberísku eikarparketti. Hver nótt í venjulegu herbergi kostar um 45 þúsund krónur.

ÚTSALAN
hefst í dag kl 10.00
50% afsláttur af öllum útsöluvörum
sale
sale
BLEND®
Kringlunni // Smáralind // Keflavík

> Miðasala hafin á Tékkaleikina

Síðustu landsleikir íslenska handboltalandsliðsins fyrir EM í Noregi fara fram á sunnudag og mánudag gegn Tékkum. Íslenska liðið heldur svo utan á þriðjudaginn en fyrsti leikur liðsins á EM er gegn Svíum á fimmtudag. Miðasala á landsleikina tvo gegn Tékkum er hafin á vefsíðunni midi.is. Miðaverð er 1.200 kr. en báðir leikirnir fara fram í Laugardalshöllinni. Landsmenn eru hvattir til að fjölmenna á völlinn og styðja strákana rækilega fyrir átökin í Noregi.

sport

sport@frettabladid.is

SVERRE ANDREAS JAKOBSSON: FÉKK VÍRUSSÝKINGU OG ER Í KAPPHLAUPI VIÐ AÐ NÁ FULLRI HEILSU FYRIR EM

Ég held ég hafi bara aldrei lent í öðru eins

Sverre Andreas Jakobsson, leikmaður íslenska landsliðsins í handbolta, fékk slæma vírussýkingu á LK-mótinu í Danmörku um síðustu helgi og gat ekki leikið síðasta leik Íslands í mótinu gegn Danmörku.

„Þetta eru búnir að vera svakalegir dagar og ég held ég hafi bara aldrei lent í öðru eins," sagði Sverre sem byrjaði að finna fyrir óþægindunum fyrir leik Íslands og Noregs á laugardeginum.

„Ég fann að ég var eitthvað að veikjast fyrir leikinn gegn Norðmönnum en lét mig hafa það að spila leikinn og hélt að þetta væri nú ekkert stórmál. Mig grunaði helst að allir þessir próteindrykkir og vítamín sem við erum búnir að vera að borða hafi farið eitthvað illa í mig, en „partíið" byrjaði svo á laugardagskvöldið. Ég svaf lítið næstu nætur á eftir og gat ekki haldið neinu niðri," sagði Sverre sem hefur mikið til verið á sjúkrahúsi síðan hann kom aftur heim til Íslands á sunnudagskvöld.

„Það var svo strax reynt að koma einhverjum mat og vökva í mig og ég hef verið í meðferð á sjúkrahúsi síðan á sunnudagskvöld þar sem ég fæ vökvanæringu í æð. Ég var enn mjög slappur á mánudaginn en leið strax betur á þriðjudeginum og ældi ekki í einhverja tíu tíma sem var mikil framför," sagði Sverre í léttum dúr og leið að sögn enn betur í gær.

„Það er kannski merki um að mér sé farið að líða betur að ég get grínast með þetta og get hlegið að sjálfum mér, en mér var ekki hlátur í huga um helgina og á mánudaginn," sagði Sverre sem stefnir ótrauður að því að vera með á Evrópumótinu sem hefst 17. janúar næstkomandi.

„Ég ætla að taka því rólega og reyna ná mér sæmilegum á næstu dögum fram að helgi og svo vonandi get ég farið að gera eitthvað með landsliðinu fljótlega. Það hefur allavega enginn afskrifað það að ég taki þátt í Evrópumótinu enn þannig að ég sé enga ástæðu til annars en að vera bjartsýnn á að geta verið með í mótinu," sagði Sverre sem var útskrifaður af sjúkrahúsinu í gær, en fer aftur til skoðunar á morgun.

7 DAGAR Í EM Í HANDBOLTA

EM-HÓPUR ALFREÐS

Eftirfarandi leikmenn hafa þegar tryggt sér farmiða til Noregs:

- Birkir Ívar Guðmundsson
- Hreiðar Levý Guðmundsson
- Roland Valur Eradze
- Guðjón Valur Sigurðsson
- Logi Geirsson
- Arnór Atlason
- Jaliesky Garcia Padron
- Snorri Steinn Guðjónsson
- Ólafur Stefánsson
- Einar Hólmgeirsson
- Alexander Petersson
- Ásgeir Örn Hallgrímsson
- Róbert Gunnarsson
- Vignir Svavarsson
- Sverre Andreas Jakobsson

Eftirfarandi leikmenn berjast um síðustu tvö sætin:

- Sigfús Sigurðsson
- Hannes Jón Jónsson
- Bjarni Fritzson

Þrír menn berjast um tvö laus sæti

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari er búinn að velja 15 manna hóp sem fer á EM í Noregi. Alfreð ætlar utan með 17 manna hóp og þeir Sigfús Sigurðsson, Hannes Jón Jónsson og Bjarni Fritzson berjast um tvö síðustu sætin. Alfreð setur fyrirvara við Sverre Andreas Jakobsson verði hann enn fárveikur um helgina.

HANDBOLTI Evrópumótið í handknattleik hefst eftir nákvæmlega eina viku en þá mæta Íslendingar frændum vorum Svíum í fyrsta leik. Undirbúningur landsliðsins er á fullu þessa dagana og síðustu tveir æfingaleikirnir eru gegn Tékkum á sunnudag og mánudag.

Alfreð hefur þegar valið 15 leikmenn til þess að fara á EM en ætlar utan með 17 manna hóp. Þeir þrír sem berjast um síðustu tvö sætin eru Sigfús Sigurðsson, Hannes Jón Jónsson og Bjarni Fritzson.

„Ég mun velja endanlegan hóp eftir síðari Tékkaleikinn á mánudag. Ég fer með 17 manna hóp með mér út og þar með höfum við fleiri möguleika en ella. Ég mun taka alla þrjá markverðina sem hafa verið að æfa en ég er búinn að fylla nú þegar í 15 sæti með fyrirvara um að Sverre verði orðinn heill heilsu sem ég vonast til. Þá fer hann klárlega með okkur út. Ég var þegar búinn að tilkynna Sigurbergi Sveinssyni að hann komi ekki með og þá standa 18 eftir. Þeir sem eru enn að berjast um sæti eru þá Sigfús, Hannes og Bjarni," sagði Alfreð við Fréttablaðið í gær en bæði Sigfús og Hannes fóru með Bliðinu til Noregs þar sem það leikur á Posten Cup um helgina.

Alfreð talaði um tíma um að taka hugsanlega annan hreinræktaðan vinstri hornamann með til Noregs þar sem ástandið á Guðjóni Val væri tæpt og var Baldvin Þorsteinsson þá helst nefndur í því samhengi. Það er dottið upp fyrir enda hefur bati Guðjóns verið mjög góður og hann í fínu standi.

„Ég hef svo Loga til að leysa hann af ef á þarf að halda. Ef Hannes fer með þá gæti hann líka leyst þá stöðu. Eins og staðan er í dag þá er ljóst að Logi leysir Guðjón af ef hann meiðist. Hvað varðar Bjarna þá kemur hann sterklega til greina þar sem Alexander er eini hreintæktaði hægri hornamaðurinn hjá okkur og er meiddur. Það á eftir að koma í ljós hvernig hann þolir allt álagið eftir að hafa verið lengi meiddur á ökklanum," sagði Alfreð en Alexander hefur verið í stífri meðferð og hvílt þess á milli.

Hann mun því ekkert æfa með liðinu fyrr en á föstudag. Endurhæfing hans gengur vel að sögn Alfreðs.

Sverre hefur verið mjög veikur síðustu daga og þurft að leggjast inn á spítala. Alfreð segir það væntanlega skýrast um helgina hvort hann eigi möguleika að koma með til Þrándheims.

„Hann er allur að koma til en svo er spurning hvað hann getur hreyft sig mikið um helgina og hvað hann verður lengi að ná sínum fyrri styrk aftur eftir þessi miklu veikindi. Ef hann getur ekki gengið eða hreyft sig þá er ástandið ekki bjart með hann og ég hef verið að æfa vörnina síðustu daga til að bregðast við verði hann ekki með," sagði Alfreð en hann útilokar ekki að kalla á Húsvíkinginn Guðlaug Arnarsson, leikmann Malmö, komist Sverre ekki með. „Það er möguleiki. Gulli þekkir líka hvað ég er að gera síðan hann var hjá mér í Þýskalandi. Hann þekkir þetta allt og stendur sig mjög vel með B-liðinu," sagði Alfreð Gíslason.

henry@frettabladid.is

SIGFÚS OG KJÚKLINGARNIR Reynsluboltinn Sigfús Sigurðsson etur kappi við hina ungu og lítt reyndu Hannes Jón Jónsson og Bjarna Fritzson um tvö laus sæti í EM-hópi Alfreðs Gíslasonar.

KLAUFI Marcus Ahlm var nærri því búinn að skera af sér vísifingurinn.
NORDICPHOTOS/AFP

Svíar sjálfum sér verstir:

Marcus Ahlm skar sig á putta

HANDBOLTI Marcus Ahlm, einn besti línumaður heims og lykilmaður í sænska landsliðinu, varð fyrir því óhappi á dögunum að skera sig í puttann þegar hann var að reyna fyrir sér í eldhúsinu.

Ahlm, sem leikur með Kiel í Þýskalandi, var að skera niður avókadó-ávöxt þegar að hann skar sig í vísifingurinn.

Ahlm hefur þó engar áhyggjur af því að missa af fyrsta leiknum á EM sem verður gegn Íslandi 17. janúar en það er þó ljóst að það er ekki gott fyrir línumann, sem reiðir sig á að grípa hvaða bolta sem er ef hann er með sár á fingrinum. - óój

Dómaranefnd HSÍ hefur verið mjög áberandi í vetur og ætlar að halda góðu starfi sínu áfram:

Vantar fleiri konur í dómarahreyfinguna

HANDBOLTI Nýir menn tóku við stjórnartaumunum í dómaranefnd HSÍ fyrir tímabilið og þeir hafa unnið markvisst að því að bæta dómaramenninguna í heild sinni. Framganga nefndarinnar hefur vakið athygli.

„Þetta starf hefur rúllað í gegnum árin en það hefur ekki verið tekið á ákveðnum hlutum og við erum að reyna að breyta því núna á margvíslegan hátt. Meðal annars með því að samræma dómgæsluna við alþjóðadómgæsluna enda ekki eins dæmt hér heima og úti. Svo erum við að breyta eftirlitsþættinum mikið og erum að reyna að vera meira áberandi auk þess sem við höfum boðist til að taka á okkur helmingslaunalækkun svo félögin vilji fá okkur á fleiri leiki," sagði Guðjón sem er ánægður með hvernig starfið hefur gengið.

Dómaranefndin gaf út áherslur í dómgæslunni fyrir tímabilið og hefur nú sent frá sér skýrslu um hvað var í lagi og hvað var ekki í lagi í þeim efnum. Samkvæmt skýrslunni eru dómararnir á réttri leið með flest áhersluatriðin en einn hlutur hefur ekki gengið sem skyldi og hann varðar aukið frjálsræði á skiptimannasvæðinu sem hvorki dómarar né þjálfarar virðast hafa ráðið við.

„Menn ná ekki að höndla þetta og það hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Hvorki þjálfarar né dómarar hafa náð að vinna saman í þessu máli og það er of mikið ósamræmi hjá dómurunum hvar eigi að draga línuna þarna. Þess vegna höfum við hert reglurnar þannig að aðeins einn maður má nú standa á bekknum í einu og annað. Þegar menn ná svo tökum á því reynum við að taka aftur skref fram á við," sagði Guðjón.

„Menn eru misvel uppaldir á bekknum. Sumum þjálfurum blöskrar hegðun sumra kolleganna og það er vont að grípa til þessara aðgerða því margir hverjir eru með sín mál í lagi. Því miður eru enn til menn sem ráða ekki við sjálfa sig eða bekkinn og því verður eitt yfir alla að ganga," sagði Guðjón sem auglýsir eftir konum.

„Ég lagði mikla áherslu á að fá konur inn í nefndina. Þar er fyrir ein kona og það er einn stóll auður sem ég vil fá konu í. Einnig vantar konur í dómgæslu en það mætti ein á námskeið um daginn. Vonandi koma fleiri í kjölfarið." - hbg

HASAR Það hefur oft verið mikill hasar í kringum ritaraborðið í vetur. Hér sendir Einar Jónsson, þjálfari kvennaliðs Fram, Helgu Magnúsdóttur eftirlitsmanni tóninn en hin reynda Helga lætur sér fátt um finnast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚRSLIT

Enski deildarbikarinn:

Arsenal-Tottenham	**1-1**

0-1 Jermaine Jenas (37.), 1-1 Theo Walcott (79.).

Iceland Express-deild kvk:

Fjölnir-Grindavík	**68-79**

Stig Fjölnis: Slavica Dimovska 26, Gréta Grétarsdóttir 19, Eva Emilsdóttir 10, Erla Kristinsdóttir 6, Hrund Jóhannsdóttir 5, Efemía Sigurbjörnsd. 2.
Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 23, Joanna Skiba 17, Petrúnella Skúladóttir 12, Jovana Stefánsdóttir 10, Ingibjörg Jakobsdóttir 6, Ólöf Pálsdóttir 4, Íris Sverrisdóttir 4, Alma Garðarsdóttir 3.

Hamar-Haukar	**69-73**

MAR Jermaine Jenas fagnar hér marki sínu með Aaron Lennon. NORDIC PHOTOS/AFP

Enski deildarbikarinn:

Jafnt hjá Spurs og Arsenal

FÓTBOLTI Arsenal tók á móti Tottenham á Emirates-vellinum í gær en viðureignin var fyrri leikur liðanna í undanúrslitum enska deildarbikarsins.

Ungt lið Arsenal hefur verið að gera góða hluti í keppninni og Spurs þorði því ekki öðru en að stilla upp sínu sterkasta liði gegn Arsenal-guttunum.

Jermaine Jenas kom Spurs yfir í fyrri hálfleik en Theo Walcott jafnaði með skrautlegu marki ellefu mínútum fyrir leikslok.

Fleiri mörk voru ekki skoruð og því stefnir í spennandi seinni leik hjá liðunum. **- hbg**

SAM ALLARDYCE Náði engu flugi með Newcastle og var rekinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Tíðindi hjá Newcastle:

Sam Allardyce rekinn

FÓTBOLTI Newcastle ákvað í gær að reka stjórann Sam Allardyce úr starfi eftir aðeins átta mánuði við stjórnvölinn. Samkvæmt tilkynningu komust félagið og Allardyce að sameiginlegri niðurstöðu.

„Ég er svekktur að yfirgefa félagið en ég óska félaginu alls hins besta," sagði Allardyce í yfirlýsingu en hann stýrði Newcastle í aðeins 24 leikjum en liðið er í ellefta sæti ensku úrvalsdeildarinnar sem stendur.

Nigel Pearson, þjálfari aðalliðsins, mun stýra liðinu tímabundið þar til nýr stjóri finnst. Alan Shearer, fyrrum fyrirliði félagsins, er sterklega orðaður við stöðuna. **- hbg**

Von er á mörgum stigum og spennu í toppslag Iceland Express-deildarinnar:

Sola byrjar á stóru prófi með KR

KÖRFUBOLTI Það verður stórleikur í DHL-Höllinni í kvöld þegar KR, liðið í 2. sæti, tekur á móti, Grindavík, liðinu í 3. sæti, í einum af úrslitaleikjum Iceland Express deildarinnar í vetur.

Ef marka má fyrri leiki liðanna í vetur þá er vona á hröðum og skemmtilegum leik þar sem boðið verður upp á spennu fram á síðustu sekúndu. Liðin hafa þegar mæst tvisvar í vetur, Grindavík vann deildarleik liðanna í Grindavík, 109-100 en KR-ingar höfðu betur 104-103 í 16 liða úrslitum bikarsins en þá var spilað í DHL-Höllinni líkt og í kvöld.

Í báðum þessum leikjum tóku liðin saman rétt tæplega fjögur skot á hverri spilaðri mínútu og það má því búast við hröðum leik og miklu stigaskori í kvöld.

Jeremiah Sola er mættur í Vesturbæinn og spilar sinn fyrsta leik í KR-búningnum síðan að hann skoraði 24 stig, tók 15 fráköst og gaf 5 stoðsendingar þegar KR-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í fyrravor.

Sola kom í staðinn fyrir Jovan Zdravevski sem leikur jafnframt sinn fyrsta leik með Stjörnunni sem tekur á móti Fjölni á sama tíma í kvöld.

Þetta verður þriðji leikur Jovans gegn Fjölnismönnum í vetur en hann var með 11,5 stig á 19,5 mínútum í hinum tveimur. Hann mun nú spila aftur með Dimitar Karadzovski en saman áttu þeir sextán 40 stiga leiki í deildarkeppninni þau tvö tímabil sem þeir léku saman með Skallagrími.

Aðrir leikir kvöldsins verða í Hveragerði þar sem Hamar tekur á móti Skallagrími og í Njarðvík þar sem Þórsarar eru í heimsókn. Þetta verður fjórði útileikur Akureyringa í röð sem hafa ekki spila deildarleik á Akureyri síðan 18. nóvember. **- óój**

FAGNAÐI SÍÐAST Jeremiah Sola fagnaði Íslandsmeistaratitlinum eftir síðasta leik sinn í KR-búningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

Söngnám fyrir alla!

Barna- og unglinganámskeið sem er undirbúningur að skemmtiþætti fyrir sjónvarp

Þetta námskeið vakti mikla lukku hjá okkur á síðustu önn og verður afraksturinn í sjónvarpinu fljótlega á þessu ári.

Nú hafa **Tónvinnsluskóli Þorvaldar Bjarna** og **Dansskóli Birnu Björnsdóttur** tekið höndum saman um framhald á þessu stórskemmtilega námskeiði. Nemendur fá að syngja, dansa og leika í mörgum mismunandi atriðum undir handleiðslu krafmikilla leiðbeinanda í 10 vikur. Þegar atriðin eru fullæfð er farið í myndver og gerður sjónvarpsþáttur upp úr afrakstrinum og allir fá að vera með.

Birgitta Haukdal verður umsjónarmaður þáttarins.

* Einnig kennt í Lækjarskóla í Hafnarfirði

Söngur og framkoma

Þetta er í 7. sinn sem þetta skemmtilega námskeið er haldið, enda eru kennararnir ekki af verri kantinum þær Selma Björnsdóttir og Margrét Eir, landsfrægar leik- og söngkonur. Námskeiðið er tvískipt; annars vegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hins vegar söngur í hljóðveri. Námskeiðið miðar að því að búa upprennandi söngvara undir þær kröfur sem gerðar eru til skemmtikrafta innan tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions þar sem þátttakendur munu fá hljóðritaðan söng sinn á lagi að eigin vali. Þeir sem hafa lokið Söng- og framkomunámskeiði áður geta skráð sig á framhaldsnámskeið af þessu tagi hjá Selmu og Margréti Eir.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 klst. á viku)
Aldur: 14 ára og eldri



Selma | Margrét Eir | Erna Hrönn

Námskeið fyrir lengra komna, söngvara, leikara og fyrirlesara

Síðastliðið sumar útskrifaðist Margrét sem Linklater kennari í New York. Kristin Linklater sem tæknin er kennd við er ein af virtustu raddkennurum í Bandaríkjunum. Bókin hennar Freeing the Natural Voice er notuð allstaðar í kennslu í háskólum í Bandaríkjunum og í Evrópu. Aðferðin byggist upp á geta notað röddina án nokkurra hafta svo sem spennu í hálsi, kjálka eða tungu, vöðvaspennu, kvíða eða þar eftir götunum. Öndun, og líkamsliðkun er mikilvægur þáttur til að geta haft greiðari aðgang að tilfinningalega túlkun, og opnað fyrir ímyndunaraflið. Margrét mun kenna notkun þessarar tækni. Farið verður í gegnum æfingar, upphitanir til að styrkja röddin. Öndum, líkamsæfingar, túlkun, framkoma, og textameðferð er hlutir sem farið verður í. Þetta er námskeið fyrir þá sem þurfa að reiða sig á röddina í starfi og leik. T.d. Lögmenn, kennarar, fjölmiðlafólk, söngvarar og leikarar.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(2 klst. á viku)
Aldur: 16 ára og eldri

25.000 kr. niðurgreiðsla fyrir þá sem geta notað Frístundakort ÍTR*

*Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins

Leiðbeinendur á námskeiðum eru: Birgitta Haukdal, Birna Björnsdóttir, Margrét Eir, Selma Björnsdóttir og Erna Hrönn Ólafsdóttir.

Námskeiðin hefjast í febrúar.
Kennt verður í Kópavogi og Grafarvogi í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur.*

Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 534 9090

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

ELSKAÐUR OG HATAÐUR Robbie Savage er jafnan í miklum metum hjá aðdáendum liðanna sem hann spilar fyrir en hataður af öðrum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Paul Jewell, stjóri Derby:

Ég hataði líka Robbie Savage

FÓTBOLTI Derby County er ekki búið að segja sitt síðasta í fallbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar og gekk í gær frá kaupum á miðjumanninum Robbie Savage frá Blackburn á 1,5 milljónir punda og skrifaði hann undir tveggja og hálfs árs samning við liðið.

„Þetta var erfiðasta ákvörðun sem ég hef þurft að taka á ferli mínum, en ég þarf að spila reglulega, svo einfalt er það," sagði Savage og Paul Jewell, knattspyrnustjóri Derby, er sannfærður um að velski baráttuhundurinn eigi eftir að vera liði sínu mikilvægur þrátt fyrir að heyrst hafi af óánægju aðdáenda félagsins með komu hans.

„Ég hataði líka Robbie Savage þegar hann var að spila gegn liðum mínum. Hann er þannig leikmaður sem maður þolir ekki að hafa á móti sér, en elskar að hafa með þér. Ég er viss um að aðdáendur liðsins eiga eftir að skipta fljótlega um skoðun gagnvart Savage," sagði Jewell í samtali við útvarpsstöð BBC í Derby. - óþ

ÓSÁTTUR Mohamed Sissoko er ekki lengur sáttur hjá Liverpool og langar að fara til Juventus. NORDIC PHOTOS/GETTY

Mohamed Sissoko, Liverpool:

Ég vil skipta um umhverfi

FÓTBOLTI Mohamed Sissoko, 22 ára miðjumaður Liverpool, hefur lýst því yfir að hann vilji færa sig um set til Ítalíu og takast á við ný verkefni þar og viðræður þess efnis eru þegar hafnar.

„Það er ekki búið að ganga frá neinu ennþá en Juventus hefur áhuga á mér og umboðsmaður minn er búinn að vera að undirbúa jarðveginn og ég vona að Liverpool og Juventus nái samkomulagi um kaupverð. Síðustu mánuðir hjá Liverpool hafa ekki farið eftir óskum mínum og mér finnst ég þurfa að breyta um umhverfi til þess að geta dafnað á vellinum að nýju," sagði Sissoko í samtali við frönsku útvarpsstöðina RMC.

Claudio Ranieri, knattspyrnustjóri Juventus, hefur opinberlega sagst vilja fá Sissoko til liðsins en hann stýrði malíska landsliðsmanninum hjá spænska liðinu Valencia á sínum tíma. - óþ

Er eiginlega ekkert nema vöðvar

Besti júdómaður landsins, Þormóður Jónsson, gerir út frá Tékklandi næstu mánuði þar sem hann reynir að komast á Ólympíuleikana í haust. Þormóður þarf að glíma við mótherja sem vega allt að 177 kílóum.

JÚDÓ Þormóður Jónsson, júdómaður ársins sem keppir fyrir JR, er enginn meðalmaður vexti en þarf engu að síður að vera maður í það að glíma við menn allt að fimmtíu kílóum þyngri en hann er sjálfur. Þormóður er 190 cm og 127 kíló og keppir í þungavigt þar sem hann varð Smáþjóðameistari og vann á Norðurlandamótinu á síðasta ári. Hann er í þeirri stöðu að hann má ekki léttast því kílóin reynast honum oft helsti bandamaðurinn í baráttunni við hin tröllin á dýnunni.

Líkt og í fyrra er Þormóður á leiðinni til Tékklands þar sem hann gerir út næstu fjóra mánuði um leið og hann reynir að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum í Kína næsta haust.

Höfuðstöðvarnir verða í Prag

„Ég fer til Tékklands um miðjan janúar og ég á eftir að vera þar í minnsta kosti fjóra mánuði, eða yfir þann tíma sem keppnistímabilið nær yfir. Mínar höfuðstöðvar verða í Prag og ég geri út þaðan. Ég æfi þar með tékkneskum klúbbi þar sem þorri tékknesku landsliðsmannanna æfir. Ég ferðast með þeim en er síðan í sambandi við íslensku þjálfarana. Ég fæ allan stuðning að heiman, bæði frá mínum klúbbi og ÍSÍ. Þeir halda mér uppi," segir Þormóður en ástæðu þess að hann fer til Tékklands má rekja til bronsmannsins Bjarna Friðrikssonar.

„Gamli þjálfarinn hans Bjarna Friðrikssonar var Michail Vakum og hann er tékkneskur. Hann flutti aftur til Tékklands 1997 og er einn af þeim hæst settu í júdóinu í Evrópu. Það var mjög auðvelt að komast að í gegnum hann og það er sérstakt samband á milli Tékklands og Íslands í júdóinu," segir Þormóður.

Leiðin til Peking er hins vegar þyrnum stráð og Þormóður gerir sér vel grein fyrir því. „Til þess að komast á Ólympíuleikana þarf að vera meðal þeirra níu bestu í Evrópu. Ég var númer 42 á heimslistanum þegar tímabilinu lauk í maí en ég veit ekki nákvæmlega hvar ég er á Evrópulistanum. Ég var meiddur í tvo mánuði, sem hjálpaði mér ekki, en það þarf allt að ganga upp. Það eru bara svo rosalegar kröfur gerðar í júdóinu. Ef þú kemst inn í gegnum Evrópu er verið að segja að þú eigir góða möguleika á að vinna til verðlauna á Ólympíuleikunum. Það eru líka yfirleitt alltaf Evrópumenn í verðlaunasætum á leikunum en samt komast bara níu Evrópumenn inn," segir Þormóður, sem lætur það eða meiðslin ekkert draga úr sér kraft.

Meiddist í ágúst og veiktist í september

„Ég meiddist í ágúst en ég var þá búinn að vaða upp styrkleikalistann. Einu glímurnar sem ég hef tapað í haust eru glímur sem ég hef þurft að gefa út af þessum meiðslum. Ég er svona 97 prósent. Ég get alveg stundað júdóið af fullum krafti en get ekki verið í langhlaupum eða spretthlaupum," segir Þormóður en hann losnar ekkert við sársaukann.

„Maður er stundum bara bólginn og verður bara að taka því. Það er beinklassi í ristinni og ég steig eitthvað skakkt í fótinn og eitt beinanna hrökk til. Þetta eru erfið meiðsli þar sem maður er náttúrlega berfættur í júdó," segir Þormóður, sem varð einnig fyrir því að veikjast í haust. Þetta var því ekki gott haust fyrir Þormóð. „Ég fékk magapest þegar ég var úti í Brasilíu í september en ég tók það út á sama tíma og þessi meiðsli. Ég léttist um nokkur kíló og núna er ég að reyna að ná þeim aftur."

Ætlar að mæta í hrikalegu formi

Þormóður hefur æft vel síðustu misseri og segist njóta þess sérstaklega vel að æfa á tímum þegar hann veit að allir aðrir eru heima. „Ég er á fullu að gíra mig upp fyrir tímabilið og ætla að mæta í hrikalegu formi á fyrsta mótið í janúar," segir Þormóður en það er eins gott að æfa vel þegar menn stíga inn á móti tröllum á borð við þá sem Þormóður mætir á næstunni.

„Þú finnur engan léttari en 115 kíló og allra þyngsti er 177 kíló. Ég hef bara glímt við hann á æfingu. Yfirleitt get ég sveiflað mönnum eins og tusku en þegar maður lendir í honum þá er það alveg öfugt. Ég ætla kannski að reyna að toga hann til en toga einungis sjálfan mig að honum enda er hann 50 kílóum þyngri en ég," lýsir Þormóður, sem lætur það ekkert buga sig.

Meiri hraði og meira úthald

„Ég hef margt fram yfir þessa þungu menn, hef bæði meiri hraða og meira úthald. Þetta er svolítið öðruvísi í þungavigtinni og ekki eins og að láta 60 kílóa mann glíma við 80 kílóa mann. Þessi stóri og mikli maður er ekki 177 kíló af vöðvum. Ég er eiginlega ekkert nema vöðvar og hef miklu meiri hreyfigetu og er öðruvísi saman settur," segir Þormóður.

„Þetta verður örugglega mjög svipað og síðasta vor. Ég verð næstum því að keppa á tveggja vikna fresti og stundum kannski í hverri viku. Það er alveg svakalega strembið því það tekur alveg hrikalega á að keppa á svona móti og maður er skemmdur eftir eitt svona mót," segir júdókappinn, sem telur sig hafa lært mikið á því að ganga í gegnum sætt og súrt á síðasta ári.

„Þetta verður erfitt bæði líkamlega og andlega. Ég er reyndari og miklu sterkari en ég var fyrir ári síðan. Maður verður líka að vera heppinn með meiðsli og annað. Ef maður fær sem dæmi einn ósanngjarnan dóm getur það alveg eyðilagt fyrir manni heilt mót. Ein mistök geta verið dýrkeypt í þessu sporti og geta þýtt að allt sé búið," segir Þormóður að lokum en það er vonandi að hann hafi heppnina með sér og takist að tryggja sér farseðilinn á Ólympíuleikana í Peking sem hefjast 8. ágúst næstkomandi.

ooj@frettabladid.is

GÓÐ RÁÐ Þormóður fær góðar ráðleggingar frá Bjarna Friðrikssyni á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FLOTTUR Þormóður Jónsson hefur æft vel síðustu vikurnar og ætlar sér mikið á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eggert Gunnþór Jónsson fær betri samning hjá Hearts en félaginu hefur undanfarið gengið illa í deildinni:

Síðustu mánuðir hafa verið mjög erfiðir

FÓTBOLTI Skoska dagblaðið The Scotsman í Edinborg greindi frá því í gær að Eggert Gunnþór Jónsson, leikmaður Hearts og íslenska landsliðsins, sé aðeins tveimur leikjum frá því að klásúla í samningi hans taki gildi sem kveði á um rétt hans til betri samnings við liðið, en sem stendur sé hann einn af lægst launuðu leikmönnum liðsins.

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Eggerts Gunnþórs, staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að fyrirhugaðar samningaviðræður væru á næsta leiti. „Það er rétt að það er ákvæði í samningi Eggerts við Hearts að þegar hann hafi spilað ákveðið marga leiki, þá verði að gera við hann nýjan og betri samning. Núverandi samningur hans gildir til ársins 2010 og því lítur út fyrir að hann muni fá betri kjör á sama samningstíma, en auðvitað getur félagið líka boðið honum lengri samning," sagði Ólafur.

Dagblaðið The Scotsman fer fögrum orðum um framgöngu Eggerts Gunnþórs á tímabilinu og kveðst hafa heimildir fyrir því að lið frá Skandinavíu, Frakklandi og Belgíu séu að fylgjast með stöðu mála hjá Eggerti. Gengi Hearts hefur hins vegar valdið talsverðum vonbrigðum á þessu tímabili og liðið er sem stendur í ellefta og næstsíðasta sæti deildarinnar.

„Síðustu mánuðir hafa verið mjög erfiðir hjá Hearts og svo virðist vera sem gengi liðsins hraki með hverjum leik. Ég finn samt mikla breytingu á hlutunum eftir að Frail tók við sem stjóri og hann er náttúrlega búinn að vera lengi hjá félaginu og hefur traust leikmannanna og ég hef fulla trú á því að hann nái að breyta gengi liðsins til hins betra," sagði Eggert og ítrekar að enn sé að miklu að keppa fyrir liðið. - óþ

EFNILEGUR Eggert Gunnþór hefur fengið mikið lof fyrir leik sinn þrátt fyrir slakt gengi Hearts. Hann er hér að kljást við Theirry Henry hjá Barcelona í vináttuleik. NORDIC PHOTOS/AFP

Komdu á alvöru útsölu!

Nú er tíminn til að gera frábær kaup á öllu sem snertir ljósmyndvörur því útsalan er hafin í Hans Petersen. Það er kominn tími til að huga að góðum minningum.

Allt að 80% afsláttur

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

LOMO myndavélar

Lomo hefur slegið í gegn. Skemmtilegt tilboð á myndavélum og aukahlutum.

Kauptu Lomo vél - fáðu aðra á **1/2 virði**

Myndaalbúm

Mikið úrval af myndaalbúmum

3 fyrir 2

Stafrænar myndavélar

Veldu þá sem hentar þér - á frábæru verði.

30% afsláttur

Sjónaukar

Gott verð á sjónaukum fyrir allar aðstæður.

25% afsláttur

INTERFIT heimastúdíó

Heimastúdíó á lækkuðu verði. Nauðsynlegt fyrir eigendur SLR véla.

5000 kr. afsláttur

Linsur

Þú finnur linsuna sem hentar þér á frábæru verði í Hans Petersen

20% afsláttur

HAMA þrífætur

Léttir og meðfærilegir - nú á enn betra verði.

20% afsláttur

SAMSONITE og HAMA töskur

Vandaður töskur á snarlækkuðu verði.

Allt að 80% afsláttur

www.hanspetersen.is

- Laugavegur 178, 105 Reykjavík, Sími 412 1840
- Bankastræti 4, 101 Reykjavík, Sími 412 1810
- Kringlan, 103 Reykjavík, Sími 412 1830
- Smáralind, 201 Kópavogur, Sími 412 1870
- Fjörður, 220 Hafnarfjörður, Sími 412 1820

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

dagskrá

> Ben Stiller

Árið 1994 voru bæði Ben Stiller og eiginkona hans Christine Taylor gestaleikarar í hinni geysivinsælu þáttaröð Friends. Ben Stiller leikur í gamanmyndinni Meet The Fockers sem er sýnd á STÖÐ2 BÍÓ í kvöld kl. 18.00

VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HORFÐI Á BRESKA KRIMMA

Geðþekk illmenni og örlagavaldar

Ég átti von á að Lögmál Murphys með þeim vinsæla leikara James Nesbitt væri að klárast í fyrrakvöld. Málin stóðu þannig í þessum harkalega og svarta krimma sem James átti reyndar sjálfur upphafið að. Hann var orðinn þreyttur á að leika geðþekka manninn og var kominn svo hátt í vinsældastiganum meðal breskra áhorfenda að honum voru allir vegir færir: Murphy varð til. Í fyrrakvöld lauk samskiptum hans við krimma frá Belfast, tvo bræður, sem voru búnir að hreiðra um sig í miðlöndunum og teknir að tengjast inn í pakistanska glæpahópa þar. Atriði voru svo sannarlega ekki við hæfi barna í þessum þætti þótt óhugnaðurinn væri mestur utan myndar eða í svo miklu myrkri að ekki sást til. Nesbitt er hörkuleikari og kann sitt fag. Ekki voru piltarnir í smærri rullum slakari í ómennskunni sem þarna var í gangi. Það er semsagt meira eftir af flugumanninum Murphy.

Annað fínt stöff úr smiðju Breta er svo endurtekið í kvöld þegar Gatan eftir Jimmy McGovern er sýnd á RÚV: þátturinn fékk Emmy á dögunum og þeir hæla sér mikið í dagskrárkynningum, RÚV-arar yfir þessu. Þegar röðin var frumsýnd var hún hreinlega falin í kynningum. Eins og margt gott stöff er Gatan glæpsamlega seint á dagskrá. Því ræður hálftíma fréttatími sem ýtir öllu inn í nóttina eftir 22.30. Þar eru fréttir á ferð sem má afgreiða á tíu mínútum en fá þrisvar þann tíma. Fyrirtæki í opinberri þjónustu á ekki að flytja sitt besta efni þegar allir eru að ganga til hvílu. Og Gatan er frábærlega unnið efni og það á ekki að grafa bak við endurtekna langhunda frá fréttastofu sjónvarps, veður, kynningartreilera, uppfyllingar og íþróttafréttir sem hægt er að leggja á netmiðla jafnharðan.

JAMES NESBITT ER MURPHY Í ÞÁTTARÖÐ Á RÚV

EKKI MISSA AF

17.50 American Dad SIRKUS

20.00 Touching The Void STÖÐ 2 BÍÓ

21.00 House SKJÁR EINN

21.05 Til Death STÖÐ 2

21.30 Klovn SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Prinsinn af Bengal (1:3) e.
18.00 Stundin okkar e.
18.30 Svona var það (17:22) (That 70's Show) e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 07/08 bíó leikhús Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu.
20.45 Bræður og systur (23:23) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
21.30 Trúður (9:10) (Klovn) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
22.00 Tíufréttir
22.25 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
23.10 Gatan (1:6) (The Street) e.
00.10 Kastljós e.
00.45 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Touching the Void
08.00 Dirty Dancing. Havana Nights
10.00 Steel Magnolias
12.00 Meet the Fockers
14.00 Dirty Dancing. Havana Nights
16.00 Steel Magnolias
18.00 Meet the Fockers
20.00 Touching the Void Touching the Void er átakanleg og sönn saga tveggja fjallaklifrara sem lentu í skelfilegum hremmingum á leiðinni á topp Siula Grande í Perú.
22.00 Back in the Day
00.00 Bookies
02.00 From Dusk Till Dawn 2. Texas
04.00 Back in the Day

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir 07:25 Tommi og Jenni 07:50 Kalli kanína og félagar
08.15 Studio 60 (21:22)
08.55 The Bold and the Beautiful
09.15 Í fínu formi
09.30 Wings of Love (99:120)
10.15 Homefront (8:18) (e)
11.15 Veggfóður - LOKAÞÁTTUR (5:7)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Wings of Love (21:120)
13.55 Wings of Love (22:120)
14.40 Pirate Master (12:14)
15.30 Heima hjá Jamie Oliver (2:13)
15.55 Nornafélagið
16.18 Sabrina - Unglingsnornin
16.43 Doddi litli og Eyrnastór
16.53 Doddi litli og Eyrnastór
17.03 Magic Schoolbus
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
19.25 The Simpsons (14:22) (e)
19.50 Friends 4 (12:24)
20.15 Back To You (2:13) Spánnýr og sprenghlægilegur gamanþáttur með Kelsey Grammer úr Frasier og Staupasteini og Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond. 2007.
20.40 Two and a Half Men (21:24)
21.05 Til Death (21:22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum. 2006.
21.30 Numbers (13:24) 2006.
22.15 Silent Witness (10:10) 2006. Bönnuð börnum.
23.10 Damages (12:13)
23.55 Tremors 4: The Legend Begins
01.35 Cold Case (19:23)
02.20 Silent Witness (10:10)
03.15 Numbers (13:24)
04.00 Back To You (2:13)
04.25 Til Death (21:22)
04.50 The Simpsons (14:22) (e)
05.15 Fréttir og Ísland í dag
06.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 Arsenal - Tottenham
14.50 Arsenal - Tottenham
16.30 Spænska bikarkeppnin
18.10 PGA Tour 2008- Hápunktar Öll helstu atriðin á PGA mótaröðinni skoðuð.
19.05 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
19.30 Inside Sport
20.00 World's Strongest Man 2007 Útsending frá Sterkasta manni heims en meðal keppenda var fulltrúi okkar Íslendinga, sjálfur Boris.
20.30 Utan vallar (Umræðuþáttur) Glænýr vikulegur umræðuþáttur úr smiðju Sýnar þar sem íþróttafréttamenn stöðvarinnar taka á því helsta sem er að gerast hverju sinni í íþróttunum hér heima. Góðir gestir koma í heimsókn og málefni líðandi stundar eru krufin til mergjar.
21.10 Cristiano Ronaldo (Cristiano Ronaldo "My life") Glæsilegur heimildarþáttur um einn besta knattspyrnumann heims í dag.
22.00 NFL - Upphitun
22.30 Heimsmótaröðin í póker 2007
23.25 Spænska bikarkeppnin

SÝN 2

16.25 Liverpool - Wigan (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Liverpool og Wigan sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.
18.05 Man. Utd. - Birmingham (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. Utd og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
19.45 Premier League World
20.15 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
20.45 PL Classic Matches
21.15 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
22.15 Arsenal - West Ham (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Arsenal og West Ham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram þriðjudaginn 1. janúar.
23.55 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

SKJÁREINN

07.00 Ertu skarpari en skólakrakki? (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.00 Vörutorg
17.00 7th Heaven (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Dýravinir (e)
19.30 According to Jim (e)
20.00 The Office (4:25) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael kemst að því að forveri hans í starfi er látinn og þvingar starfsfólkið til að fást við sorgina.
20.30 30 Rock (17:21) Jack útvegar bróður sínum (Nathan Lane) vinnu við þáttinn á sama tíma og Liz þarf að fækka í starfsliðinu. Tracy leitar hjálpar hjá Kenneth í andlegum málum.
21.00 House (19:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House sinnir sex ára stelpu sem er með veikindi sem oftast hrjá bara gamalmenni. Ástand hennar versnar til muna á meðan House og hans lið reynir að leysa ráðgátuna.
22.00 C.S.I: Miami (11:24) Þegar hryðjuverkakonunni Sonya Barak er sýnt banatilræði leggur hún á flótta og Horatio reynir að góma hana, bæði til að vernda hana og koma henni bak við lás og slá.
23.00 The Drew Carey Show
23.25 Canada's Next Top Model (e)
00.25 Victoria's Secret Fashion Show 2007 (e)
01.20 The Boondocks (e)
01.45 NÁTTHRAFNAR
01.45 C.S.I: Miami
02.30 Ripley's Believe it or not!
03.15 The World's Wildest Police Videos
04.05 Vörutorg
05.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.15

Back To You

Sprenghlægilegur gamanþáttur með Kelsey Grammer úr Frasier og Staupasteini og Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond. Grammer leikur hér vinsælan og óþolandi sjálfumglaðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina, þar sem enn starfar sem fréttalesari gamla kærastan og barnsmóðir hans, leikin af Heaton. Þættirnir koma úr smiðju höfunda Frasier og Friends.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Utan vallar

SÝN kl. 20.30

Glænýr vikulegur umræðuþáttur úr smiðju Sýnar þar sem íþróttafréttamenn stöðvarinnar taka á því helsta sem er að gerast hverju sinni í íþróttunum hér heima. Góðir gestir eru fengnir í heimsókn og málefni líðandi stundar krufin til mergjar. Umdeild mál rædd í beinni útsendingu en áhorfendum gefst kostur á að vera með í umræðunni.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Stúlka með fingur
15.30 Dr. RÚV
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Seiður og hélog
19.27 Með á nótunum
21.20 Smávinir fagrir, foldarskart
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Hver vegur að heiman...
23.10 Krossgötur
00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (98:260)
16.30 Hollyoaks (99:260)
17.00 Talk Show With Spike Feresten (2:22) (e)
17.25 The War at Home (10:22) (e)
▶ **17.50 American Dad 3**
18.15 Wildfire (4:13)
19.00 Hollyoaks (98:260)
19.30 Hollyoaks (99:260)
20.00 Talk Show With Spike Feresten (2:22) (e)
20.25 The War at Home (10:22) (e)
20.50 American Dad 3 (e) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans.
21.15 Wildfire (4:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
22.00 Gossip Girl (1:22) Einn heitasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007.
22.45 Grey´s Anatomy (10:22) Fjórða sería þessa vinsælata dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. 2007.
23.35 The Closer (6:15) Bönnuð börnum.
00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Hrafnaþing Þingfundir eru handan við hornið. Ráðherrar Samfylkingarinnar virðast vera aðalrokkararnir á ballinu meðan íhaldið situr sem fastast.
21.00 Mörður Mörður Árnason og Karl Birgisson velta fyrir sér framhaldinu í henni Ameríku eftir að frú Hillary grét sig til sigurs í granít-ríkinu.
21.30. Hvernig er heilsan? Nýr þáttur Guðjóns Bergmanns, sem mun vekja stóraathygli með heimsóknum lækna og annarra lýðheilsustarfsmanna.

DR 1

11.00 TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Hvad er det værd **13.20** Jobhop **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Kim Possible **16.00** Barda **16.30** Fandango med Chapper og Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **20.55** Billy Madison **22.20** Blind Justice **23.00** Boogie Update **23.30** Magtens Korridorer - fra hesteludere til rockidoler

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.10** Migrapolis **11.40** Helleristerne **12.40** 'Allo, 'Allo! **13.15** Vinbaronen **14.00** Fabrikken **14.30** Fjortis **15.00** Hannah Montana **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Verdensarven **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv: Kárenina **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.05** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Krafttaket **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen **21 20.30** Sørgekåpen **21.30** Uti vår hage **2 22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Urix **22.50** Livets porto **23.40** Spionskolen **0.35** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Vid Ladogas stränder **13.05** Atlantens outforskade vildmark **14.05** Sofia Karlsson **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Stockholm International Horse Show **17.00** Den lilla renen **17.25** Dagens visa **17.30** Vinter i Svingen **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Vrakletarna **20.30** Northanger Abbey **22.05** Retreat - den raka vägen **23.00** Rapport **23.10** Kulturnyheterna **23.20** Out of Practice **23.45** Sändningar från SVT24

Verið tilbúin á nýju ári!

Allt fyrir skrifstofuna og heimilisbókhaldið til að skipuleggja nýja árið.

Framkvæmdabókin 2008.
Miklu meira en dagbók.

Verð: 1.995 kr.

Pennadagbækurnar sívinsælu, nýir litir.
Gormuð.

Verð: 1.060 kr.

Bréfabindi, 70mm, A4.
Blá, svört og rauð.

Almennt verð: 380 kr.
Tilboðsverð: 198 kr.

Millispjöld.
Esselte.

Almennt verð frá: 220 kr.
Tilboðsverð frá: 169 kr.

Leitz 180° bréfabindi með plastvasa og teygju.
Þola mikið hnjask og því tilvalin í töskur.

Verð: 1.365 kr.

Ársyfirlit
2008

Verð: 980 kr.

Slider kúlupennar. Skemmtilegir að skrifa með.
Svartir, rauðir, bláir og grænir.



Almennt verð: 240 kr.
Tilboðsverð: 199 kr.

Z blokkir. Blandaðir litir.
Sex í pakka.

Verð: 1.145 kr.

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér hafragraut, banana og lýsi. Ég hef góða stjórn á mér á morgnana en svo leyfi ég mér annað seinna um daginn.“

Kenya Emil söngkona.

Tommy Lee vill forsetasvítu og kampavín

Forsetasvíta á fimm stjörnu hóteli, herbergisþjónusta allan sólarhringinn, eðalkampavín og Jägermeister er á meðal þess sem rokkarinn Tommy Lee hefur farið fram á þegar hann kemur hingað til lands síðar í mánuðinum. Jafnframt krefst hann þess að fljúga á business class beint frá Los Angeles, auk þess sem hann vill láta aka sér um í eðalvagni með atvinnubílstjóra. Hljóðkerfið á Nasa þar sem hann kemur fram þarf einnig að vera framúrskarandi.

Miðað við sukksamt líferni Tommy Lee í gegnum tíðina kemur það nokkuð á óvart hversu lítið áfengi hann fer fram á, eða einungis tvær flöskur af vodka, kampavíni og Jägermeister. Hvorki romm, gin né viskí er á óskalistanum en þess í stað vill hann hafa nóg af vatni, burn-orkudrykk og ávaxtasafa í kringum sig, bæði á hótelherberginu og á tónleikunum.

Með Tommy í för hingað til lands verða þrír aðilar, þar á meðal plötusnúðurinn Dj Aero. Þeir gista vitaskuld á hefðbundnum hótelherbergjum. Tónleikar Tommy og Dj Aero, sem hafa rokkað saman um heiminn síðustu mánuði, verða haldnir 25. janúar á vegum Jóns Jónssonar og Elect(K)ronik. Miðasalan hefur farið mjög vel af stað og fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða.

ÓSKALISTI TOMMY LEE

- Flug á business class
- Fimm stjörnu hótel
- Forsetasvíta
- Herbergisþjónusta allan sólarhringinn
- Eðalvagn með atvinnubílstjóra
- Framúrskarandi hljóðkerfi
- Cristal kampavín (2 flöskur)
- Jägermeister (2 flöskur)
- Grey Goose-vodki ásamt trönuberja- og appelsínusafa (2 flöskur)
- Burn-orkudrykkur (12 dósir)
- Vatn (16 flöskur)

TOMMY LEE Rokkarinn Tommy Lee vill eðalkampavín og Jägermeister meðan á dvöl hans á Íslandi stendur.



LÁRÉTT 2. hland **6.** óreiða **8.** samræði **9.** af **11.** nafnorð **12.** heilan **14.** lægsta hitastig **16.** í röð **17.** skel **18.** kæla **20.** kringum **21.** sæla.

LÓÐRÉTT 1. hljóta arf **3.** 999 **4.** sýndu fram á **5.** sjáðu **7.** niðurstaða **10.** fiskur **13.** keyra **15.** veikja **16.** tugur **19.** tvíhljóði.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. þiss, **6.** rú, **8.** mök, **9.** frá, **11.** no, **12.** allan, **14.** alkul, **16.** tu, **17.** aða, **18.** isa, **20.** um, **21.** unun.

LÓÐRÉTT: 1. erfa, **3.** im, **4.** sönnuðu, **5.** sko, **7.** úrlausn, **10.** áll, **13.** aka, **15.** lama, **16.** tíu, **19.** au.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Dr. Yngvi Björnsson
2. Kristinn Björnsson
3. Kim Anderson

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

JÓNAS FREYDAL: ÞORVALDARVERKIN SELD AFTUR TIL FRAKKLANDS

Íslenska þjóðin svikin um mikil menningarverðmæti

„Þetta nær þá ekki lengra. Ég hef ekki heyrt í fólkinu í fleiri vikur og get ekki skilið það öðru vísi en þau hafi ekki áhuga á gjöfinni. Ég er með franskan kaupanda að safninu og læt það að mestu bara fara þangað,“ segir Jónas Freydal athafnamaður.

Fyrir tæpum tveimur mánuðum greindi Fréttablaðið frá ævintýralegum listaverkafundi, í raun týndum kafla úr listasögunni, þegar Jónas fann í Frakklandi 121 áður óþekkt verk eftir Þorvald Skúlason. Jónas eignaðist verkin og bauð Listasafni Háskóla Íslands að gjöf 30 af þessum 121 myndum. Honum hefur ekki mætt neitt nema áhugaleysi og hefur ákveðið í ljósi þess að selja verkin aftur til Frakklands.

Jónas telur um stórfjársjóð að ræða og merkan listaverkafund. „En ég sé að þeir hjá Þorvaldssafninu í Háskóla Íslands eru mér ósammála. Því ákvað ég að ganga að tilboði fransks listaverkahöndlara,“ segir Jónas. Um mun vera að ræða mann sem sérhæfir sig í myndum eftir Gromaire sem kenndi Þorvaldi í Frakklandi.

Jónas Freydal hefur lengi höndlað með listaverk og stúderað myndlist en er þekkastur sem annar sakborninga í stóra fölsunarmálinu þar sem hann var sýknaður. Hann telur að þótt dómstólar hafi sýknað sig fari því fjarri meðal þeirra sem eru ráðandi í listaverkamálum hér á landi. Og að viðbrögðin við þessum fundi hefðu verið önnur ef um annan en sig hefði verið að ræða – án þess að geta fullyrt þar um. „Já, tel svo vera miðað við það sem ég þekki íslenska listasögu. Ef, segjum, Ólafur Ingi Jónsson forvörður, hefði fundið þó ekki væri nema eina mynd af þessum 121 hefði verið tekið á móti honum með lúðrasveit á Leifsstöð og menntamálaráðherra með blómvönd í fanginu. En það er svona. Mér þykir ægilega leiðinlegt að þetta skyldi fara svona því að mínu viti er verið að hlunnfara íslensku þjóðina um mikla dýrgripi sem varða listasögu hennar.“

JÓNAS VIÐ EITT VERKANNA Jónas Freydal telur fullvíst að þjóðin og Þorvaldur séu látin gjalda fyrir áviðingar í hans garð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jónas furðar sig á almennu áhugaleysi en enginn fjölmiðill hefur fjallað um fundinn nema Fréttablaðið. Hann telur það hljóta að tengjast fölsunarmálinu þrátt fyrir sýknun. „RÚV er líklega með slæma samvisku vegna ósanninda um mig í fréttaflutningi af því máli. Eins og fyrirsögnin Alkyd verður fölsurum að falli. Það hefur enginn svo mikið sem hringt. Ekki listfræðingar, ekki söfnin... enginn. Þannig að mér sýnist augljóst að Þorvaldur og þjóðin eru látin gjalda fyrir einhverjar meintar meiningar um Freydal. Sem er skelfilegt.“

Ekki náðist í Auði Ólafsdóttur, safnstjóra Listasafns Íslands. En í bréfi til Jónasar dagsettu 5. desember segir hún fyrirhugað að ræða á fundi stjórnar safnsins 12. desember „veglegt gjafatilboð þitt [Jónasar] og hugsanleg kaup á verki/verkum eftir Þorvald Skúlason“.

Eftir þann fund virðist hins vegar allt hafa setið fast. Í stjórn safnsins sitja Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við félagsvísindadeild, Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, fulltrúi gefenda og Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands. Hjálmar staðfestir að stjórnin hafi tekið erindi Jónasar til afgreiðslu en vill ekki tjá sig um málið. Hann vísar á Auði eða Sigrúnu formann en ekki tókst heldur að ná í hana við vinnslu fréttarinnar.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þrátt fyrir að hafa átt að hefja störf hjá Glitni um áramótin verður íþróttafréttamaðurinn **Geir Magnússon** fulltrúi Ríkissjónvarpsins á Evrópumótinu í handbolta í Noregi í næstu viku. Þetta verður væntanlega síðasta stórmót Geirs og því ljóst að hann fær þarna kjörið tækifæri til að ljúka dvöl sinni á RÚV með stæl. Geir hefur fylgt strákunum okkar í gegnum súrt og sætt í gegnum árin en vonandi verða vonbrigðin ekki gleðinni yfirsterkari í þetta hinsta sinn.



Á opinberri heimasíðu **Bjarkar Guðmundsdóttur**, bjork.com, er greint frá þeim sorglegu tíðindum að loka eigi barnum Sirkus við Klapparstíg í næsta mánuði. Björk, sem hefur af og til spilað þar sem plötusnúður, tók upp hluta af myndbandi sínu við lagið Triumph Of A Heart á staðnum. Grætur hún því vafalítið örlög hans rétt eins og vinir hennar í Sykurmolunum sem voru þar tíðir gestir í byrjun tíunda áratugarins þegar staðurinn hét N1.

Aron Pálmi Ágústsson, sem starfar nú sem íssölumaður í Kópavogi, og **Sigurður Pétursson**, ísmaðurinn ógurlegi sem drepur ísbirni með berum höndum, urðu efstir og jafnir í skoðanakönnun á heimasíðu útvarpsstöðvarinnar X-ins á íslenska „útlendingi“ ársins. Hlutu þeir tíu atkvæði hvor en í bráðabana var það Aron Pálmi sem bar sigur úr býtum.

Aron er vel að sigrinum kominn enda hefur hann náð að festa sig vel í sessi hér á landi eftir vægast sagt erfiða dvöl í Bandaríkjunum.

- fb

Meðferðin á Jóni algjört rugl

Meðferð Borgarleikhússins á leiklistargagnrýnandanum Jóni Viðari Jónssyni hefur vakið mikla athygli, enda þykir mörgum allharkalegt að hegna gagnrýnanda með því að taka hann út af frumsýningarboðslista. Þessi meðferð er þó ekkert miðað við það þegar kvikmyndagagnrýnanda DV árið 1995, Gísla Einarssyni, var hreinlega meinaður aðgangur að öllum bíósölum Sambíósins.

„Þegar það komu stórmyndir frá Hollywood mátti hreinlega ekki skrifa illa um þær,“ segir Gísli, sem starfrækir spila- og teiknimyndabúðina Nexus í dag. „Mér var ekkert tilkynnt um þetta bann heldur bara neitað um inngöngu einn daginn. Seinna róuðu þeir sig aðeins og hleyptu mér inn, en ég fékk ekki ókeypis eins og áður. Það sem mér fannst leiðinlegast í þessu máli var að DV bakkaði mig ekkert upp. Þáverandi ritstjóri hafði engan áhuga á málinu og gerði ekkert í því. Þess vegna hætti ég einfaldlega að gagnrýna stuttu eftir þetta.“

Gísli segir að fleirum hafi verið úthýst úr Sambíóunum vegna neikvæðra skrifa um stórmyndir. „Ásgrímur Sverrisson fékk sömu meðferð og Páll Óskar held ég. Svo var Stjörnubíó líka með læti og setti nokkra út af sakramentinu. Ég held nú að svona lagað viðgangist ekki í dag og ég tók þessu aldrei persónulega. Ég er í fínu samstarfi við Sambíóin í dag.“

Meðferðin á Jóni Viðari finnst Gísla algjört rugl. „Annaðhvort er öllum gagnrýnendum boðið eða engum, svo einfalt er það í mínum huga. Það er fáránlegt að bjóða bara þeim sem eru bíóunum og leikhúsunum þóknanlegir. En svo er það önnur umræða hvort það sé yfir höfuð sjálfgefið að gagnrýnendum sé boðið á sýningar.“ - glh

ANNAÐHVORT ER ÖLLUM BOÐIÐ EÐA ENGUM Gísli Einarsson var í banni frá Sambíóunum.

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

Jakkaföt

Stærðir: **42-64**

Verð áður: **9900.-**

6990.- VERÐ NÚ

Hettupeysur

Stærðir: **XXS-L**
Dömu og herra

Verð áður: **2990.-**

1990.- VERÐ NÚ

Dömu gallabuxur

Stærðir: **25-46**

Verð áður: **18990.-**

1990.- VERÐ NÚ

Herra gallabuxur

Stærðir: **25-46**

Verð áður: **18990.-**

1990.- VERÐ NÚ

Úlpur

Stærðir: **XXS-XL**
Dömu og herra

Verð áður: **4990.-**

2990.- VERÐ NÚ

ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!

Frábært úrval af DOCKERS **buxum í öllum stærðum og litum frá aðeins** 990 krónum**!**

Strigaskór

Stærðir: **36-46**

Verð áður: **2999.-**

999.- VERÐ NÚ

Kvenskór

Stærðir: **36-41**

Verð áður: **2999.-**

999.- VERÐ NÚ

Gönguskór

Stærðir: **36-46**

Verð áður: **3999.-**

1999.- VERÐ NÚ

Kuldaskór

Stærðir: **40-46**

Verð áður: **6999.-**

3999.- VERÐ NÚ

Gönguskór

Stærðir: **28-39**

Verð áður: **2499.-**

999.- VERÐ NÚ

Kuldaskór

Stærðir: **36-41**

Verð áður: **7999.-**

4999.- VERÐ NÚ

FAXAFENI 10
S. 534 4450

ísprís | græn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Fjúkandi jólatré

Nú er þynnkutíð. Það er luntur í mannskapnum. Jólaskrautið er komið ofan í kassana. Allt orðið dimmt á ný. Allsnakin jólatré fjúka um göturnar, fyrrum gullbryddað og ljósumvafið stofustáss, nú úrgangur. Jæja, þau verða þó að minnsta kosti að moltu, reyni ég að hugsa uppbyggilega og segi syni mínum á leið í leikskólann að jólatrén endi niðurkurluð í göngustíg ef þau verða heppin. Ég hugsa samt heimspekilega með sjálfum mér að örlög jólatrjánna séu eins og örlög manns sjálfs. Við eigum okkar tíma í gleðskapnum en endum sem molta. Og í sumum er kveikt, af starfsmönnum kirkjugarðanna eða óknyttastrákum.

SAMT er gott að fólk hefur eitthvað til að stefna að nú þegar glaðlegri ofgnótt jólanna sleppir. Það helst að brenna af sér belginn og borga niður jólavísað. Hmm, ætti ég að skipta reikningnum í þrjá mánuði eða fjóra? hugsar maður í myrkrinu og bætir við (ekki ósvipað og á sama tíma í fyrra): djöfull ætla ég að standa mig í fjármálunum þetta árið og láta þetta ekki endurtaka sig um næstu jól.

Á þessum tímapunkti, eins og ávallt þegar peningahugsanir eru of fyrirferðarmiklar, er eins og ævi manns opinberist. Það sem maður á ólifað birtist eins og excel-skjal og það er ófögur sýn: Endalaust hark til að borga niður reikninga. Síðasti greiðsluseðillinn af íbúðinni kemur inn um lúguna árið 2044, krónur 3.700.000 með vöxtum og verðbótum.

EINS og segir í dægurlagi eftir Pál Óskar á maður bara eitt líf sem ber að njóta í botn því maður fær ekki annað tækifæri. Fáir halda því fram að maðurinn sé eilífðarvél með endalaus líf í bakhöndinni, hvað þá að peningalaus himnavist bíði manns með tilheyrandi afslappelsi. Þegar þetta liggur fyrir fer maður að íhuga leiðir út úr excel-skjalinu. Búferlaflutningur til afskekktrar eyju í Kyrrahafinu virðist vænlegur kostur. Maður fer jafnvel að skoða fasteignaauglýsingar á Puka Puka á netinu.

ÞETTA ástand varir sem betur fer ekki lengi. Fjúkandi jólatrén eru tínd upp eitt af öðru og greiðsluþjónustan sér um vísað. Einn daginn fattar maður svo að daginn er farið að lengja allverulega. Ef maður dregur andann nógu djúpt má jafnvel finna lykt af vori. Örlitla lykt af vori en það er nóg.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 10. janúar, 10. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11:07	13:35	16:04
Akureyri	11:15	13:20	15:24

Heimild: Almanak Háskólans